# FRÉTTABLAÐIÐ

49. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 27. FEBRÚAR 2019


# Bankastjórum Seðlabankans fjölgað í fjóra

**Gert ráð fyrir einum seðlabankastjóra og þremur varabankastjórum. Einn fer með peningamál, annar með fjármálastöðugleika og þriðji með fjármálaeftirlit við sameiningu bankans og FME.**

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands verður skipaður fjórum bankastjórum samkvæmt drögum að frumvarpi um breytingar á lögum um Seðlabankann sem nú liggur fyrir. Þannig verður einn aðalseðlabankastjóri og þrír varabankastjórar, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Í stað núverandi fyrirkomulags, þar sem er einn aðstoðarseðlabankastjóri, er því gert ráð fyrir þremur varabankastjórum sem munu skipta með sér verkum. Í frumvarpinu er lagt til að einn fari með peningamál, annar beri ábyrgð á fjármálastöðugleika og þriðji varabankastjórinn verði yfir fjármálaeftirliti innan sameiginlegrar stofnunar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins (FME).

Frumvarpið verður rætt á fundi ráðherranefndar um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins á morgun, fimmtudag, samkvæmt heimildum Markaðarins. Verði frumvarpið samþykkt þegar það verður lagt fyrir Alþingi er áætlað að breytingarnar muni taka gildi 1. janúar á næsta ári.

Sérstök verkefnisstjórn, sem heyrir undir ráðherranefndina, hefur síðustu mánuði meðal annars unnið að fyrrnefndu frumvarpi um breytingar á lögum um Seðlabankann en tilkynnt var um það í október að hafin væri vinna við að sameina Seðlabankann og FME.

**» Með sameiningu FME og Seðlabankans á að koma á fót einni stofnun með heildarsýn á hagkerfið.**

Markmið stjórnvalda með sameiningu Seðlabankans og FME er að koma á fót einni öflugri stofnun sem hafi heildarsýn á hagkerfið. Þannig verði betur tryggt eftirlit og skilvirkni við framkvæmd fjármálaeftirlits og þjóðhagsvarúðar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sem hefur margsinnis ítrekað mikilvægi slíkrar sameiningar, sagði í síðustu úttekt sinni á stöðu efnahagsmála á Íslandi að nú væri kominn tími til „aðgerða í stað umræðna“.

Sendinefnd sjóðsins sagði í yfirlýsingu sinni í september 2018 að það væru ýmsir kostir við að sameina allt eftirlit með fjármálageiranum, þrautavaralánveitingum og verkefnum skilavalds í Seðlabankanum. Það myndi meðal annars auka samlegðaráhrif og koma í veg fyrir óþarfa skörun verkefna.

Búið er að auglýsa stöðu seðlabankastjóra en umsóknarfrestur er til 25. mars. Nýr seðlabankastjóri verður skipaður 20. ágúst en þá rennur út skipunartími Más Guðmundssonar. **– hae**




Veitingamenn í borginni sammælast um að hart sé í ári. Umtalsverður samdráttur hjá mörgum veitingastöðum í miðbænum í fyrra. Fjöldi veitingastaða til sölu. Nánar er fjallað um málið í Markaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Malasískur risi horfir til Íslands

**VIÐSKIPTI** Dótturfélag malasísku fyrirtækjasamsteypunnar Berjaya Corporation, sem var stofnað af milljarðamæringnum Vincent Tan, eiganda Cardiff City, er að ganga frá kaupum á fasteigninni að Geirsgötu 11 á Miðbakka við Gömlu höfnina fyrir um 1.700 milljónir króna.

Seljendur eru Fiskitangi og Útgerðarfélag Reykjavíkur sem eru að stærstum hluta í eigu Guðmundar Kristjánssonar útgerðarmanns.

Félagið segir kaupin tækifæri til að hefja fjárfestingar, svo sem á sviði fasteignaþróunar og hótelstarfsemi, á Íslandi. **– kij / sjá Markaðinn**

## WOW samdi við leigusala

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn WOW air gengu undir lok síðustu viku frá samkomulagi við leigusala flugfélagsins, samkvæmt heimildum Markaðarins. Með samkomulaginu hefur síðasta skilyrðinu sem stendur í vegi fyrir fjárfestingu Indigo Partners í félaginu verið fullnægt. **– hae, kij**






## Veður




Suðaustlæg átt, 8-13 m/s og stöku skúrir eða slydduél S- og V-lands, en annars hægara og bjart með köflum. Hiti 0 til 6 stig, mildast syðst. **SJÁ SÍÐU 16**

# Umfangsmikil leit að manni í Ölfusá



**Um hundrað björgunaraðilar leituðu að ökumanni bíls sem talið er að endað hafi í Ölfusá í fyrrakvöld. Brak úr bíl fannst á árbakkanum. Leit hafði ekki borið árangur þegar blaðið fór í prentun en henni verður fram haldið í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri ljósmyndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Brottvikningin var ólögmæt

**DÓMSMÁL** Brottvikning Heiðveigar Maríu Einarsdóttur úr Sjómannafélagi Íslands var ólögmæt. Félagsdómur kvað upp dóm þess efnis í gær og dæmdi félagið til að greiða 1,5 milljón króna í sekt í ríkissjóð.



**Heiðveig María Einarsdóttir.**

Heiðveig hafði hug á að bjóða sig fram sem formann félagsins en trúnaðarmannaráð vék henni úr félaginu þar sem það taldi að hún hefði unnið gegn hagsmunum þess.

Í dómnum kemur fram að með þessu hafi lýðræðislegar grunnreglur stéttarfélaga verið þverbrotnar og skýr ásetningur hafi verið um að fella rétt Heiðveigar niður . **– jóe**

## Ofsaveður austan- og sunnanlands

**VEÐUR** Ofsaveður gekk yfir Norðaustur-, Austur- og Suðurland í gær. Sterkustu vindhviðurnar voru um og yfir fimmtíu metra á sekúndu.

Vegum var víða lokað og höfðu viðbragðsaðilar í nógu að snúast við að festa lausa muni í veðurofsanum. Alls voru um hundrað björgunarsveitarmenn kallaðir út allt frá Vopnafirði til Eyrarbakka.

Samgöngur á landi voru ekki þær einu sem röskuðust því hið sama átti við um innanlandsflug. Þá létu bílrúður undan barningnum og vegklæðning við Almannaskarðsgöng í Lónssveit flettist af.

Veðrið gekk niður í nótt en búist er við næsta hvassviðri sunnanlands á morgun. **– jóe**

## Hnífamaður rauf skilorð

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem lögregla handtók á skemmtistaðnum Dubliners um helgina var yfirheyrður á mánudag. Hann hafði áður ógnað starfsfólki á hóteli Radisson með hnífi, auk þess að stela þar áfengi og öðru smálegu.

Guðmundur Páll Jónsson, lögreglufulltrúi, segir að maðurinn hafi rofið skilorð með framferði sínu og því verið fluttur á Hólmsheiði. Þar mun hann afplána tvo mánuði af eldri dómi. Dómur vegna atvikanna í miðbænum í fyrrakvöld mun svo bætast við þá refsingu.

Guðmundur Páll segir, spurður hvort yfirheyrsla hafi varpað ljósi á meiningar mannsins, að hann hafi einfaldlega verið í vímuefna- og ölvunarástandi. **– bg**




# Kjötið þjappar saman Framsóknarmönnum

**„Það þarf stundum eitt mál til að sætta þessa gömlu fjandmenn segir í ljóði," segir fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins. Fullyrðir að raðir innan flokksins séu að þéttast eftir erfiðan klofning Sigmundar Davíðs úr Framsókn.**

**LANDBÚNAÐARMÁL** Framsóknarflokkurinn hefur ekki gefið það út hvort flokkurinn muni styðja frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar landbúnaðarráðherra um innflutning á hráu kjöti. Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins og samgönguráðherra, sagði á þingi í gær að Framsóknarmenn muni bregðast við málinu af hörku og það eigi að leita allra leiða til þess að verja sérstöðu Íslands á sviði landbúnaðarmála.

Flokkurinn hélt fund á Hótel Sögu í síðustu viku um hrein matvæli og heilbrigði dýra. Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra og formaður Framsóknarflokksins, segir fundinn hafa þétt raðirnar í flokknum í andstöðu við frumvarpið og skapað samstöðu sem flokkinn hefur vantað í kjölfar klofnings flokksins fyrir einu og hálfu ári síðan.

Daginn fyrir fundinn var frumvarpið sett í samráðsgátt stjórnvalda en frumvarpið heimilar innflutning á hráu kjöti og eggjum frá löndum innan EES. Kristján Þór sagði í síðustu viku að stjórnvöld hafi ekki átt annarra kosta völ í kjölfar dóma Hæstaréttar og EFTA-dómstólsins.

„Við Framsóknarmenn teljum að nauðsynlegt sé að bregðast við af talsverðri hörku í málinu en það getur verið að við þurfum einfaldlega að horfa á þetta sem tvö mál," sagði Sigurður Ingi. Annars vegar sé að bregðast við dómunum og hins vegar að verja sérstöðu Íslands þegar kemur að heilsu búfjár og sjúkdómastöðu. „Evrópusambandið hefur ekki léð máls á að skilja þann hluta málsins og ég tel að við eigum að taka það upp og gera samhliða."



**Kjöt virðist ætla að lappa upp á laskaða Framsókn.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Við Framsóknarmenn teljum að nauðsynlegt sé að bregðast við af talsverðri hörku í málinu.**
>
> Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra



Guðni segir frumvarpið uppgjöf og það þurfi að fara lengra með málið. „Forsendurnar eru breyttar frá því ég var ráðherra og barðist gegn þessu. Þá var verið að tala um gin- og klaufaveiki, í dag erum við að tala um eitruð matvæli. Kjöt sem er svikin vara og veldur skaða," segir Guðni. „Þetta á ekki að vera neitt álitamál. Mér finnst að ríkisstjórnin ætti að taka málið upp á vettvangi EES. Þar eru greinilega fyrirvarar sem snúa að dýraheilsu og dýravernd."



**Guðni Ágústsson.**

Varðandi stöðuna í flokknum segir Guðni klofning Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar úr flokknum og átök hans og Sigurðar Inga hafa haft sín áhrif. Flokkurinn sé hins vegar að þétta raðirnar með andstöðu við frumvarpið. „Það þarf stundum eitt mál til að sætta þessa gömlu fjandmenn, segir í ljóði. Þá dó barn. Stundum þarf það til svo menn þjappist saman og sjái sína hagsmuni." **arib@frettabladid.is**




**Endalaust Internet fyrir 6.990 kr. á mánuði***

Uppsetning innifalin

Kláraðu málið á **vodafone.is**, í síma **1414** eða komdu við í næstu verslun.

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone

Hluti af sýn

*Aðgangsgjald og netbúnaður ekki innifalið í verði.

# Boðað til fundar í flokksráði Miðflokksins í mars

**STJÓRNMÁL** Flokksráð Miðflokksins kemur saman 30. mars í Suðvesturkjördæmi. Það var Birgir Þórarinsson, einn þingmanna flokksins, sem óskaði eftir fundi í flokksráði í því skyni að stokka upp í skipan trúnaðarstarfa í þingflokknum.

Miðflokkurinn virðist annars hafa mikinn vind í seglin þrátt fyrir að enn sé stutt liðið frá fjaðrafokinu í kringum upptökurnar á Klaustri. Unnið er að stofnun ungliðahreyfingar í flokknum, „UNGIR X-M“ og mun hreyfingin funda í fyrsta sinn um komandi helgi.

Þá bættust tveir nýir þingmenn við þingflokk flokksins í gær, Ólafur Ísleifsson og Karl Gauti Hjaltason. Var þingflokkurinn áberandi í þingstörfum í gær. Röðuðu allir níu þingmenn flokksins sér á mælendaskrá í umræðu um frumvarp fjármálaráðherra um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum og gjaldeyrismál.

Aðrir þingmenn blönduðu sér lítt í umræðuna en þó kom til snarpra orðaskipta milli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og Smára McCarthy, þingmanns Pírata, en sá síðarnefndi lýsti efasemdum um heilindi þingmanna Miðflokksins í umræðu um málið.

Sigmundur Davíð brást illa við ummælum þingmannsins og sagði Smára fara með meiðyrði og eðlilegt væri að vísa ummælunum til siðanefndar þingsins.

Þingmenn Miðflokksins voru enn að ræða frumvarpið í þingsal þegar blaðið fór í prentun. **– aá**



**Þingflokkur Miðflokksins styrktist um tvo menn í gær þegar Ólafur Ísleifsson og Karl Gauti Hjaltason gengu til liðs við flokkinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Frá bændum til Arion banka

**VIÐSKIPTI** Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna frá árinu 2013, lætur af störfum í mars. Hann tekur við starfi sem svæðisstjóri Arion banka á Vesturlandi og lætur af öllum trúnaðarstörfum fyrir samtökin.



**Sindri Sigurgeirsson.**

Þetta kemur fram á vef Bændasamtaka Íslands. Þar er haft eftir Sindra að hann hafi unnið að málefnum bænda í um 20 ár. „Þau sex ár sem ég hef verið formaður Bændasamtakanna hafa verið annasöm og krefjandi en umfram allt skemmtilegur tími. Oft hefur blásið hressilega á móti í umræðu um landbúnaðarmál en alltaf er jafn ánægjulegt að sjá hvað velvild almennings er mikil gagnvart íslenskum bændum.“

Varaformaður Bændasamtakanna tekur við af honum, Guðrún Tryggvadóttir, bóndi í Svartárkorti í Bárðardal í S-Þingeyjarsýslu. Guðrún er menntaður kennari en starfandi bóndi. Hún er fyrsta konan til að gegna formennsku í heildarsamtökum bænda á Íslandi. **– smj**

# Segir fjármálaráðherra tala niður til verkafólks í landinu

**Formaður Framsýnar á Húsavík segir stöðuna í kjaramálum þannig að ráðherrar og deiluaðilar þurfi að hittast og finna lausnir. Fari fram sem horfir geti deilan orðið nánast óleysanleg. Hann segir málflutning fjármálaráðherra olíu á eldinn. Fyrsti fundur SGS og SA á vettvangi ríkissáttasemjara verður í dag.**

**KJARAMÁL** „Það verður að koma í ljós hvort þessi fundur hafi einhvern tilgang eða ekki. Eins og staðan er núna þá liggja allar viðræður niðri, líka varðandi sérmálin,“ segir Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar á Húsavík. Fyrsti samningafundur Starfsgreinasambandsins (SGS) og Samtaka atvinnulífsins (SA) eftir að deilunni var vísað til ríkissáttasemjara fer fram í dag.

Aðalsteinn segir að samninganefnd SGS muni hittast eftir fundinn hjá ríkissáttasemjara til að ræða stöðuna og næstu skref. Landssamband íslenskra verslunarmanna mun einnig funda með SA hjá ríkissáttasemjara í dag og þá var deilu iðnaðarmanna og SA formlega vísað til sáttasemjara í gær.

„Ég tel að deilan sé á því stigi núna að þessir aðilar þurfi bara að hittast einhvers staðar og ræða málin. Ef þetta heldur svona áfram verður þetta nánast óleysanlegt,“ segir Aðalsteinn. Stingur hann upp á því að forsætis-, fjármála- og félagsmálaráðherra hitti fulltrúa deiluaðila og finni lausn.

Aðalsteinn segir ummæli Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra í fjölmiðlum undanfarið ekki til þess fallin að leysa deiluna.

„Mér finnst fjármálaráðherra tala gríðarlega niður til verkafólks í landinu. Það er ekkert gert úr vanda og þeirri baráttu sem þetta fólk er að heyja alla daga við að láta enda ná saman. Það er bara bent á einhver meðaltöl og Excel-skjöl.“

Aðalsteinn vísar sérstaklega í þau ummæli Bjarna að láglaunafólk hafi fengið gríðarlegar launahækkanir. „Þetta er allt fólk með 300 þúsund á mánuði. Það er óþolandi að þurfa hlusta á þennan málflutning. Þetta er bara olía á eldinn.“

Ljóst sé að það þurfi að hliðra til varðandi lægstu launin og að til þurfi að koma ákveðnar skattkerfisbreytingar. „Við eigum ekki að vera að eyða einhverjum milljörðum í það að lækka skatta hjá hátekjufólki. Það á að nota það svigrúm sem er til staðar á lægstu launin og búið. Þannig getum við leyst þetta.“

**sighvatur@frettabladid.is**



**Sextán aðildarfélög eru í samfloti SGS en deilunni var vísað til ríkissáttasemjara fyrir helgi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Stemning hjá Eflingu

Félagsdómur mun næstkomandi mánudag taka fyrir mál Samtaka atvinnulífsins gegn Eflingu um lögmæti atkvæðagreiðslu um fyrirhugað verkfall hjá hótelþernum 8. mars. Eflingarfólk hélt sínu striki í gær og keyrt var á milli hótela til að safna saman atkvæðum.

„Þetta hefur gengið mjög vel. Við erum búin að fara á helling af hótelum og höfum stundum verið með tvo bíla í gangi,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

Áfram verði keyrt á milli staða í dag og á morgun en atkvæðagreiðslunni lýkur kl. 22 annað kvöld. „Við erum að ná rosalega vel til þeirra sem munu fara í verkfall 8. mars verði það samþykkt. Hér niðri í Eflingu er allt fullt af fólki. Það eru ýmsir fundir og bara svaka stemning.“

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning**. Það kostar ekkert.



NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN
Innovation that excites




# NISSAN LEAF TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í Evrópu frá fyrstu gerð árið 2010 og nú er ný sending tilbúin til afgreiðslu. Nissan Leaf er með 40 kWh rafhlöðu sem gefur allt að 250 km* raundrægi við íslenskar aðstæður. Nú þarf að bregðast skjótt við til að grípa tækfærið og skipta yfir í grænni lífsstíl á glænýjum Nissan Leaf.

## Ný og fullkomin tækni

**ProPilot** er fyrsta kynslóð tæknibúnaðar frá Nissan í þróun sjálfkeyrandi bíla. ProPilot eykur öryggi í akstri og aðstoðar ökumann við að fylgjast með umferð auk þess sem búnaðurinn getur lagt bílnum í stæði. ProPilot er staðalbúnaður í Tekna.
Með 3G tengingu í LEAF er hægt að stjórna miðstöð, sjá stöðu rafhlöðu, orkunotkun og margt fleira í gegnum Nissan **EV Connect** appið.

**Nissan Leaf. Verð frá 4.490.000 kr.**
Nánari upplýsingar á nissan.is

zero Emission

*Drægi samkvæmt nýjustu WLTP stöðlum er 278 km*. Drægi bíls fer eftir akstursslagi, hitastigi, ástandi vega og ýmsum öðrum þáttum.

ENNEMM / SÍA / NM92451

5 ÁRA ÁBYRGÐ 120.000 KM

WINNER
WORLD CAR AWARDS
2018 WORLD GREEN CAR

Nýr Nissan Leaf var kjörinn
**The World Green Car 2018**
á alþjóðlegu bílasýningunni í New York.

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Endurskoða stjórnsýslu sína eftir Samherjamál

**STJÓRNSÝSLA** Ekki verður hjá því komist að ráðast í heildarendurskoðun á allri stjórnsýslu Seðlabanka Íslands, meðferð mála innan bankans og með hvaða hætti bankinn hefur á umliðnum árum farið með það opinbera vald sem honum hefur verið falið lögum samkvæmt. Á það einkum við um gjaldeyriseftirlit.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í greinargerð Seðlabankans til forsætisráðherra í kjölfar dóms Hæstaréttar í Samherjamálinu svokallaða. Í dómnum felldi Hæstiréttur úr gildi þá ákvörðun bankans að Samherji skyldi greiða fimmtán milljónir króna í stjórnvaldssekt fyrir brot á reglugerðum um gjaldeyrismál.

Forsætisráðherra óskaði eftir greinargerðinni í nóvember á síðasta ári fjórum dögum eftir að umræddur dómur féll. Sérstaklega var óskað eftir því af ráðherra að bankinn gerði grein fyrir því



Már Guðmundsson seðlabankastjóri

**Seðlabankinn hafði gert Samherja að greiða 15 milljónir í sekt vegna brota gegn gjaldeyrisreglum.**

að bankinn hélt meðferð málsins áfram eftir að embætti héraðssaksóknara endursendi honum það í annað sinn.

Í greinargerðinni kemur fram að bankinn telur ekki að um endurupptöku á málinu hafi verið að ræða heldur hafi þetta verið eitt og sama málið í samfellu. Aldrei hafi komið til þess að það hafi verið niðurfellt. – jóe



Bréfum innan einkaréttar hefur fækkað undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Pósturinn hækkar verð

**SAMKEPPNI** Verð á bréfum innan einkaréttar hjá Íslandspósti ohf. (ÍSP) mun hækka um næstu mánaðamót. Frá þessu er greint á heimasíðu fyrirtækisins.

Í fréttinni segir að almenn bréf hækki úr 180 krónum í 195 krónur eða um rúm átta prósent. Þá hækkar magnpóstur úr 126 krónum í 140 krónur eða um rúm ellefu prósent. Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur samþykkt breytinguna.

Það samþykki er athyglisvert fyrir þær sakir að fyrir rétt rúmum þremur mánuðum hafnaði PFS beiðni ÍSP um hækkun einkaréttarbréfa. Árin 2016 og 2017 var afkoma einkaréttar mjög jákvæð og í raun fjarri því að vera í samræmi við afkomu áranna á undan. Þá breytingu má rekja til hagræðis sem hlaust af fækkun dreifingardaga.

Fyrir ári lagði PFS fyrir ÍSP að leggja til nýja gjaldskrá þar sem því hagræði bæri að skila til neytenda. ÍSP óskaði á móti eftir hækkun á gjaldskránni. Henni var hafnað. Hækkunin sem samþykkt var nú er

**Hækkunin er meiri en Póst- og fjarskiptastofnun hafnaði fyrir rúmum þremur mánuðum.**

eilítið meiri en sú sem PFS taldi ekki tilefni til að fallast á í fyrra

ÍSP hefur reglulega óskað eftir hækkunum á gjaldskrá einkaréttar til að mæta tapi sem hlýst af samkeppnisrekstri innan alþjónustu. Afkoma fyrirtækisins á síðasta ári var slæm en ársreikningur hefur ekki verið birtur eftir að aðalfundi fyrirtækisins var frestað skyndilega í síðustu viku. Þá fékk fyrirtækið heimild til að fá allt að 1,5 milljarða í neyðarlán frá ríkinu í fyrra til að forða þroti. Telja verður líklegt að fyrirtækið hefði orðið gjaldþrota árið 2016 ef ekki hefði komið til hins óvænta hagnaðar af einkarétti.

Þrátt fyrir erfiða rekstrarstöðu fann stjórn fyrirtækisins þó svigrúm til að hækka laun forstjóra um 25 prósent, hækka laun sín og greiða starfsmönnum launauppbót. – jóe



Ekki var talin þörf á umhverfismati fyrir 1.700 tonna seiðaeldi á landi á Árskógssandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Óumdeilt að fiskur sleppur úr sjókvíum

**Kröfum náttúruverndarsamtaka og veiðifélaga hafnað í tveimur málum sem varða samtals 1.700 tonna seiðaeldi í kerum á landi á Árskógssandi og í Þorlákshöfn. Úrskurðarnefnd segir þó ekki deilt um að fiskur sleppi úr sjókvíum.**

**UMHVERFISMÁL** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála segir óumdeilt að á Íslandi, líkt og annars staðar, sleppi fiskur úr sjókvíum þrátt fyrir að fylgt sé norskum staðli eða öðrum sambærilegum alþjóðlegum stöðlum enda skilja aðeins net fiskinn frá sjónum í sjókvíaeldi.

Þetta kemur fram í úrskurði nefndarinnar þar sem fjallað er um kæru vegna seiðaeldis Ísþórs á landi í Þorlákshöfn. Kærunni var vísað frá. Nefndin segir að þegar fiskur er í kerum á landi sé komið í veg fyrir að hann sleppi í gegnum fráveitu með grindum á kerum og á frárennsli, auk þess sem frárennslisvatn sé hreinsað.

Kærendur voru Veiðifélag Árnesinga, Náttúruverndarsamtök Íslands og náttúruverndarfélagið Laxinn lifi sem kröfðust þess að ákvörðun Umhverfisstofnunar um að gefa út starfsleyfi fyrir allt að 500 tonna seiðaeldi á ári í Þorlákshöfn yrði afturkölluð.

Úrskurðarnefndin segir að í landeldi sé helst að seiði sleppi ef óhöpp verða við dælingu í brunnbát. „En eðli máls samkvæmt fer slík dæling eingöngu fram þegar seiði hafa náð ákveðinni stærð og eru afhent til brottflutnings. Þá er því ekki saman

**Er því ekki saman að jafna að seiði sleppi, sem ef til vill eru ekki lífvænleg, eða fullvaxta fiskur.**

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

að jafna að seiði sleppi, sem ef til vill eru ekki lífvænleg, eða fullvaxta fiskur,“ segir nefndin.

Kærunum var vísað frá þar sem náttúruverndarsamtökin tvenn ættu ekki aðild að málinu því seiðaeldið væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt Skipulagsstofnun. Það hefði ekki raunhæft gildi fyrir hagsmuni veiðifélagsins að fá leyst úr ágreiningi um starfsleyfið. Veiðifélagið teldi sig eiga aðild að lífríki Ölfusár og vatnasvæði hennar væri stefnt í hættu en þeir hagsmunir væru ekki nógu miklir til að skapa félaginu kæruaðild.

Í kæru veiðifélagsins sagði að það teldi seiðaeldið skapa hættu fyrir villta laxa- og silungastofna, meðal annars með lúsafári, sjúkdómasmiti og erfðaamengun frá erlendum og framandi laxastofni.

„Víst sé að eldisfiskurinn muni dreifa sér í veiðiár á Suðurlandi, Faxaflóa og jafnvel víðar um land og setja þar í hættu laxa- og silungsstofna, svo að ekki sé minnst á stórfellda saur- og fóðurleifamengun í nágrenni eldisstöðvarinnar,“ segir um málsrök veiðifélagsins í úrskurðinum þar sem auk fyrrgreindra atriða um líkindi á að fiskur sleppi er tiltekið að líkur á uppsöfnun næringarefna séu litlar.

Þá hefur úrskurðarnefndin hafnað kröfum Náttúruverndarsamtaka Íslands og náttúruverndarfélagsins Laxinn lifi um að ógilda ákvörðun Skipulagsstofnunar um að eldi á allt að 1.200 tonnum af seiðum á ári á Árskógssandi skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í sama máli var vísað frá sama kæruefni frá Veiðifélagi Fnjóskár og Veiðifélagi Eyjafjarðar sem töldust ekki hafa næga hagsmuni í málinu.

gar@frettabladid.is

# Fá efnisdóm um lögmæti rekstrarleyfa laxeldisfyrirtækja

**LAXELDI** Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í gær kröfu ríkisins og tveggja laxeldisfyrirtækja um frávísun dómsmáls sem landeigendur og náttúruverndarsamtök höfðuðu til ógildingar á rekstrarleyfum fyrirtækjanna í Patreksfirði og Tálknafirði.

Leyfin veitti sjávarútvegsráðherra fyrirtækjunum á grundvelli nýrra lagaákvæða sem samþykkt voru á Alþingi til að bregðast við úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi rekstrarleyfi fyrirtækjanna úr gildi síðastliðið haust.

„Þessi niðurstaða var nokkuð fyrirsjáanleg enda byggðist þessi krafa um frávísun fremur á örvæntingu

**Þessi niðurstaða var nokkuð fyrirsjáanleg enda byggðist þessi krafa um frávísun fremur á örvæntingu en lögspeki.**

Páll Rúnar M. Kristjánsson lögmaður

en lögspeki. Nú heldur þetta mál áfram og við fáum um það dóm hvort aðgerðir stjórnvalda í þessum málum hafi verið lögmætar,“ segir Páll Rúnar M. Kristjánsson hæstaréttarlögmaður sem fer með málið fyrir hönd fyrir stefnenda.

Í stefnu er meðal annars byggt á því að bráðabirgðaleyfin hafi ekki uppfyllt skilyrði laga en einnig á meintu vanhæfi ráðherra á þeim grundvelli að hann hafi tekið eindregna afstöðu til málsins fyrir fram með því annars vegar að lýsa opinberlega afstöðu sinni til málsins og mæla síðan fyrir lagabreytingum á Alþingi strax í kjölfarið sem veittu honum sjálfum heimild til að gefa út bráðabirgðaleyfi.

Héraðsdómur féllst fyrir mánuði á beiðni stefnenda um að málið fái flýtimeðferð. Við það tilefni sagði Páll Rúnar málið hafa almenna og sértæka þýðingu en í því reyni í fyrsta sinn á heimild sjávarútvegsráðherra til að gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða á grundvelli fyrrgreindrar lagabreytingar. – aá



Eitt laxeldisfyrirtækið er í Patreksfirði, hitt í Tálknafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




ENNEMM / SÍA / NM92290

## Helstu nýjungar í nýjum Tucson.

Meðal helstu nýjunga í Hyundai Tucson eru nýjar sparneytnari og umhverfisvænni vélar og SmartSence öryggisbúnaðarkerfi sem inniheldur meðal annars skynvædda neyðarhemlun og hraðastilli með fjarlægðarskynjun. Innréttingin hefur verið endurhönnuð og ný LED aðalljós setja fallegan svip á nýjan Tucson.

**Hyundai Tucson Comfort - 2wd, dísil, ssk. Tilboðsverð 4.990.000 kr.** (aðeins 3 bílar)
**Hyundai Tucson Comfort - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 5.690.000 kr.**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**
**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

# Skýrslutökum yfir Katalónum sem sakaðir eru um uppreisn lokið

**SPÁNN** Réttarhöldin yfir tólf leiðtogum katalónsku sjálfstæðishreyfingarinnar héldu áfram í hæstarétti Spánar í Madríd í gær. Skýrsla var tekin af tveimur síðustu hinna ákærðu. Annars vegar Carme Forcadell, fyrrverandi þingforseta, og hins vegar Jordi Cuixart, formanni samtakanna Omnium Cultural. Þau eru bæði sökuð um uppreisn og uppreisnaráróður og eiga yfir höfði sér áratugi í fangelsi.

Cuixart, sem hefur verið í gæsluvarðhaldi í tæpt eitt og hálft ár, sagði það ekkert forgangsmál að sleppa úr fangelsi. „Heldur vil ég úthrópa mannréttindabrot í Katalóníu og á Spáni. Það er einnig í forgangi að leysa úr þessari deilu,“ sagði Katalóninn og bætti því við að hann væri pólitískur fangi, í haldi vegna skoðana sinna líkt og aðrir Katalónar hafa haldið fram.

Forcadell hafnaði því alfarið að hún hefði misnotað vald sitt sem þingforseti í þágu sjálfstæðishreyfingarinnar. Þá sagðist hún jafnframt fordæma minnihlutahópsvæðingu Katalóna, brot gegn réttindum þjóðarinnar og eigin meðferð í aðdraganda réttarhaldanna.

Réttarhöldin halda áfram í dag. Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar þegar sjálfstæðisatkvæðagreiðslan fór fram í október 2017, mætir fyrir dóminn. Það gerir Soraya Sáenz de Santamaría, þáverandi varaforsætisráðherra, sömuleiðis. **– þea**


**Ákærðu í dómsal í Madríd við upphaf réttarhaldanna.** NORDICPHOTOS/AFP

# Dökkar horfur vegna Kasmírárásar

## Indverjar segjast hafa ráðist á þjálfunarbúðir hryðjuverkasamtakanna JeM í Pakistan og fellt 350 eftir árás JeM í Pulwama. Pakistanar segja það tilbúning og hyggjast svara árásinni. Utanríkisráðherrann segir að ekki megi vanmeta pakistanskar herþotur.

**PAKISTAN** Indverskar herþotur flugu áttatíu kílómetra inn fyrir hin eiginlegu landamæri á milli Indlands og Pakistans í Kasmír-héraði og réðust á þjálfunarbúðir hryðjuverkasamtakanna Jaish-e-Mohammed (JeM) í Balakot í gær. Frá þessu greindu indversk stjórnvöld í gær og sögðust staðráðin í því að uppræta starfsemi samtakanna.

Sjálfsmorðsárásarmaður JeM felldi um fjörutíu herþjálfaða Indverja í Pulwaka í indverska hluta Kasmír fyrir tæpum tveimur vikum. Árásin hefur gert erfið samskipti Indlands og Pakistans enn verri. Ríkin hafa átt í deilu um Kasmír í áratugi og í kjarnorkukapphlaupi frá því á áttunda áratugnum. Indverjar kenndu Pakistönum um Pulwama-árásina og sögðu þá leyfa starfsemi JeM að viðgangast þar í landi.

Togstreitan er mikil eftir árás gærdagsins. Indverskir og pakistanskir hermenn skutu hvorir á aðra í gær við mörkin í Kasmír, samkvæmt því sem upplýsingafulltrúi indverska varnarmálaráðuneytisins sagði. „Pakistanar brutu gegn vopnahléinu með stuttri skothríð og Indverjar svöruðu í sömu mynt.“

Indverski miðillinn Times of India sagði loftárásina marka kaflaskil. Í fyrsta sinn í áratugi hafa Indverjar farið svo langt yfir línuna í Kasmír til að gera árás. Það var, samkvæmt miðlinum, ekki einu sinni gert í Kargil-stríðinu árið 1999 þegar á annað þúsund förust í vopnaviðskiptum ríkjanna.

Samkvæmt heimildum miðilsins féllu allt að 350 JeM-liðar í árásinni en enginn almennur borgari, enda búðirnar fjarri byggð. „Hryðjuverkamennirnir höfðu ekki hugmynd um að Balakot væri skotmarkið. Sofandi hryðjuverkamenn áttu aldrei séns,“ var haft eftir heimildarmanni.

Vijay Gokhale, utanríkisráðherra Indverja, boðaði til blaðamannafundar. Hann sagði að eftir árásina á Pulwama hefðu upplýsingastofnanir Indverja komist að því að JeM undirbyggju að öllum líkindum frekari sjálfsmorðsárásir á Indverja. Í Balakot væri verið að þjálfa fólk fyrir slíkar árásir.

„Þegar við horfðum upp á yfirvofandi hættu áttuðum við okkur á því að fyrirbyggjandi árásir væru lífsnauðsynlegar. Þess vegna réðumst við á þessar búðir,“ bætti Gokhale við.

En tvær hliðar eru á sögunni og frásögn Pakistana stangast á við það sem Indverjar sögðu í gær. Asif Ghafoor, hershöfðingi og upplýsingafulltrúi pakistanska hersins, sagði frá því að pakistanski flugherinn hefði flogið á móti Indverjum um leið og þeir komu inn fyrir mörkin og hrakið vélarnar indversku á brott. Þá sagði hann sömuleiðis að enginn hefði farist í árásinni.

Ghafoor var ómyrkur í máli og tók fram að þótt sjö áratugir væru liðnir frá því að Pakistan klauf sig frá Indlandi gætu Indverjar ekki enn sætt sig við sjálfstæði landsins.

„Hvenær sem eitthvað mikilvægt á sér stað í Pakistan verður einhver sviðsettur atburður í annaðhvort Indlandi eða hinu hernumda Kasmír. Þessir atburðir virðast alltaf eiga sér stað þegar stutt er í kosningar á Indlandi,“ sagði hershöfðinginn en kosningar fara fram á Indlandi í maí og Pakistanar bíða meðal annars spenntir eftir umræðum ESB um Kasmír. „Þess vegna spyr ég ykkur hvernig Pakistan ætti að hagnast á meintri aðkomu að Pulwama-árásinni? Ég skal leyfa ykkur að skera út um hver hagnast á þessu öllu saman,“ bætti Ghafoor við.

Aukinheldur er einfaldlega undarlegt að skella sökinni á Pakistan, samkvæmt Ghafoor. Indverjar hefðu stranga öryggisgæslu á hinum eiginlegu landamærum í Kasmír og ættu þarlend stjórnvöld því að spyrja hermenn sína hvernig sjálfsmorðsárásarmaður hafi komist yfir línuna.

Ghafoor sagði Pakistana ekki vera að undirbúa stríð en þeir ættu rétt á að svara stríðsundirbúningi Indverja.

„Við höfum varið landið okkar gegn hryðjuverkamönnum og erum reynslunni ríkari. Það var erfitt að eiga við ósýnilegan óvin. Indverjar eru engin ógn. Við höfum fylgst með ykkur í sjötíu ár, horft á ykkur, undirbúið okkur fyrir ykkur. Svar okkar verður miðað að ykkur. Við óskum þess ekki að fara í stríð en þið skuluð vita að ef þið stígið fyrsta skrefið munuð þið aldrei geta komið okkur á óvart.“

Pakistanska þjóðaröryggisráðið fundaði vegna málsins að ósk Imrans Khan forsætisráðherra. Khan skipaði her, erindrekum, ríkisstjórninni og almenningi að undirbúa sig fyrir allar mögulegar útkomur og lofaði pakistanska flughernum fyrir skjót viðbrögð.

Eftir fundinn héldu fjármála-, varnarmála-, og utanríkisráðherra Pakistans blaðamannafund. Shah Mahmood Qureshi utanríkisráðherra sagði að Pakistanar myndu svara árás Indverja þegar hentaði. „Þriggja manna nefnd hefur verið skipuð sem í eru fjármálaráðherra og varnarmálaráðherra ásamt mér. Við munum leita til þingsins svo pakistanska þjóðin geti treyst stjórn okkar á ástandinu.“

Þá sagði Qureshi að fjölmiðlum yrði gefinn aðgangur að árásarsvæðinu. „Ef veður leyfir verða fjölmiðlar fluttir þangað svo þeir geti skoðað svæðið og uppljóstrað um áróður Indverja. Sagan sem þeir segja stangast á við staðreyndir málsins,“ sagði ráðherra og bætti við: „Í enn eitt skiptið hafa Indverjar ákveðið að fleygja fram óábyrgri og rangri fullyrðingu.“

Pervez Khattak ráðherra sagði svar við árásinni í undirbúningi á öllum sviðum stjórnkerfisins og Qureshi lauk fundinum með því að segja að þótt Pakistan væri ábyrgðarfullt og friðsælt ríki væru stjórnvöld meðvituð um mikilvægi þess að standa vörð um landamæri sín. „Ekki vanmeta pakistanskar herþotur.“ **thorgnyr@frettabladid.is**



**Pakistanar eru margir ævareiðir vegna árásar Indverja og hafa mótmælt ríkisstjórn Indlands.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Þegar við horfðum upp á yfirvofandi hættu áttuðum við okkur á því að fyrirbyggjandi árásir væru lífsnauðsynlegar.**
>
> Vijay Gokhale, utanríkisráðherra Indlands



> **Indverjar eru engin ógn. Við höfum fylgst með ykkur í sjötíu ár, horft á ykkur, undirbúið okkur fyrir ykkur.**
>
> Asif Ghafoor, upplýsingafulltrúi pakistanska hersins



> **Ekki vanmeta pakistanskar herþotur.**
>
> Shah Mahmood Qureshi, utanríkisráðherra Pakistans



UMHVERFIS STOFNUN

# Fjaðrárgljúfri lokað

Vegna umferðar ferðamanna, snöggra veðrabreytinga, hlýinda og mikillar vætu hefur Umhverfisstofnun ákveðið að loka svæðinu við Fjaðrárgljúfur.

Lokunin tekur gildi í dag, 27. febrúar og mun standa a.m.k. í tvær vikur.

**Nánari upplýsingar á umhverfisstofnun.is**



# May lofar atkvæðagreiðslu

**BRETLAND** Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, lofaði þingmönnum í gær að þeir fengju að greiða atkvæði um að fresta útgöngu úr Evrópusambandinu eða að útiloka samningslausa útgöngu ef þingið fellir útgöngusamning stjórnar May við ESB í mars.

Bretar eiga að ganga út úr ESB þann 29. mars. En þar sem illa gengur að ná samkomulagi við Evrópusambandið um til að mynda fyrirkomulag á landamærunum við Írland, og afar fáir breskir þingmenn vilja samningslausa útgöngu hefur May nú lofað þinginu að ákveða hvort fresta skuli útgöngu.


**Theresa May, forsætisráðherra Bretlands.**

Vert er að minnast á að May hefur ítrekað hafnað kröfu Verkamannaflokksins og annarra um bæði frestun og útilokun samningslausrar útgöngu. „Svo það sé alveg á hreinu þá er ég andvíg frestun. Við ættum að einbeita okkur alfarið að því að ná samkomulagi og ganga út 29. mars,“ sagði May. **– þea**



# Leitað að ökumanni



Um hundrað manns frá björgunarsveitum og lögreglu leituðu í gær og fyrrinótt að Páli Mar Guðjónssyni í Ölfusá en talið er að bifreið hans hafi endað för sína í ánni í fyrrakvöld. Í tilkynningu frá lögreglu þakka aðstandendur Páls, en hann er ókvæntur og barnlaus, leitarmönnum fyrir óeigingjarnt starf. Leitað var fram í myrkur en án árangurs. Leit verður fram haldið í dag. Eyþór Árnason, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með af bökkum Ölfusár.









# App ársins

Íslensku
vefverðlaunin
2018

Landsbankaappið var valið app ársins á Íslensku vefverðlaununum. Í appinu hefur þú fullkomna yfirsýn yfir öll þín fjármál í símanum, hvar og hvenær sem er. Það tekur örfáar mínútur að gerast viðskiptavinur í appinu. Velkomin/n í viðskipti.




Google Play
App Store

# Hamilton vs. Loftsson



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Það leið ekki á löngu frá því að sjávarútvegsráðherra undirritaði reglugerð sem heimilar áframhaldandi veiðar á langreyði og hrefnu árin 2019–2023 þar til stórir erlendir fjölmiðlar höfu umfjöllun um málið. Í þeim er veiðunum jafnan líkt við slátranir og fjöldamorð og með fréttunum fylgja grafískar myndir af verkun hvalanna undir berum himni í Hvalfirði. Ráðherra kveðst keikur byggja ákvörðun sína á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar og skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um þjóðhagsleg áhrif hvalveiða. Fræðimenn gagnrýndu skýrsluna harðlega og ferðaþjónustan tók undir.

Furðu sætir að jafn umdeild ákvörðun sé byggð á jafn veikum grunni og raun ber vitni þegar orðspor Íslands í útlöndum er undir. Ísland hefur skotist upp á stjörnuhimininn á síðustu árum, ekki síst fyrir tilstilli samfélagsmiðla. Fyrir vikið eigum við verðmætt vörumerki – merki sem þarf að umgangast af varúð á tímum sem ein færsla frá áhrifamiklum aðila á samfélagsmiðlum getur stofnað umfangsmiklum viðskiptahagsmunum í hættu á augabragði. Slíka áhættu er erfitt að greina með Excel-æfingum.

Gott dæmi um þetta er færsla breska ökuþórsins Lewis Hamilton á Instagram í gær þar sem hvalveiðum Íslendinga er mótmælt. Tæplega ein milljón af tíu milljónum fylgjenda Hamiltons hafði brugðist við færslunni aðeins örfáum klukkustundum eftir að hún birtist. Stjórnvöldum ætti einnig að vera minnisstæð viðbrögð bandarísku verslunarkeðjunnar Whole Foods fyrir fáeinum árum við hvalveiðibröltinu og ákvörðun kanadíska matvælarisans High Liner Foods um að hætta viðskiptum með íslenskan fisk við HB Granda vegna tengsla fyrirtækisins við eiganda Hvals hf. og þáverandi stjórnarformanns og hluthafa í HB Granda. Líklega er einungis tímaspursmál hvenær aðrar stórverslanir og dreifingaraðilar vestanhafs feta í þau fótspor.

Stór hluti heimsbyggðarinnar og æ fleiri Íslendingar líta á hvalveiðar sem dýraníð. Alþjóðlegir samningar banna veiðarnar enda þykja veiðiaðferðirnar frumstæðar og drápstækin ófullkomin. Dýrin engjast um svo mínútum skiptir eftir sprengiskutla áður en þau eru dregin til lands og verkuð í trássi við gildandi reglugerðir. Jafnframt verður ekki séð að traustur efnahagslegur grundvöllur sé fyrir veiðunum enda gat Hvalur hf. ekki nýtt sér veiðiheimildir sínar í tvö ár vegna viðskiptahindrana á langreyðarafurðum. Áhættan með veiðunum er mikil en ávinningurinn lítill sem enginn.

Líklega eru kjósendur Vinstri grænna með mest óbragð í munni um þessar mundir. Nú eru hvalveiðarnar í þeirra boði. Hvern hefði grunað að það yrði á vakt umhverfisverndarsinnans Katrínar Jakobsdóttur og fyrrverandi aktívistans Guðmundar Inga Guðbrandssonar sem þetta afbrigðilega áhugamál Kristjáns Loftssonar gengur í endurnýjun lífdaga?

**Líklega eru kjósendur Vinstri grænna með mest óbragð í munni um þessar mundir. Nú eru hvalveiðarnar í þeirra boði.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Málþóf**

**Þingmenn Miðflokksins stóðu fyrir málþófi á Alþingi í gær til að tefja fyrir breytingum á lögum sem varða aflandskrónur og gjaldeyrismál. Komu þar Klaustursmenn hver á fætur öðrum í pontu þingsins og sögðu að málið hefði ekkert verið rætt í fyrstu umræðu þar sem þingið hafi þann dag verið upptekið við að taka á móti þeim aftur til starfa. Ótrúlegt upphlaup eins og þeir sögðu sjálfir í ræðustól. Ekki var laust við að maður vorkenndi forsetum Alþingis sem þurftu trekk í trekk að kynna sömu menn upp í pontu sem kappkostuðu að flytja sömu ræðuna aftur og aftur.**

**Síðasta málþóf**

**Málið fékk allavega ítarlega einhliða, þinglega meðferð af Miðflokksþingmönnum. Mikið kapp hafði verið lagt á að ná frumvarpinu í gegn í gær, en ekki var útséð með það þegar blaðið fór í prentun, ella gæti krónan tekið skarpa dýfu. Miðflokksmenn blésu á slíkar útskýringar. Nú á hins vegar eftir að koma í ljós hvort þeir reynist spámenn sannleikans eður ei. Síðast þegar þeir stóðu fyrir málþófi var það í tengslum við „gjöf“ á hlut ríkisins í Arion banka. Síðan þá hefur verð á hlut í bankanum fallið og gjöfin kannski ekki enn ýkja mikil.**

**joli@frettabladid.is**

# Spekileki



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Stúdentar hafa lengi barist fyrir betra námslánakerfi og kjörum á Íslandi en undanfarið hefur aukinn hiti færst í umræðuna. Hann er tilkominn vegna aðgerðarleysis stjórnvalda. Í skugga aðgerðarleysis hefur dregið úr jöfnunarhlutverki lánasjóðsins með alvarlegum afleiðingum. Háskólanemar búa margir við mun krappari kjör en flestir aðrir samfélagshópar.

Birtingarmynd þessa er ekki síður alvarleg fyrir íslenskt samfélag og mikið umhugsunarefni fyrir stjórnvöld. Ekki síst þegar við siglum inn í miklar samfélags- og tæknibreytingar. Við þurfum á vel menntuðu ungu fólki að halda til að tryggja að íslenskt atvinnulíf verði áfram samkeppnishæft við aðrar þjóðir.

Í dag getur ungt fólk valið hvar á hnettinum það starfar og því þarf að skapa því aðstæður sem gerir það eftirsóknarvert búa á Íslandi. Eitt af því sem skiptir höfuðmáli er að tryggja að ungt fólk sem sækir sér menntun erlendis snúi aftur heim.

Það er því áhyggjuefni, að í fyrsta skipti horfumst við nú í augu við að fleiri íslenskir háskólanemar, sem kjósa að læra á Norðurlöndunum, velja frekar að taka lán hjá erlendum sjóðum en LÍN. Þetta er grafalvarleg þróun. Meirihluti íslenskra nemenda erlendis sér nefnilega ekki fram á að geta framfleytt sér á harkalegu framfærsluviðmiði íslenska sjóðsins og þeir eiga ekki að þurfa að vinna með námi. Erlendir námslánasjóðir setja síðan sumir þau skilyrði gegn láni að nemandi starfi í námslandinu einhver ár eftir útskrift.

Við erum þannig að búa til spekileka með meingölluðu lánasjóðskerfi. Það skaðar samkeppnishæfi íslensks atvinnulífs, því bráðnauðsynleg þekking skilar sér ekki heim, auk þess sem það gerir það síður eftirsóknarvert, jafnvel illviðráðanlegt fyrir marga, að stunda háskólanám yfirhöfuð.

Sýnum stúdentum samstöðu, tryggjum hærri framfærslu, sanngjarnara frítekjumark og bætum fyrirkomulag lána strax. Tökum síðan markviss skref í átt að norrænu styrkjakerfi sem tryggir lífsgæði háskólanema og ýtir undir jafnrétti til náms. Þó auðvitað sé alltaf erfitt að spá fyrir um síhvikula framtíð er öruggt að það er fjárfesting sem mun margborga sig.

**Við erum þannig að búa til spekileka með meingölluðu lánasjóðskerfi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Dýrkeypt fórn



**Gunnlaugur Stefánsson**
formaður Veiðifélags Breiðdæla



Með því að leyfa opið sjókvíaeldi með norskum laxi er verið að fórna villtum íslenskum laxastofnum. Það er dýrkeypt fórn. Reynslan af eldinu í nágrannalöndunum staðfestir það. Það er líka pólitísk ákvörðun og tekin á upplýstum grundvelli. Getgátur eldismanna um að laxeldi með norskum stofnum í opnum sjókvíum fari vel með verndum villtra laxastofna eru ekki aðeins léttvægar, heldur beinlínis rangar. En áhættan er mikil fyrir lífskjör fólksins í brotthættum byggðum sem byggir framtíð sína á opnu sjókvíaeldi. Svo er táknrænt fyrir norsku eldisfyrirtækin, að höfuðstöðvar þeirra á Íslandi eru ekki á eldissvæðunum, heldur á höfuðborgarsvæðinu.

Samherji réðst í uppbyggingu í laxeldi á tíunda áratug síðustu aldar í Norðfirði og Mjóafirði, byggði m.a. fullkomið laxasláturhús í Neskaupstað og stór orð féllu um nýsköpun í atvinnulífinu og Grandi lét til sín taka í eldinu í Berufirði. Bæði þessi íslensku fyrirtæki gáfust upp. Í eldi Samherja var það marglyttan sem gerði útslagið. Hvað verður um byggðirnar og fólkið, sem treystir á norska laxeldið, þegar uppgjöfin blasir við og norsku auðrisarnir hverfa af braut ævintýra sinna á Íslandi? Eitt hafísár gæti valdið því, myndarleg hvalaganga sem engum netkvíum eirir eða samstaða neytenda í heiminum um að sniðganga afurðir úr svona eldi. Eftir stendur þá fólkið í byggðunum með enn eitt hrunið í fanginu og villtir laxastofnar í sárum.

Opið sjókvíaeldi á Íslandi er þyrnum stráð. Norska bylgjan í eldinu hefur ekki farið varhluta af því. Fiskur sleppur og veldur erfðablöndun í íslenskum stofnum, mengun skaðar lífríkið, sjúkdómar og lúsin herja, ytri aðstæður með köldum sjó og vályndum veðrum ógna. En skammtímagróðinn er freistandi. Stofnkostnaður er lítill og einfalt að hætta og fara. Norsku auðrisarnir eru á flótta frá heimkynnum sínum vegna slæmrar reynslu þar fyrir umhverfið og leita logandi ljósi að nýjum svæðum með netin sín. Á Íslandi er þeim tekið opnum örmum, boðið upp á ókeypis eldissvæði, sem þarf að borga marga milljarða fyrir í Noregi, gatslitin eftirlitskerfi og stjórnmálamenn sem láta sig umhverfið litlu skipta. Þar gildir að lafir á meðan ég lifi.

Við höfum einstakt tækifæri til að setja okkur metnaðarfull markmið í fiskeldi. Allt eldi upp á land eða í lokuð kerfi. Unnið er markvisst samkvæmt því víða í nágrannalöndum okkar í ljósi hrikalegrar reynslu af opna sjókvíaeldinu. Norsku auðrisarnir segja að það sé ekki nógu gróðavænlegt og hóta þá að hætta eldinu í brothættum byggðum á Íslandi. Samt á sér stað lokað fiskeldi hér á landi og myndarlega að verki staðið. Það er hagkvæmara en sjókvíaeldið þegar til lengri tíma er litið og alltaf umhverfis- og búsetuvænna. En norsku auðrisarnir horfa í skammtímagróða og ganga eins langt og þeir geta. Hvaða tryggingar hefur fólkið í eldisbyggðunum þegar allt fer á versta veg? Tímabært er að spyrja um það í ljósi reynslunnar.




**ÁRSFUNDUR 2019**
Silfurberg, Hörpu
Fimmtudagur 28. febrúar kl. 14.00

# Í landi endurnýjanlegrar orku

Aukinni áherslu á loftslagsmál fylgja áskoranir og tækifæri. Hvert er hlutverk okkar í þessum málum og hvernig nýtum við betur tækifærin sem felast í endurnýjanlegri raforku? Hvernig getur fyrirtækið staðið undir væntingum um arðgreiðslur í framtíðinni?

**Verið öll velkomin**
Skráning á www.landsvirkjun.is

- **Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir** ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
  *Ávarp*
- **Jónas Þór Guðmundsson** stjórnarformaður
  *Ávarp*
- **Hörður Arnarson** forstjóri
  *Á réttri leið*
- **Ragna Árnadóttir** aðstoðarforstjóri
  *Loftslagsmál eru orkumál*
- **Björk Guðmundsdóttir** verkefnisstjóri
  *Ný sýn á landslag og mannvirki*
- **Stefán Kári Sveinbjörnsson** verkefnisstjóri
  *Endurhannaður vindmyllugarður fyrir ofan Búrfell*
- **Ólöf Rós Káradóttir** verkefnisstjóri
  *Ný ásýnd Hvammsvirkjunar*
- **Rafnar Lárusson** fjármálastjóri
  *Fjármál á tímamótum*
- **Stefanía Guðrún Halldórsdóttir** framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar
  *Endurnýjanleg orka er verðmætari*
- Fundarstjóri
  **Gerður Björk Kjærnested**

**Bein útsending verður á youtube.com/landsvirkjun**



# Leiðsögn erlendra ferðamanna er alvöru starfsgrein




**Sigríður Guðmundsdóttir**
leiðsögumaður

**Helga Snævarr Kristjánsdóttir**
leiðsögumaður

Þann 21. febrúar var alþjóðadagur leiðsögumanna. Félag leiðsögumanna var stofnað árið 1972 og frá upphafi hafa starfandi leiðsögumenn beitt sér fyrir því að gæða- og menntunarkröfur fylgdu starfi þeirra. Leiðsögn, stéttarfélag leiðsögumanna skipaði árið 2017 starfshóp, sem í sátu fulltrúar Leiðsagnar, SAF og Ferðamálastofu og vann hann vandaða úttekt á menntaframboði í leiðsögn hér á landi. Til grundvallar úttektinni lagði hópurinn Evrópustaðal um menntun leiðsögumanna, ÍST EN 15565:2008. Niðurstaðan var samræmd kortlagning fyrirliggjandi náms sem opnar möguleika á raunfærnimati þeirra sem ekki hafa lokið formlegu námi við þær menntastofnanir sem útskrifa leiðsögumenn samkvæmt Evrópustaðli en hyggja á eða starfa við leiðsögn.

Því kemur það afar illa við okkur leiðsögumenn að heyra orð ráðherra ferðamála, Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, í svörum við svohljóðandi fyrirspurn Ólafs Ísleifssonar þingmanns á Alþingi þann 7. febrúar sl.: „Hefur ráðherra uppi áform um lögverndun á starfsheiti leiðsögumanna? […]: Hefur ráðherra áform um að móta lágmarkskröfur varðandi nám í þessum fræðum sem yrðu þá undirstaða slíkrar lögverndunar?“

Í öllu svari ráðherra ber á hugtakaruglingi því þingmaður spyr um lögverndun starfsheitis sem ráðherra greinilega ruglar saman við löggildingu starfs.

Ráðherra telur litla þörf á samræmdri menntun leiðsögumanna, betra sé að ábyrgð og ákvarðanir um slíkt hvíli á ferðaþjónustuaðila. Hún vísar í vettvangsferð sem farin var til Nýja-Sjálands á síðasta ári: „ekki einu sinni þar er gerð krafa um tiltekna menntun leiðsögumanna eftir því sem okkur var sagt í ferðinni. Krafan er fyrst og fremst á fyrirtækin, þ.e. að þau fái skráningu í sinni tegund ævintýraferðamennsku, hafi öryggisáætlanir og fylgi þeim eftir. Það er töluvert eftirlit með því.“

Ráðherra sér fleiri annmarka, s.s. að slíkar kvaðir gætu útilokað skemmtilegt og frótt fólk frá störfum: „En svo eru það einmitt líka, bara til að hnykkja aðeins á þessu varðandi löggildinguna [sic], stundum svona einstaklingar sem eru kannski með bestu þekkinguna á staðháttum, kunna söguna, jafnvel að margar kynslóðir hafi verið á þessu landi og þekki hlutina vel. Það er mikil upplifun fyrir erlenda ferðamenn að fá að fylgja þeim. Þeir eru kannski ekki faglærðir en samt sem áður eru gæðin mikil og þeir uppfylla þær kröfur sem fyrirtæki ættu almennt að setja sér.“

> **Íslenskir leiðsögumenn eru reynslumikið fólk á ferð um landið allt, á vegum, sjó, jöklum og fjöllum**

> **Engu að síður virðist skína í gegn mikil vanþekking á eðli ferðaþjónustunnar og starfi okkar leiðsögumanna.**

Ráðherra telur einnig EES-samninginn hafa áhrif: „ómögulegt væri fyrir okkur að banna einfaldlega leiðsögumönnum, hvort sem þeir eru menntaðir eða ekki, að koma hingað til lands og leiðsegja erlendum ferðamönnum.“ Fullyrðing sem stenst ekki, allur háttur er á þessu innan EES-svæðisins.

Að síðustu nefnir ráðherra stofnun Hæfniseturs ferðaþjónustunnar: „sem er m.a. og aðallega til að auka gæði og þekkingu og það byggir á Vegvísi.“ Í Vegvísi þessum sem gefinn var út af Stjórnstöð ferðmála í október 2015 segir m.a.: „Ferðaþjónusta er þekkingargrein sem byggist á starfsfólki, hæfni þess og þekkingu […]. Þá þarf að laða hæft starfsfólk að greininni og tryggja aðgang að þekkingu, fræðslu og menntun. […] Stuðla þarf að eflingu styttri, hagnýtra námsbrauta og byggja brýr milli formlegs náms og óformlegs, m.a. með því að auka svigrúm í námskrá fyrir námsmat og raunfærnimat sem byggist á reynslu og þekkingu einstaklinga.“

Það er erfitt að sjá hvernig opinber markmið Vegvísis og afstaða ráðherra til leiðsögumanna og menntunar þeirra fara saman. Vissulega skal tekið tillit til hugtakaruglings ráðherra, en engu að síður virðist skína í gegn mikil vanþekking á eðli ferðaþjónustunnar og starfi okkar leiðsögumanna.

Íslenskir leiðsögumenn eru reynslumikið fólk á ferð um landið allt, á vegum, sjó, jöklum og fjöllum í öllum veðrum, að nóttu og degi, á öllum árstímum að leiðsegja hér útlendingum, að ógleymdu öryggishlutverkinu, en mega þola það að hver sem er má kalla sig leiðsögumann og ekkert gæðaeftirlit er með því hvað telst ferð með leiðsögn. Ofan í kaupið færist mjög í aukana að hingað sé sent erlent starfsfólk, án atvinnuleyfis eða launagreiðslna skv. íslenskum kjarasamningum. Fólk sem oft þekkir hvorki staðhætti né þjóðina sem byggir landið, en undirbýður vinnu okkar meðan ráðamenn vefa sér Pótemkíntjöld með skýrslum og Vegvísum.

Við leiðsögumenn teljum okkur og gesti okkar einfaldlega eiga betra skilið.

# Stöðugleikaskattur, sáttamöguleiki í kjaradeilu?



**Þórólfur Matthíasson**
hagfræðiprófessor

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur kynnti umfangsmiklar tillögur í skattamálum þriðjudaginn nítjánda febrúar. Í tillögunum felst stefnubreyting hvað varðar uppbyggingu tekjuskattskerfisins: Skattþrepum er fjölgað og stefnt að nokkurri lækkun persónuafsláttar. Þeim fjármunum er varið til frekari lækkunar lægsta skattþrepsins en ella hefði orðið. Jafnframt er dregið úr umfangi samsköttunar hjóna/sambýlisfólks þar sem ekki er lengur hægt að samnýta skattþrep. Persónuafsláttur er þó áfram 100% yfirfæranlegur sem getur dregið mjög úr ávinningi tekjulágs maka að fara út á vinnumarkaðinn. Síðast en ekki síst eru ætlunin að lögfesta að viðmiðunartölur hækki í takt við verðlag og framleiðniþróun. Öll þessi atriði flytja tekjuskattskerfið íslenska í átt að tekjuskattskerfum nágranna okkar á Norðurlöndum. Breytingarnar eru því „ágætis byrjun“. Kostnaður ríkissjóðs vegna aðgerðanna er í samræmi við áform sem kynnt voru í fjárlagaáætlun og fjárlögum fyrir alllöngu síðan. Tillögunum var mætt með hurðaskellum og ókvæðisorðum af hálfu róttækasta hluta verkalýðshreyfingarinnar. Svo virðist sem aðiljar hafi átt von á að frásagnir í sjónvarpsauglýsingum af bágum kjörum láglaunafólks myndu fá ríkisstjórnina til að sprengja 2ja mánaða gamlan fjárlagaramma í tætlur án frekari umræðu.

> **Svo virðist sem aðiljar hafi átt von á að frásagnir í sjónvarpsauglýsingum af bágum kjörum láglaunafólks myndu fá ríkisstjórnina til að sprengja 2ja mánaða gamlan fjárlagaramma í tætlur án frekari umræðu.**

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að ríkisbankastjórar, forstjórar oháeffa og háeffa auk alþingismanna og ráðherra hafa notið drjúgra hækkana á gildistíma þeirra kjarasamninga sem nú eru útrunnir. Fyrir utanaðkomandi virðist sem þessar launahækkanir forstjóranna lúti lögmálum bræðranna Einbjörns, Tvíbjörns og Þríbjörns. Oháeff forstjóri situr kannski í stjórn háeffs og hækkar laun kollega síns sem síðan launar greiðann á næsta stjórnarfundi oháeffsins. Síðan eru laun alþingismanna hækkuð með vísan til hækkunar hinna. Hugtök eins og stöðugleiki eða framleiðni eða framleiðniaukning koma hvergi við sögu í þessari hringekju ástarinnar í stjórnarherbergjum atvinnulífsins. Fyrrverandi fjármálaráðherra reyndi að hægja á hringekjunni með eindregnum tilmælum. Það hafði svipuð áhrif og að biðja íþróttaálfinn að hætta að borða grænmeti.

Sé ásetningur hins opinbera sá að hafa áhrif á launasetningu toppanna í atvinnulífinu duga bænarbréfin skammt. Því vakti það undirrituðum nokkra undrun að í skattatillögunum frá því á þriðjudag skyldi ekki settur á einhvers konar stöðugleikaskattur, til dæmis í því formi að á launatekjur umfram 30 milljónir króna á ári (2,5 milljónir á mánuði) legðist sérstakt stöðugleikaþrep á bilinu 55-70%.

Þá kæmi einnig til álita að fara í smiðju til skattayfirvalda í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Þar er reglan sú að launakostnaður umfram 1 milljón dollara á ári hjá helstu stjórnendum fyrirtækja er ekki frádráttarbær frá skatti fyrirtækjanna (sjá https://www.stanfordlawreview.org/online/hidden-tax-cost-executive-compensation/). Slík regla, sem mætti kalla stöðugleikaframlag stórfyrirtækja, aðlöguð að íslenskum aðstæðum með lækkun viðmiðunarfjárhæða, ætti að geta minnkað vilja eigenda fyrirtækja til að greiða forstjórum ofurlaun og gæti þannig dregið úr hraðanum á launahringekjunni í stjórnarherbergjunum.

# Við höfum öll hlutverk – verndum börn samfélagsins



**Ellen Calmon**
Verkefnisstýra Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

> **Tilkynningaskyldan er mikilvæg í þessu samhengi en það er borgaraleg skylda okkar allra, samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002, og enn ríkari hjá þeim sem starfa með börnum, að tilkynna tafarlaust til barnaverndar sé minnsti grunur um að velferð barns, heilsu, líkamlegri eða andlegri sé ógnað.**

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem í daglegu tali er nefndur Barnasáttmálinn var lagður fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember 1989 og fagnar því 30 ára afmæli í ár. Sáttmálinn var fullgiltur á Íslandi árið 1992 og lögfestur 20. febrúar 2013 og er því hluti af íslenskri löggjöf.

Þar sem Barnasáttmálinn er lög á Íslandi ber öllum að fara eftir honum, þó eru skyldur þeirra sem starfa með börnum enn ríkari en almennra borgara.

UNICEF hefur meðal annars unnið hörðum höndum að því að styðja við innleiðingu á Barnasáttmálanum og hugmyndafræði hans í skóla- og frístundastarfi í borginni og víðar. Reykjavíkurborg hefur nýlega gefið út menntastefnu sem byggir á grunnstefnum Barnasáttmálans um mikilvægi barns þar sem áhersla er lögð á að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu barnsins. Þá mun borgin bjóða upp á fræðslu um réttindi barna til starfsstaða á skóla- og frístundasviði enda mikilvægt að allir sem starfa með börnum þekki til Barnasáttmálans og þeirrar skyldu sem sáttmálinn leggur á hinn fullorðna.

Inntaki Barnasáttmálans má í grófum dráttum skipta upp í þrjá réttindaflokka barna sem eru: vernd, umönnun og þátttaka. Þessir flokkar kveða meðal annars á um að börn eigi rétt til friðhelgi, fjölskyldu- og einkalífs, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis. Þá leggur sáttmálinn þær skyldur á aðildarríkin að grípa til aðgerða svo velferð barna á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála sé tryggð. Þá á sáttmálinn að tryggja öllum börnum rétt til að láta í ljós skoðanir sínar á öllum þeim málum er þau varða. Almennt er gengið út frá því að fjórar greinar sáttmálans feli í sér svokallaðar grundvallarreglur. Eru það 2. gr. Jafnræði – bann við mismunun, 3. gr. Það sem barninu er fyrir bestu, 6. gr. Réttur til lífs og þroska og 12. gr. Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif.

Fullorðnum sem starfa með börnum ber því rík skylda til að vernda börn og tryggja þeim umönnun og velferð og gæta þess að öll börn fái þjónustu við hæfi óháð félagslegri stöðu, fötlun eða öðrum aðstæðum. Tilkynningaskyldan er mikilvæg í þessu samhengi en það er borgaralega skylda okkar allra, samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002, og enn ríkari hjá þeim sem starfa með börnum, að tilkynna tafarlaust til barnaverndar sé minnsti grunur um að velferð barns, heilsu, líkamlegri eða andlegri sé ógnað með einhverjum hætti af forráðamönnum, foreldrum eða öðrum.

Ég vil hvetja alla til að kynna sér Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og taka höndum saman um að vera meira vakandi fyrir velferð barnanna okkar. Gefum börnum samfélagsins tíma, hlustum á þau, hvetjum og verndum.

*Ellen Calmon er verkefnisstýra um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á Nýsköpunarmiðju skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Höfundur er einnig formaður stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands.*

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.BILALAND.IS

Ný og ómótstæðileg tilboð daglega!

# LAGER SALA

AFSLÁTTUR 400.000 KR.




**HYUNDAI I20 Premium**
Nýskr. 10/17, ekinn 12 þ.km,
dísel, 6 gírar.
Verð 2.690.000

**TILBOÐ!**
**2.290.000 kr.**

AFSLÁTTUR 800.000 KR.




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 02/17, ekinn 64 þ.km,
dísel, 6 gírar.
Verð 3.490.000

**TILBOÐ!**
**2.690.000 kr.**

AFSLÁTTUR 500.000 KR.




**RENAULT Megane IV Zen**
Nýskr. 05/18, ekinn 25 þ.km,
dísel, sjálfskiptur.
Verð 2.990.000

**TILBOÐ!**
**2.490.000 kr.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.




**KIA Sportage EX 4wd**
Nýsk. 10/15, ekinn 96 þ.km,
dísel, sjálfskiptur.
Verð 3.390.000

**TILBOÐ!**
**2.790.000 kr.**

AFSLÁTTUR 500.000 KR.




**NISSAN Pulsar Acenta**
Nýskr. 06/18, ekinn 25 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.890.000

**TILBOÐ!**
**2.390.000 kr.**

AFSLÁTTUR 800.000 KR.




**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 06/17, ekinn 70 þ.km,
dísel, 6 gírar.
Verð 3.490.000

**TILBOÐ!**
**2.690.000 kr.**

AFSLÁTTUR 300.000 KR.




**DACIA Duster Comfort 2wd**
Nýskr. 05/18, ekinn 24 þ.km,
dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
Verð 2.990.000

**TILBOÐ!**
**2.690.000 kr.**

AFSLÁTTUR 700.000 KR.




**SSANGYONG Tivoli XLV**
Nýskr. 12/17, ekinn 16 þ.km,
dísel, 6 gírar.
Verð 3.290.000

**TILBOÐ!**
**2.590.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM92641

## LAGERSALA BÍLALANDS ER Í FULLUM GANGI!

Nýlegir notaðir bílar á tilboðsverði sem slær allt annað út.

- VETRARDEKK
- ÁSTANDSSKOÐUN
- ALLT AÐ 80% LÁN
- FJÁRMÖGNUN Á STAÐNUM



www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

## Stjarna Gylfa skein skært í Íslendingaslagnum



Gylfi Þór Sigurðsson fagnar seinna marki sínu fyrir Everton gegn Aroni Einari Gunnarssyni og félögum í Cardiff þegar þeir mættust í ensku úrvalsdeildinni í gær en Aron sést þungur á brún í bakgrunni myndarinnar. Var fyrra markið hans Gylfa í gær mark númer 56 í ensku úrvalsdeildinni og tók hann með því fram úr Eiði Smára Guðjohnsen sem markahæsti Íslendingurinn í sögu ensku úrvalsdeildarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Góður prófsteinn fyrir liðið

Íslenska kvennalandsliðið mætir Kanada á Algarve-mótinu í dag. Þetta er í annað sinn sem Ísland mætir Kanada sem er með eitt af sterkustu liðum heims. Hallbera Gísladóttir nær merkum tímamótum í dag.

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu fær fyrstu stóru prófraun sína undir stjórn Jóns Þórs Haukssonar í dag þegar leikur Íslands og Kanada verður flautaður af stað á Algarve-mótinu. Þetta verður í annað sinn sem Ísland mætir Kanada á þessu sterka æfingamóti en lið Kanada hefur um árabil verið eitt af sterkustu knattspyrnuliðum heims í kvennaboltanum.

Síðan styrkleikalisti FIFA í kvennaflokki var gefinn út í fyrsta sinn fyrir sextán árum hefur Kanada aldrei farið neðar en í þrettánda sæti og lengst af verið meðal efstu liða. Á heimavelli síðast þegar HM fór fram féll Kanada úr leik í átta liða úrslitunum en besti árangur liðsins er fjórða sæti á HM ásamt því að taka bronsverðlaunin á síðustu tvennum Ólympíuleikum.

Þetta er annað landsleikjahléið undir stjórn Jóns Þórs Haukssonar. Aðspurður kvaðst hann spenntur að sjá hvernig íslenska liðinu tækist gegn því kanadíska eftir sigur á Skotlandi í æfingaleik á Spáni í janúar í fyrsta leik liðsins undir hans stjórn.

„Kanada er með frábært lið og er samkvæmt heimslistanum með eitt af sterkustu liðum heims. Það er ekki að ástæðulausu, þetta er mjög vel mannað lið og spilar frábæran fótbolta. Þetta verður góður prófsteinn fyrir liðið okkar og við þurfum að vera klár í þennan leik,“ sagði Jón Þór þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans í gær.

> **Kanada er með frábært lið og þetta verður góður prófsteinn fyrir liðið okkar.**
>
> Jón Þór Hauksson



„Þær verjast og pressa ofarlega á vellinum og eru grimmar í varnarleiknum. Það er undir okkur komið að finna lausnir á því. Við þurfum að vera skynsöm í að loka á réttu svæðin og reyna að vinna boltann á góðum stöðum til að sækja á þær,“ sagði Jón Þór og bætti við:

„Við þurfum líka að geta haldið boltanum innan liðsins. Þessi leikur mun krefjast mikillar orku og því er lykilatriði að geta haldið boltanum vel og spilað út úr pressu þeirra.“

Íslenska liðið kom til Portúgals að kvöldi mánudagsins og fékk þjálfarateymið því í aðeins einn dag til að undirbúa leikinn.

„Undirbúningurinn hefði mátt vera lengri, við komum seint á mánudaginn og æfðum saman í gær. Ég hefði vissulega þegið fleiri daga í undirbúning fyrir þennan leik gegn jafn sterkum andstæðingi en leikmennirnir eru í góðu standi, það er góður andi í hópnum og það virðast allir vera klárir í slaginn. Við erum búin að fara vel yfir kanadíska liðið, okkur tókst að nota gærdaginn vel.“

Jón Þór segist vera búinn að ákveða byrjunarliðið og segir að það verði líkt byrjunarliðinu sem mætti Skotlandi í La Manga í síðasta mánuði.

„Við mætum með sterkt lið til leiks og gerum ekki margar breytingar frá síðasta leik gegn Skotlandi. Áætlunin er að fylgja því eftir sem við vorum að gera á La Manga. Það er ljóst að við verðum að gera breytingar í fjarveru Fanndísar en ætlum að reyna að halda þeim í lágmarki,“ sagði landsliðsþjálfarinn sem fær síðan viku til að undirbúa næsta leik, gegn Skotlandi.

„Við gerum ráð fyrir að dreifa álaginu betur á milli leikja og munum reyna að prófa nýja hluti. Stefnan er að gera það frekar á milli leikja en að breyta of miklu í hverjum leik sem á það til að stöðva flæðið í leikjum.“

Skagamærin Hallbera Guðný Gísladóttir verður í dag áttunda konan sem nær að leika 100. leiki fyrir Íslands hönd og sú þriðja í hópnum sem fór til Algarve á eftir Söru Björk og Margréti Láru. Hallbera sem lék fyrsta leik sinn fyrir landsliðið vorið 2008 hefur skorað þrjú mörk fyrir landsliðið og átti Jón Þór von á því að hún kæmi við sögu í dag.

„Ég á ekki von á öðru en að Hallbera komi við sögu í dag og nái sínum hundraðasta leik,“ sagði Jón Þór að lokum.

**kristinnpall@frettabladid.is**

## Nýjast

### Olís-deild kvenna

**KA/Þór - Haukar 23-24**

**Markahæstar:** Martha Hermannsdóttir 8, Ásdís Guðmundsdóttir 5, Aldís Ásta Heimisdóttir 4 - Berta Rut Harðardóttir 7, Ramune Pekarskyte 5, Hekla Rún Ámundadóttir 4.

**ÍBV - HK 31-19**

**Markahæstar:** Arna Sif Pálsdóttir 10, Ester Óskarsdóttir 5, Ásta Björt Júlíusdóttir 3, Kristrún Hlynsdóttir 3 - Díana Kristín Sigmarsdóttir 8, Hafdís Shizuka Iura 3.

**Selfoss - Valur 17-30**

**Markahæstar:** Ída Bjarklind Magnúsdóttir 4, Hulda Dís Þrastardóttir 3 - Lovísa Thompson 7, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 5, Díana Dögg Magnúsdóttir 3.

**Stjarnan - Fram 28-29**

**Markahæstar:** Rakel Dögg Bragadóttir 8, Stefanía Theodórsdóttir 5, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 5 – Ragnheiður Júlíusdóttir 9, Þórey Rósa Stefánsdóttir 5.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 28 | KA/Þór | 17 |
| Fram | 27 | Stjarnan | 11 |
| Haukar | 23 | HK | 7 |
| ÍBV | 19 | Selfoss | 4 |

### Enska úrvalsdeildin

**Cardiff - Everton 0-3**

0-1 Gylfi Þór Sigurðsson (41.), 0-2 Gylfi Þór (66.), 0-3 Dominic Calvert-Lewin (90+3.).

**Huddersfield - Wolves 1-0**

1-0 Steve Mounie (90+1.).

**Leicester - Brighton 2-1**

1-0 Demarai Gray (10.), 2-0 Jamie Vardy (63.), 2-1 Davy Propper (66.).

**Newcastle - Burnley 2-0**

1-0 Fabian Schär (24.), 2-0 Sean Longstaff (38.).

## Öll toppliðin í eldlínunni

**FÓTBOLTI** Sex leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í kvöld. Toppliðin verða öll í eldlínunni.

Liverpool, sem er með eins stigs forskot á toppi deildarinnar, fær Watford í heimsókn. Nýkrýndir deildabikarmeistarar Manchester City taka á móti West Ham. City er í 2. sæti deildarinnar. Manchester United sækir Crystal Palace heim, Arsenal fær Bournemouth í heimsókn og Southampton og Fulham eigast við í fallbaráttunni.

Stórleikur kvöldsins, og 28. umferðarinnar, fer fram á Stamford Bridge þar sem Chelsea (6. sæti) tekur á móti Tottenham (3. sæti). Bæði lið töpuðu sínum leikjum um helgina. Spurs tapaði 2-1 fyrir Burnley á útivelli og Chelsea laut í lægra haldi fyrir City í úrslitaleik deildabikarsins eftir vítaspyrnukeppni.



Uppákoman neyðarlega, þegar markvörðurinn Kepa Arrizabalaga neitaði að fara af velli í úrslitaleiknum, hefur verið mikið til umræðu. Búið er að sekta spænska markvörðinn og Maurizio Sarri, knattspyrnustjóri Chelsea, vildi ekki gefa það upp á blaðamannafundi í gær hvort hann myndi spila gegn Tottenham. – iþs

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. febrúar 2019 — 8. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







## Vítahringur veitingamanna



**Veitingarekstur hefur verið erfiður frá sumrinu 2017. Kostnaður hefur farið vaxandi en offramboð á veitingastöðum hefur leitt þess að hart er barist um magana í hádeginu. Vopnið sem er beitt er hádegistilboð. Verð fer því lækkandi á sama tíma og kostnaður vex. Það er vítahringur veitingamanna.** »8-9




»2

### WOW air náði sáttum við leigusala félagsins

Gengið var frá samkomulagi á milli WOW air og leigusala flugfélagsins í lok síðustu viku. Þar með hefur síðasta skilyrðið fyrir fjárfestingu Indigo Partners í félaginu verið uppfyllt. Unnið er að því að leggja lokahönd á viðskiptin.

»4

### Malasískur risi vill kaupa Geirsgötu 11

Malasískt stórfyrirtæki vill kaupa húseignina að Geirsgötu 11. Fyrirtækið segir kaupin gefa því tækifæri til þess að hefja fjárfestingar hér á landi, sér í lagi á sviði hótelstarfsemi. Stjórnarformaður móðurfélagsins er auðjöfurinn Vincent Tan.

»14

### Sögulegt tækifæri

„Vonandi átta aðilar vinnumarkaðarins sig á því sögulega tækifæri sem er til staðar að ná vöxtum niður á Íslandi – það yrði kjarabót sem kostaði ekkert,“ segir Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA, í aðsendri grein.




# Seðlabankinn verði með fjóra bankastjóra

Seðlabanki Íslands verður skipaður fjórum bankastjórum samkvæmt drögum að frumvarpi um breytingar á lögum um Seðlabankann sem nú liggur fyrir. Þannig verður einn aðalseðlabankastjóri og þrír varabankastjórar, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Í stað núverandi fyrirkomulags, þar sem er einn aðstoðarseðlabankastjóri, er því gert ráð fyrir þremur varabankastjórum sem munu skipta með sér verkum. Í frumvarpinu er lagt til að einn fari með peningamál, annar beri ábyrgð á fjármálastöðugleika og þriðji varabankastjórinn verði yfir fjármálaeftirliti innan sameiginlegrar stofnunar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins (FME).

Frumvarpið verður rætt á fundi ráðherranefndar um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins á morgun, fimmtudag, samkvæmt heimildum Markaðarins. Verði frumvarpið samþykkt þegar það verður lagt fyrir Alþingi er áætlað að breytingarnar muni taka gildi 1. janúar á næsta ári.

Sérstök verkefnisstjórn, sem heyrir undir ráðherranefnd um efnahagsmál, hefur unnið að frumvarpinu síðustu mánuði eftir að tilkynnt var um það í október í fyrra að hafin væri vinna við að sameina Seðlabankann og FME. **– hae**



**Már Guðmundsson seðlabankastjóri.**

# Tilboðum í Icelandair Hotels skilað í vikulok

Fjárfestar sem fóru áfram í aðra umferð söluferlisins á Icelandair Hotels, dótturfélagi Icelandair Group, hafa frest fram til 1. mars næstkomandi til að skila inn skuldbindandi tilboðum í hótelkeðjuna, samkvæmt heimildum Markaðarins. Upphaflega var gert ráð fyrir að tilboð myndu berast ekki síðar en 12. febrúar síðastliðinn en ákveðið var að framlengja frestinn fram til mánaðamóta.

Á meðal þeirra fjárfesta sem voru teknir áfram í aðra umferð söluferlisins í byrjun ársins voru Keahótel og fasteignafélagið Reginn, sem skiluðu inn sameiginlegu tilboði, sjóður í stýringu Blackstone og asísk hótelkeðja. Óskuldbindandi tilboð fjárfestanna á þeim tíma námu á bilinu um 140 til 165 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði um 17 til 20 milljarða króna, miðað við heildarvirði félagsins. Samkvæmt heimildarmönnum Markaðarins, sem þekkja vel til söluferlisins, eiga þeir frekar von á því að þau skuldbindandi tilboð sem muni berast í hótelkeðjuna verði nær neðri mörkunum.

**1.100**

**milljónir er áætluð EBITDA hótelrekstrar á þessu ári.**

Stefnt er að því niðurstaða fáist í söluferlið, sem hófst formlega í byrjun nóvember í fyrra, fyrir lok fyrsta ársfjórðungs.

Icelandair Hotels rekur 13 hótel í Reykjavík og á landsbyggðinni auk þess að reka einnig sumarhótelkeðjuna Hótel Eddu, en um er að ræða alls 1.937 herbergi á landinu öllu. Fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir að leigutekjur fasteigna nemi 800 milljónum og að EBITDA hótelrekstrar verði um 1.100 milljónir. **– hae**

# WOW air náði sáttum við leigusala félagsins

**Gengið var frá samkomulagi á milli WOW air og leigusala flugfélagsins í lok síðustu viku. Þar með hefur síðasta skilyrðið fyrir fjárfestingu Indigo Partners í félaginu verið uppfyllt. Unnið er að því að leggja lokahönd á viðskiptin.**

Forsvarsmenn WOW air gengu undir lok síðustu viku frá heildstæðu samkomulagi við leigusala lággjaldaflugfélagsins, samkvæmt heimildum Markaðarins. Með samkomulaginu hefur síðasta skilyrðinu sem stendur í vegi fyrir fjárfestingu Indigo Partners í flugfélaginu verið fullnægt og er nú unnið að því að leggja lokahönd á viðskiptin.

Samkomulag WOW air við leigusalana er þannig mikilvægur áfangi í viðræðum flugfélagsins, sem Skúli Mogensen stýrir, og bandaríska fjárfestingafélagsins en vonir hafa staðið til þess að kaup síðarnefnda félagsins á 49 prósenta hlut í íslenska félaginu gangi í gegn fyrir lok þessa mánaðar. Sem kunnugt er rennur frestur sem skuldabréfaeigendur WOW air veittu félaginu til þess að ná samkomulagi við Indigo Partners út á morgun, 28. febrúar.

Unnið er hörðum höndum að því þessa dagana að ganga endanlega frá viðskiptunum, eftir því sem heimildir Markaðarins herma, en ráðgjafar félaganna vinna nú meðal annars að því að ljúka gerð lögfræðilegrar áreiðanleikakönnunar.

Á meðal þeirra mála sem WOW air þurfti að leiða til lykta til þess að viðræðurnar við Indigo Partners gengju eftir voru uppgjör leigusamninga við írsku flugvélaleiguna Avolon vegna fjögurra nýrra Airbus A330 breiðþota. Gengið var frá umræddum tólf ára samningum snemma árs 2017 og átti flugfélagið að fá tvær þotanna afhentar í lok síðasta árs og tvær í lok þessa árs.

Rætt hefur verið um að WOW air þyrfti að greiða verulegar fjárhæðir, sem hlaupa á hundruðum milljóna, til þess að losna undan samningunum og var uppgjör samninganna á meðal stærstu úrlausnarefna flugfélagsins á meðan á viðræðunum við Indigo Partners stóð.

Auk samkomulags við leigusala WOW air fólust skilyrði kaupa bandaríska fjárfestingafélagsins meðal annars í því að flugfélagið næði sáttum við skuldabréfaeigendur félagsins um að þeir féllu frá kaupréttum að hlutafé í því, eins og þeir samþykktu einróma um miðjan síðasta mánuð. Jafnframt féllust þeir á að lengja skuldabréfin um tvö ár og afskrá þau úr kauphöll.

Þá var það enn fremur á meðal skilyrða kaupanna að WOW endurskipulegði leiðakerfi sitt og flota en félagið greindi sem kunnugt er frá því um miðjan desembermánuð að floti þess yrði skorinn niður úr 20 þotum í 11 og stöðugildum fækkað um 350. Áætlar flugfélagið að ferja um það bil 2,1 milljón farþega í ár borið saman við um 3,5 milljónir farþega í fyrra.

Indigo Partners, sem Bill Franke stofnaði árið 2002, hefur heitið því að fjárfesta fyrir allt að 75 milljónir dala, jafnvirði 9 milljarða króna miðað við núverandi gengi, í WOW air. Hefur félagið tekið fram að endanleg fjárhæð fjárfestingarinnar, sem verður aðallega í formi láns til tíu ára með breytirétti í hlutafé, muni ráðast af því hver fjárþörf flugfélagsins verður á meðan rekstri þess verður snúið við.

Bandaríska fjárfestingafélagið mun til að byrja með eignast 49 prósenta hlut í flugfélaginu, gangi kaupin eftir, en kjósi það hins vegar að nýta sér breytirétt, sem kveðið er á um í skilmálum lánssamnings félaganna tveggja, gæti það eignast stærri hlut.

Tap WOW air nam 33,6 milljónum dala, sem jafngildir um 4 milljörðum króna, á fyrstu níu mánuðum síðasta árs en til samanburðar tapaði félagið 13,5 milljónum dala á sama tímabili árið 2017.

Tekjur flugfélagsins námu liðlega 501 milljón dala, um 59,8 milljörðum króna, á fyrstu níu mánuðum ársins og jukust um 31 prósent frá sama tímabili í fyrra þegar þær voru tæpar 372 milljónir dala.

Rekstrarkostnaðurinn var hins vegar 466,9 milljónir dala á tímabilinu og hækkaði um tæplega 46 prósent frá sama tímabili árið 2017.

**hordur@frettabladid.is, kristinningi@frettabladid.is**




**Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW air.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**9**

**milljarðar króna er fyrirhuguð fjárfesting Indigo Partners í WOW air.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **550 5000**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

**Við erum góðir í mælitækjum**



- Flæðimælar
- Hæðarnemar
- Þrýstinemar
- Hitanemar
- PH – nemar
- Leiðninemar

Endress+Hauser
Þýsk gæðavara

VARMA & VÉLAVERK EHF.
Vandað og varanlegt
Knarrarvogi 4 104 Rvk. Sími 585 1070 vov@vov.is www.vov.is

# Keyptu meira en tíu lúxusíbúðir

ÞG Verk hefur selt eða samþykkt kauptilboð í allar íbúðir nema tvær, samtals þrjátíu íbúðir, í fyrstu tveimur húsum á Hafnartorgi í miðbæ Reykjavíkur. Þetta staðfestir Davíð Már Sigurðsson, sölu- og markaðsstjóri ÞG Verks, í samtali við Markaðinn.

Fyrir skemmstu var samþykkt eitt kauptilboð um kaup fjárfesta á meira en tíu lúxusíbúðum í húsunum tveimur.

Davíð Már segir aðspurður að kaupendur að íbúðunum þrjátíu, sem voru settar í sölu um mitt síðasta ár, séu Íslendingar. Meðalverð á fermetra hefur verið um 800 þúsund krónur sem hann segir vel viðunandi. Það sé talsvert hærra en gangi og gerist í öðrum nýbyggingum á svæðinu.

Samkvæmt söluvef ÞG Verks eru samanlagt 70 íbúðir í fimm mismunandi byggingum á Hafnartorgi. Eins og áður segir hafa 30 íbúðir í tveimur fyrstu húsunum nú verið seldar og stendur til að setja íbúðir í hinum blokkunum þremur formlega í sölu í næsta mánuði, að sögn Davíðs Más. Þó kemur til greina að ÞG Verk haldi einhverjum íbúðum og eigi þær áfram í tvö til þrjú ár.

Haft var eftir Þorvaldi Gissurarsyni, forstjóra ÞG Verks, í Markaðinum í síðasta mánuði að verkefnið kostaði í heild um 13 til 14 milljarða. Um það bil helmingur fjárhæðarinnar væri lánsfé frá Landsbankanum. „Eins lengi og þarf á að halda,“ svaraði Þorvaldur spurður hve lengi fyrirtækið gæti beðið með að selja eignirnar á meðan markaðsaðstæður væru krefjandi.

„Ég hef engar áhyggjur af Hafnartorgi. Það er ekkert óeðlilegt að svona verkefni taki lengri tíma í markaðssetningu og sölu en hefðbundið húsnæði. Það kemur ekki á óvart. Þetta er allt önnur vara sem verið er að bjóða en annars staðar,“ sagði hann. **– hae, kij**



**ÞG Verk byggir Hafnartorgið.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**800**

**þúsund er meðalfermetraverð á íbúðum sem hafa verið seldar á Hafnartorgi.**

# Boðun til aðalfundar Arion banka hf.

Aðalfundur í Arion banka hf., kt. 581008-0150, verður haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, þann 20. mars 2019, kl. 16:00. Fundurinn fer fram á íslensku, fyrir utan ræðu stjórnarformanns, en boðið verður upp á túlkaþjónustu á ensku.

## Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. **Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðasta fjárhagsári**
2. **Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið starfsár**
3. **Ákvörðun um greiðslu arðs**
4. **Kosning stjórnar bankans**
5. **Kosning endurskoðunarfélags**
6. **Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra**
7. **Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans**
8. **Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
9. **Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
10. **Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**
    a. Tillagan felur í sér að hlutafé bankans verði lækkað um 186.000.000 kr. að nafnvirði, úr 2.000.000.000 kr. í 1.814.000.000 kr. að nafnvirði.
    b. Verði tillagan samþykkt felur hún í sér breytingu á ákvæði 4.1. samþykkta bankans sem skal eftirleiðis hljóða þannig „Hlutafé bankans er kr. 1.814.000.000 – Einn milljarður áttahundruð og fjórtán milljón krónur."
11. **Tillaga um heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**
    Verði tillagan samþykkt felur hún í sér að nýjum viðauka verður bætt við samþykktir bankans þess efnis að stjórn bankans sé veitt tímabundin heimild til að kaupa allt að 10% af hlutafé bankans í þeim tilgangi að setja upp endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum. Framkvæmd endurkaupa verði háð fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlitsins.
12. **Heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa viðbótar eigin fjár þáttar 1 og samsvarandi breyting á samþykktum**
    Verði tillagan samþykkt felur hún í sér breytingar á samþykktum bankans með þeim hætti að núverandi ákvæði 4.8 í samþykktum bankans verður fellt á brott. Þess í stað kemur nýtt ákvæði um tímabundna heimild til að gefa út breytanleg skuldabréf að hámarki að fjárhæð 20.000.000.000 kr. eða samsvarandi fjárhæð í öðrum gjaldmiðlum, sem uppfylla kröfur sem viðbótar eigin fé þáttar 1, sem skulu taka skyldubundinni umbreytingu í samræmi við skilmála og skilyrði eigin fjár þáttar 1 skuldabréfanna, en geta ekki verið umbreytanleg að vali skuldabréfaeigenda. Tillagan gerir ráð fyrir því að hluthafar afsali sér forgangsrétti vegna umbreytinga skuldabréfa í hlutafé.
13. **Tillaga um breytingu á samþykktum**
    Lagt er til að gerð verði breyting á vi) lið ákvæðis 13.2 samþykkta bankans þannig að felld verði brott tilvísun til þess að þóknun stjórnarmanna og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar skuli ákvörðuð á aðalfundi fyrir komandi starfsár. Verði tillagan samþykkt mun vi) liður ákvæðis 13.2 hljóða svo: „vi) Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar."
14. **Önnur mál**

## Upplýsingar til hluthafa

Endanleg dagskrá, fundarboðun, tillögur, ársreikningur fyrir árið 2018 og önnur skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn verða að finna á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm eigi síðar en 27. febrúar 2019 og verða aðgengileg í höfuðstöðvum bankans frá sama tíma. Ensk þýðing fundargagna verður aðgengileg hluthöfum í höfuðstöðvum bankans sem og á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm. Sé misræmi milli fundargagna á ensku annars vegar og íslensku hins vegar, gildir íslenska útgáfan.

Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, skulu senda skriflega eða rafræna beiðni um slíkt í síðasta lagi tíu sólarhringum fyrir boðaðan aðalfund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 þann 10. mars 2019. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Heimilt er að senda slíka kröfu til félagsstjórnar á netfangið hluthafar@arionbanki.is.

Á aðalfundinum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf bankans njóta ekki atkvæðisréttar. Athygli er vakin á takmörkunum á atkvæðisrétti tiltekinna hluthafa bankans í samræmi við ákvarðanir FME frá 22. september 2017. Sjá einnig tilkynningu bankans frá 22. júní 2018 á vefsíðu Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm.

Þeim hluthöfum sem ekki hyggjast mæta á aðalfundinn, er gefinn kostur á því að greiða atkvæði með rafrænum hætti. Nánari upplýsingar um framkvæmd rafrænnar atkvæðagreiðslu utan aðalfundar er að finna á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm. Sérstök athygli er vakin á því að u.þ.b. fimm virka daga getur tekið að fá sent lykilorð í pósti og hluthöfum því bent á að sækja um lykilorð tímanlega.

Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmann sækja aðalfund og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Í slíkum tilvikum skal umboðsmaður leggja fram skriflegt eða rafrænt, dagsett umboð í upphafi fundar. Umboðið gildir einungis til fundarsetu á einum hluthafafundi nema annað sé skýrlega tekið fram í efni umboðsins, en getur þó aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess. Á vefsíðu bankans er að finna form af umboði. Til að greiða fyrir skráningu er unnt að senda umboð á netfangið hluthafar@arionbanki.is fyrir fundinn.

Hluthafar og/eða fulltrúar þeirra eru beðnir um að gefa sig fram við starfsmenn fundarins og skrá mætingu sína (óskað er eftir að aðilar hafi skilríki meðferðis). Skráning og afhending atkvæðisseðla hefst á fundarstað frá kl. 15:30 á fundardegi.

## Tilkynning til eigenda SDR heimildarskírteina:

Swedish Depository Receipts (SDR) heimildarskírteinishöfum, sem hafa hug á því að mæta á aðalfundinn eða greiða þar atkvæði samkvæmt umboði skulu:

I. Vera skráðir í skrá Euroclear Sweden AB („Euroclear") fyrir kl. 17:00 (CET) þann 15. mars 2019;
II. Tilkynna Skandinaviska Enskilda Banken AB („SEB") í síðasta lagi kl. 12:00 (CET) þann 15. mars 2019 þar um, eða
III. Senda frumrit umboðs til SEB en það þarf að hafa borist SEB eigi síðar en kl. 12:00 (CET) þann 15. mars 2019

Frekari upplýsingar um heimildir SDR heimildarskírteina til að mæta á hluthafafundi og greiða þar atkvæði, eða eftir atvikum veita umboð til þess að greiða atkvæði á fundinum og rétt þeirra til arðgreiðslna er að finna á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is/gm og á vefsíðu Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm.

***Tímabundin takmörkun á yfirfærslu SDR heimildarskírteina í hluti:***
Vegna mismunandi arðsréttindadaga fyrir hluti annars vegar og SDR heimildarskírteini hins vegar verður tímabundin takmörkun á yfirfærslu í gildi. Frá og með lokun markaða 13. mars 2019 til og með 22. mars 2019 verður óheimilt að yfirfæra SDR heimildarskírteini í eða úr hluti í Arion banka hf.

Allar nánari upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm.

arionbanki.is

Reykjavík 26. febrúar 2019 – Stjórn **Arion banka hf.**

# Malasískur risi vill kaupa Geirsgötu 11

**Malasískt stórfyrirtæki vill kaupa húseignina að Geirsgötu 11 við Gömlu höfnina. Fyrirtækið segir kaupin gefa því tækifæri til þess að hefja fjárfestingar hér á landi, sér í lagi á sviði hóelstarfsemi. Stjórnarformaður móðurfélagsins er auðjöfurinn Vincent Tan.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Dótturfélag malasísku fyrirtækjasamsteypunnar Berjaya Corporation, sem var stofnuð af milljarðamæringnum Vincent Tan, eiganda breska knattspyrnufélagsins Cardiff City, er að ganga frá kaupum á fasteigninni að Geirsgötu 11 á Miðbakka við Gömlu höfnina í Reykjavík. Seljendur eru félögin Fiskitangi og Útgerðarfélag Reykjavíkur sem eru að stærstum hluta í eigu Guðmundar Kristjánssonar, útgerðarmanns og forstjóra HB Granda.

Heildarvirði samningsins nemur tæplega 14 milljónum dala eða jafnvirði um 1.670 milljóna króna. Þar af kaupir malasíska félagið, sem ber heitið Berjaya Land Berhad, allt hlutafé í eignarhaldsfélaginu Geirsgötu 11 ehf. fyrir 1,4 milljónir dala og greiðir auk þess upp 12,6 milljóna dala skuld umrædds eignarhaldsfélags við Útgerðarfélag Reykjavíkur.

Í tilkynningu sem malasíska félagið sendi til kauphallarinnar þar í landi fyrr í mánuðinum var tekið fram að kaupin á Geirsgötu 11 myndu gefa félaginu tækifæri til þess að hefja fjárfestingar, svo sem á sviði fasteignaþróunar og sér í lagi hótelstarfsemi, á Íslandi. Félagið, sem átti í lok október í fyrra eignir upp á alls 390 milljarða króna, rekur hótel víða í suðausturhluta Asíu sem og í Lundúnum.

Gert er ráð fyrir því að fyrirvarar kaupanna verði uppfylltir á næstu vikum, eftir því sem heimildir Markaðarins herma, og að kaupin gangi í gegn í kjölfarið.

Runólfur Viðar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Reykjavíkur, vildi ekki tjá sig um viðskiptin þegar eftir því var leitað.

**Húsið að mestu ónotað**

Fasteignin við Geirsgötu 11, sem er gömul vöruskemma, hefur staðið að mestu ónotuð undanfarin ár og er farin að láta á sjá. Útgerðarfélag Reykjavíkur og forveri þess, Brim, hafa á síðustu árum kynnt hugmyndir, í samstarfi við norræna arkitektastofuna PkdM arkitekta, um niðurrif hússins og uppbyggingu á lóðinni en ekki haft erindi sem erfiði.

Þannig samþykkti stjórn Faxaflóahafna síðasta haust, að tillögu skipulagsfulltrúa hafnarinnar, að bíða með framkvæmdir og uppbyggingu á Miðbakka þar til framkvæmdum við Austurhöfn lýkur og ljóst yrði með hvaða hætti skipulag umferðar um Austurbakka og starfsemi á jarðhæð hússins verður.

„Á því svæði er nú mikið álag vegna byggingarframkvæmda og rétt er að sjá hvaða áhrif sú uppbygging hefur áður en ráðist er í frekari uppbyggingu á Miðbakka," sagði í umsögn skipulagsfulltrúans.



Fasteignin við Geirsgötu 11, gömul vöruskemma, hefur staðið að mestu ónotuð undanfarin ár og er farin að láta á sjá. Brim hefur síðustu ár kynnt hugmyndir um niðurrif hússins en ekki haft erindi sem erfiði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Umdeildur eigandi Íslendingaliðsins Cardiff City

Malasíski milljarðamæringurinn Vincent Tan, sem er mörgum Íslendingum kunnur sem eigandi velska knattspyrnuliðsins Cardiff City, stofnaði Berjaya Corporation árið 1984 og gegnir í dag stjórnarformennsku í samsteypunni.

Auður hans var metinn á 820 milljónir dala, sem jafngildir um 98 milljörðum króna, í september í fyrra, samkvæmt samantekt viðskiptatímaritsins Forbes, og er hann þannig 25. ríkasti Malasíubúinn.




Tan keypti meirihluta í Cardiff City árið 2010 en ári síðar gekk landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson sem er kunnugt er til liðs við félagið. Óhætt er að segja að framganga Tans sem eigandi velska félagsins hafi vakið athygli í knattspyrnuheiminum.

Árið 2012 ákvað hann til að mynda að skipta aðalbúningi félagsins úr bláum í rauðan og breyta um leið um félagsmerki þar sem rauður dreki kom í stað bláa fuglsins sem hafði ávallt prýtt það. Breytingin féll í grýttan jarðveg á meðal stuðningsmanna Cardiff og neyddist Tan til þess að snúa aftur til upprunans, ef svo má að orði komast, og skipta aftur yfir í bláa litinn þremur árum síðar.

Gagnrýnendur Malasíubúans hafa jafnframt haldið því fram að hann hafi ekki hundsvit á fótbolta, honum til mikillar gremju. „Einn daginn ertu hetja en þann næsta breytist þú í skúrk," sagði Tan eitt sinn í viðtali við breska ríkisútvarpið og bætti svo við: „Án mín hefði Cardiff farið á hausinn en í staðinn komst liðið upp í ensku úrvalsdeildina vegna minnar fjárfestingar."

Auk fjárfestingarinnar í Cardiff er Tan eigandi bosníska knattspyrnufélagsins FK Sarajevo og hins belgíska K.V. Kortrijk auk þess sem hann á hlut í bandaríska knattspyrnufélaginu Los Angeles FC.

**1,7**

**milljarðar króna er heildarvirði samnings Berjaya Land og Útgerðarfélags Reykjavíkur.**

Fyrr á árinu hafði umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar tekið neikvætt í tillögu lóðarhafa um uppbygginguna á Miðbakka en samkvæmt þeirri tillögu átti byggingamagn að vera 27.760 fermetrar. Taldi ráðið það of mikið.

**Eitt stærsta fyrirtæki Malasíu**

Kaupandi hússins, Berjaya Land Berhad, er dótturfélag samsteypunnar Berjaya Corporation sem er eitt stærsta fyrirtæki í Malasíu. Fjárfestir það meðal annars í lottó- og fjárhættuspilastarfsemi, hótelum og öðrum fasteignaverkefnum, fjarskiptaþjónustu, matvæla- og drykkjarframleiðendum, dreifingarfyrirtækjum, bílasölum og hinum ýmsu framleiðslufyrirtækjum, svo eitthvað sé nefnt.

Þá er samsteypan, sem var stofnuð árið 1984 og er með um það bil 14 þúsund starfsmenn, leiðandi á sviði fasteignaþróunar í Malasíu. Byggði hún meðal annars 48 hæða tvíburaturn, að nafni Berjaya Times Square, í Kúala Lúmpúr, höfuðborg Malasíu, árið 2003 en byggingin er sú tíunda stærsta í heimi miðað við gólfflöt.

Umrætt hús við Geirsgötu 11, sem malasíska félagið vill eignast, var byggt árið 1982 úr forsteyptum einingum og er varðveislugildi þess ekki talið mikið. Þar var fyrst til húsa útgerð Ríkisskipa en síðar var þar fiskvinnsla Jóns Ásbjörnssonar og Fiskkaupa sem seldu Brimi húsið snemma árs 2007.

Fyrir rúmum sex árum gerðu Faxaflóahafnir og lóðarhafinn, Brim, með sér samkomulag um að endurnýja ytra byrði hússins og færa aftur líf í það og kynnti útgerðin meðal annars hugmyndir um að opna þar fiskvinnslu, sýningarsal, fiskmarkað og veitingahús. Ekkert varð hins vegar af þeim áformum.

# Arion, Capacent og Landsbankinn hækka verðmöt sín á Marel

Greinendur þriggja fyrirtækja hækkuðu fyrr í vikunni verðmöt sín á Marel og telja að þrátt fyrir mikla hækkun á hlutabréfaverði félagsins undanfarnar vikur eigi bréfin nokkuð inni.

Greiningardeild Arion banka metur gengi hlutabréfa í Marel á 513 krónur á hlut sem er 7,6 prósenta hækkun, í krónum, frá síðasta verðmati í desember. Nýjasta verðmat greinenda Capacent hljóðar upp á 560 krónur á hlut og þá metur hagfræðideild Landsbankans gengi bréfanna á 499 krónur á hlut sem er 7,1 prósents hækkun, einnig í krónum, frá því í byrjun síðasta mánaðar.

Til samanburðar stóð gengi hlutabréfa í Marels í 490 krónum á hlut við lokun markaða í gær. Hafa bréfin hækkað um ríflega 21 prósent í verði undanfarinn mánuð.

Verðmöt greinendanna eru þannig umtalsvert hærri en núverandi gengi bréfanna. Munurinn er hins vegar áberandi minnstur, eða aðeins um 1,8 prósent, í tilfelli Landsbankans sem ráðleggur fjárfestum að halda hlutabréfum sínum í Marel.

Greiningardeild Arion banka bendir á að uppgjör Marels fyrir fjórða fjórðung síðasta árs, sem hafi verið vel umfram væntingar, skýri að mestu leyti hærra verðmat deildarinnar.

Hvað varði mögulegar skýringar á hækkun hlutabréfa félagsins undanfarið nefna þeir til að mynda að hlutabréf í sambærilegum fyrirtækjum hafi hækkað, félagið hafi nýverið skilað sterku fjórðungsuppgjöri og þá hafi nýir erlendir fjárfestar jafnframt verið að kaupa bréf í félaginu.

Í verðmati Arion banka er tekið fram að auðveldlega megi færa rök fyrir því að nýleg hækkun hlutabréfa í Marel eigi að hvetja innlenda stofnanafjárfesta, líkt og lífeyrissjóðina, til þess að draga aðeins úr eignarhaldi sínu í félaginu.

Hins vegar eiga greinendur bankans ekki endilega von á því að sú verði raunin. Eignarhlutur umræddra fjárfesta í Marel sé ekki sérstaklega stór í samanburði við stærð Marels á íslenska hlutabréfamarkaðinum og þá sé ólíklegt að fjárfestarnir telji að vægi innlendra hlutabréfa í eignasöfnum sínum sé óþægilega hátt.

Greinendur Landsbankans segjast ekki gera ráð fyrir neinum grundvallarbreytingum í starfsemi Marels á þessu ári miðað við það sem þeir gerðu ráð fyrir í síðasta verðmati í janúar.

Þeir benda á að dregið hafi úr vexti nýrra pantana á síðustu fjórum ársfjórðungum og þá sé pantanabókin 10 prósentum minni en hún var í lok mars í fyrra. Hins vegar spá sérfræðingar bankans 6 prósenta söluvexti í ár sem sé í samræmi við langtímamarkmið stjórnenda félagsins.

Til samanburðar jukust tekjur Marels um 15,4 prósent á síðasta ári en félagið skilaði mettekjum, 331 milljón evra, á fjórða ársfjórðungi síðasta árs. – kij



Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels. Greinendur líta framtíð félagsins björtum augum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Ný verðmöt greinenda á Marel

| | Arion banki | Capacent | Landsbankinn |
|---|---|---|---|
| Verðmatsgengi | 513 | 560 | 499 |
| Ráðlegging | Bæta við | Bæta við | Halda |

**Frjálsi**
lífeyrissjóðurinn



# Stöðugt á réttri leið

Í gegnum upp- og niðursveiflur síðustu 40 árin hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn barist fyrir valfrelsi, gætt hagsmuna sjóðfélaga og sinnt sínu hlutverki – að ávaxta lífeyrissparnað sjóðfélaga.

Frjálsi er góður kostur fyrir bæði skyldu- og viðbótarsparnað og hentar þeim sem vilja að lífeyrissparnaðurinn sinn erfist.

Frjálsi býður upp á fjórar ólíkar fjárfestingarleiðir fyrir séreignarsparnað sem sjóðfélagar geta valið um.




*Á ársgrundvelli m.v. 31.12.2018

Verið velkomin á fræðslufund um fjárfestingarleiðir og ávöxtun Frjálsa þann 28. febrúar kl. 17.30. Fundurinn verður haldinn í Arion banka, Borgartúni 19.

**Skráning á frjalsi.is**

Upplýsingar um skiptingu skyldusparnaðar í samtryggingu og erfanlega séreign er að finna á frjalsi.is. Hafa ber í huga að ávöxtun sjóðsins í fortíð tryggir ekki framtíðarárangur. Nánari upplýsingar um sjóðinn og fjárfestingarstefnu hans má finna á www.frjalsi.is.

Investment & Pensions Europe (IPE) er evrópskt fagtímarit um lífeyrismál. Nánar má kynna sér árlega samkeppni IPE á IPE.com/awards.

**Flest IPE-verðlaun**
íslenskra lífeyrissjóða

# Einkafjárfestar þurfa að láta til sín taka

**Helgi Magnússon fjárfestir segir víða hafa skort örugga forystu í hluthafahópum skráðra félaga á Íslandi. Stjórnarmenn þurfi að hafa beina hagsmuni af velgengni þeirra fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá. Velja þurfi stjórnarmenn með víðtæka reynslu.**



**Helgi Magnússon hélt útgáfuhóf í Gamla bíói síðastliðinn laugardag.** LJÓSMYND/GUÐMUNDUR KRISTINN JÓHANNESSON

Vöntun er á einkafjárfestum sem veita skráðum íslenskum félögum örugga forystu í góðu samstarfi við stofnanafjárfesta eins og lífeyrissjóði, vátryggingarfélög og aðra söfnunarsjóði. Það er ein af ástæðum mikillar velgengni Marels á seinni árum að sögn Helga Magnússonar fjárfestis sem hefur nú gefið út endurminningabókina Lífið í lit. Hann hefur átt sæti í stjórn Marels síðustu 14 ár.

„Samsetning hluthafahóps Marels hefur reynst félaginu gríðarlega mikilvæg og hún hefur verið mjög ólík þeirri samsetningu sem hefur einkennt mörg önnur skráð fyrirtæki á markaðinum hér heima eftir hrun,“ segir Helgi í samtali við Markaðinn og nefnir að Eyrir hafi verið kjölfestufjárfestir í Marel frá árinu 2005. Síðan þá hafi velta félagsins nífaldast, EBIT-afkoma sextánfaldast og nettóhagnaður tuttugufaldast í evrum talið.

„Það hefur víða skort forystu í hluthafahóp skráðra félaga eins og til dæmis Icelandair þar sem einkafjárfestar hafa því miður lítið fjárfest á seinni árum. Óskandi væri að breyting yrði þar á. Sem betur fer hafa íslenskir einkafjárfestar látið til sín taka að nýju í Eimskip og HB Granda, og þetta þarf að eiga sér stað hjá fleiri félögum. Smærri fjárfestar eru rólegri ef þeir vita af öruggri forystu í hluthafahópnum. Það gengur ekki lengur að vísa á hrun sem varð fyrir meira en áratug. Þjóðin er búin að vera of lengi föst í því fari.“

**Stjórnarmenn taki áhættu**

Helgi hefur víðtæka reynslu af stjórnarsetu í atvinnulífinu. Í endurminningabók sinni, sem er rituð af Birni Jóni Bragasyni, kemur hann einnig inn á mikilvægi þess að stjórnarmenn hafi beina hagsmuni af velgengni þeirra fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá.

„Það hefur aðeins verið í tísku að sækja fólk til stjórnarsetu sem tengist viðkomandi félögum ekkert og á helst ekkert í þeim. Ég tel hins vegar verulegan styrk að því að stjórnarmenn fjárfesti í atvinnulífinu og þori að taka áhættu með öðrum hluthöfum,“ segir Helgi.

„Þeir njóta þannig velgengni með fyrirtækjunum þegar vel gengur og þjást með þeim ef á móti blæs. Mér finnst það eðlilegra en að vera laus allra mála og eiga ekkert undir.“

**Tvær nefndir féllu á prófinu**

Tilnefningarnefndum hefur verið komið á fót í meira en helmingi skráðra félaga á aðallista Kauphallarinnar. Marel er eitt þeirra sem hefur enn ekki komið á fót tilnefningarnefnd en breyting kann að verða á því. Helgi efast um mikla gagnsemi tilnefningarnefnda í smáu hagkerfi á borð við það íslenska.

„Okkur er stundum tamt að bera okkur gagnrýnislaust saman við risasamfélög. Tilnefningarnefndir eru nauðsynlegar þar sem hluthafar skipta tugum þúsunda eða jafnvel hundruðum þúsunda og stærstu hlutir eru afar smáir. Þá eru tilnefningarnefndir óhjákvæmilegar. Hérna eru hluthafar oft í kringum eitt þúsund og 10 stærstu hluthafarnir fara gjarnan með 60 til 80 prósent alls hlutafjár. Þá ætti þetta að horfa öðruvísi við,“ segir Helgi.

„Tilnefningarnefndir verða prófaðar hér næstu árin og svo skulum við sjá til hverju fram vindur. Enn sem komið er þykir mér reynslan af nefndunum ekki góð. Þannig tel ég að þær hafi fallið á prófum bæði hjá VÍS og í Högum. Það er ekki góð byrjun,“ segir Helgi en minnir á að tilnefningarnefndir geti ekki orðið nema ráðgefandi. Hluthafar fyrirtækjanna hafa valdið á hluthafafundum hver sem ráðgjöf nefnda kann að vera. Hluthafarnir eru ekki að framselja vald sitt.

## Þeir með reynslu af rekstri nálgast störf sín í stjórnum með öðrum hætti




Helgi segist leggja mikið upp úr því að til setu í stjórnum fyrirtækja veljist fólk með víðtæka reynslu af rekstri. „Með því er ég ekki að gera lítið úr fræðimönnum og öðrum sem telja sig vita nákvæmlega hvernig á að láta dæmin ganga upp án þess að hafa prófað sjálfir. Ég met rekstrarreynslu úr raunheimum miklu meira,“ segir Helgi. Þessi orð ríma við það sem kemur fram í einum kafla í endurminningarbókinni.

„Mér hefur sýnst að þeir sem hafa reynslu af rekstri fyrirtækja nálgist oft störf sín í stjórnum með öðrum hætti en hinir. Það er mikilvæg reynsla að hafa þurft að bera ábyrgð á daglegum rekstri eins og að hafa fólk í vinnu, tryggja að tekjur séu meiri en útgjöld, eiga fyrir launum um mánaðamót, eiga fyrir virðisaukaskatti og öðrum opinberum gjöldum á réttum tíma og yfirhöfuð þurfa að láta dæmið ganga upp — ná endum saman.

Oft má heyra fólk dæma um rekstur fyrirtækja, smárra og stórra, fólk sem hefur aldrei þurft að bera ábyrgð á rekstri, hefur aldrei þurft að eiga fyrir launum eða virðisaukaskatti en þegið laun sín örugglega frá öðrum skilvíslega um hver mánaðamót. Þetta á því miður oft við um stjórnmálamenn, embættismenn, fræðimenn og aðra sem gjarnan vita nákvæmlega hvernig á að gera hlutina en hafa aldrei prófað það sjálfir. Ég met reynslu þeirra meira sem hafa þurft að láta dæmin ganga upp á eigin ábyrgð.“

# Hagnaður KPMG dróst saman um fimmtung

KPMG hagnaðist um 298 milljónir króna á síðasta rekstrarári ráðgjafar- og endurskoðunarfyrirtækisins, frá október 2017 til september 2018, og dróst hagnaðurinn saman um 81 milljón króna frá fyrra rekstrarári.

Rekstrartekjur fyrirtækisins námu tæplega 5,2 milljörðum króna á síðasta rekstrarári og jukust um 6,3 prósent frá rekstrarárinu 2016 til 2017 þegar þær voru tæpir 4,9 milljarðar króna. Rekstrargjöldin voru liðlega 4,8 milljarðar króna á síðasta rekstrarári og hækkuðu um 408 milljónir króna á milli tímabila.

**6%**

**var aukning rekstrartekna KPMG á síðasta rekstrarári.**



**KPMG greiðir 295 milljóna króna arð í ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Var rekstrarhagnaður KPMG þannig ríflega 332 milljónir króna frá október 2017 til september 2018 borið saman við 433 milljónir króna á fyrra rekstrarári.

KPMG átti eignir upp á tæplega 2,1 milljarð króna í lok september í fyrra en á sama tíma var eigið fé fyrirtækisins 549 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið því um 27 prósent.

Stjórn fyrirtækisins leggur til að arður upp á 295 milljónir króna verði greiddur til hluthafa í ár vegna síðasta árs en í lok síðasta rekstrarárs voru hluthafar 38 talsins. – **kij**

# LSR bætir við sig í HB Granda en Lífeyrissjóður verslunarmanna selur

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur á undanförnum sex mánuðum bætt við sig í HB Granda með kaupum á samanlagt ríflega 0,9 prósenta hlut í útgerðinni, samkvæmt nýjum lista yfir stærstu hluthafa hennar. Á meðan hafa aðrir lífeyrissjóðir í hópi stærstu hluthafa HB Granda minnkað lítillega hlut sinn.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins fór í lok janúar sl. með 14,6 prósenta hlut í HB Granda, að virði um 7,9 milljarða króna, en til samanburðar nam eignarhlutur sjóðsins 13,7 prósentum í lok júlí í fyrra.

Hlutur Lífeyrissjóðs verslunarmanna, þriðja stærsta hluthafa HB Granda, var 13,2 prósent í lok janúar en sjóðurinn hefur á undanförnum sex mánuðum selt um hálfs prósents hlut í félaginu. Þar á eftir kemur Gildi lífeyrissjóður með 8,5 prósenta hlut en hann hefur minnkað hlut sinn lítillega á síðustu mánuðum. Það sama gildir um Birtu lífeyrissjóð sem á liðlega 3,9 prósent í útgerðarfélaginu.


**Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**7,9**

**milljarðar króna er markaðsvirði hlutar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í HB Granda.**

Hlutabréfasjóður í stýringu Stefnis, Stefnir ÍS 15, hefur selt um 0,7 prósenta hlut í HB Granda á undanförnum mánuðum og hélt í lok síðasta mánaðar á tæplega 2,9 prósenta hlut í félaginu.

Útgerðarfélag Reykjavíkur er sem fyrr stærsti hluthafi HB Granda með 35 prósenta hlut.

Hlutabréf í útgerðinni hafa lækkað um 9,6 prósent í verði á síðustu sex mánuðum og stóð gengi bréfanna í 29,85 krónum á hlut við lokun markaða í gær. Var markaðsvirði félagsins þá um 54,1 milljarður króna. – **kij**










# Til leigu

## Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR




„Fyrir einhverjum árum var launahlutfall 40 prósent af tekjum. Núna er það á milli 50 og 60 prósent. Bransinn er á erfiðum stað,“ segir Birgir Bieltvedt fjárfestir. Hann segir að veitingamenn leggi ekki

# Erfiðleikar fá veitingamenn til að naga

**Umtalsverður samdráttur var hjá mörgum veitingastöðum í miðborginni í fyrra. Fjöldi veitingastaða sem eru innan við eins árs eru hafa brugðið á það ráð að loka veitingastaðnum í Borgartúni og einblína á rekstur í miðbænum og Hafnarfirði. Erfitt að fá banka til**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Hart er í ári hjá veitingamönnum. Margir þeirra segja að það sé offramboð af veitingastöðum. Þess vegna sé hægt að fara út að borða í hádeginu á góðum stöðum í miðbænum fyrir jafnvel minni pening en á skyndibitastöðum eða kaffihúsum. Á sama tíma og verð hafi lækkað hafi rekstrarkostnaður aukist enda hafi laun og húsaleiga hækkað.

Veitingamenn í miðbænum og á Granda sem ræddu við Markaðinn segja ekkert svigrúm til launahækkana. Á sama tíma gera verkalýðsfélögin kröfu um ríkulegar hækkanir og sveifla verkfallsvopninu.

„Þeir veitingamenn sem ég hef rætt við hafa miklar áhyggjur af stöðu mála,“ segir Kristján B. Þorsteinsson, stjórnarformaður Osushi, sem rekið hefur veitingastaðinn frá árinu 2005 og starfað við fagið í yfir 35 ár. „Við höfum brugðið á það ráð að draga úr umsvifum og fækka veitingastöðum úr þremur í tvo. Leigusamningur okkar í Borgartúni var að renna sitt skeið á enda og við munum ekki endurnýja hann heldur einbeita okkur að rekstri veitingastaða í Tryggvagötu og á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði.

Það er samdráttur í greininni. Veitingastaðir eru orðnir of margir. Það er enn verið að vinna að ársskýrslu fyrirtækisins en veltan í Borgartúni dróst saman um 20 prósent á milli ára. Á sama tíma er leiguverð að hækka og við vitum ekki hvað mun gerast í launamálum,“ segir hann

Að hans sögn fer árið 2019 rólega af stað. Hann muni ekki eftir svona rólegri tíð í rekstrinum. „Síðasta sumar fórum við að finna fyrir því að veitingastaðir voru orðnir of margir í miðbænum.“

**Tuga prósenta samdráttur**

Heimildarmaður sem þekkir vel til segir að það hafi verið samdráttur í tekjum hjá mörgum veitingahúsum í miðborginni í fyrra, hann hafi jafnvel numið tugum prósenta í einhverjum tilvika. Hann tekur sem dæmi veitingastað í sinni eigu. Fyrir tveimur árum hafi fyrirtæki viljað gera vel við starfsmenn og boðið upp á jólagleði. Fyrirtæki hafi hins vegar haldið þétt um pyngjuna í desember síðastliðnum og því ekki boðið upp á slíkar veislur í sama mæli. Það megi meðal annars rekja til þess að fyrirtækin höfðu gripið til uppsagna um svipað leyti og ekki kunnað við að blása til veglegs jólaborðhalds á sama tíma í kjölfarið eða kosið að spara með því að halda fögnuðinn á vinnustaðnum.

**Þetta gerðist hratt. Samkeppnin varð gríðarlega mikil, krónan sterk, erfitt að fá starfsfólk og laun hækka. Þetta skellur á bransann 2017.**

Birgir Bieltvedt



**Þetta snýst ekki um vilja til að greiða hærri laun heldur getuna til þess.**

Sigrún Þormóðsdóttir, 101 Hótel.



**Rekstur veitingasala og -þjónustu árið 2017**

í milljónum króna




Heimild: Hagstofa Íslands

Aðspurður segir Kristján ekkert svigrúm í rekstri Osushi til launahækkana. „Ef verð hækkar, verður það bara sama sagan, verð á veitingastöðum mun hækka og starfsfólki sennilega fækka.“

Kristján segir að starfsmenn fyrirtækisins séu tæplega 40 og við lokun í Borgartúni hafi fækkað um þrjú stöðugildi. Aðrir starfsmenn gátu hafið störf á hinum stöðunum.

Að hans sögn var afkoman af rekstrinum undir væntingum í fyrra, meðal annars í ljósi þess eiginfjár sem sé bundið í fyrirtækinu. Spurður hvort staðirnir í Hafnarfirði og í miðbænum hafi verið reknir með hagnaði segir hann að það sé ekki alveg að marka niðurstöðuna í fyrra. „Við fluttum úr Pósthússtræti í Tryggvagötu á síðasta ári og það var kostnaðarsamt. Hafnarfjörðurinn skilaði hagnaði,“ segir Kristján.

**Lokað í hádeginu**

Athygli vekur að Osushi í Borgartúni var hádegisstaður. Það er eins og fyrr segir ódýrara að fara á veitingastað þar sem þjónað er til borðs en að kaupa samloku á kaffihúsi. Grillmarkaðurinn og Sumac hafa til að mynda kosið að hætta að hafa opið í hádeginu.

Heimildarmaður úr veitingageiranum sem rekur veitingastað sem opinn er í hádeginu segir að

Fólk
Tækni
MIÐVIKUDAGUR 27. FEBRÚAR 2019




Ólafur Borgþórsson, markaðsstjóri hjá Opnum kerfum, segir að hraðri tækniþróun hafi fylgt sífelld aukning tölvuárása um allan heim. MYND/ERNIR

# Er eitthvað öruggt í stafrænum heimi?

Er eitthvað öruggt í stafrænum heimi? er yfirskrift ráðstefnu sem Opin kerfi standa fyrir um net- og upplýsingaöryggismál á Grand Hótel 6. mars næstkomandi. Aðalframsögumenn ráðstefnunnar eru dr. Laura Galante, víðfrægur þjóðaröryggissérfræðingur og Pablos Holman, framtíðarfræðingur og heimsfrægur fyrrverandi hakkari, sem hefur snúið við blaðinu. →2



**Framhald af forsíðu** ➪

Umfjöllunarefni ráðstefnunnar er net- og upplýsingaöryggi á tímum aukinna netárása og tölvuglæpa,“ segir Ólafur Borgþórsson, markaðsstjóri hjá Opnum kerfum. Hann segir hraða tækniþróun síðustu ára hafa haft í för með sér sífellda aukningu tölvuárása um allan heim. „Fyrirtæki og stofnanir búa yfir viðkvæmum gögnum og í auknum mæli verða þau skotmörk tölvuhakkara. Fólk þarf því að staldra við og spyrja sig: Er eitthvað í raun öruggt í hinum stafræna heimi?“

Tölvuglæpum og netárásum á íslensk fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga hefur fjölgað verulega á undanförnum árum. Vegna þessa hafa Opin kerfi kallað til sérfræðinga á þessu sviði sem munu fjalla um netöryggi og netógnir frá sjónarhorni stjórnvalda, einstaklinga og fyrirtækja. „Á ráðstefnunni verður meðal annars rýnt í framtíðarþróun tölvuglæpa, hverjar hætturnar eru, hvort innviðir og kerfi Íslands séu búin undir auknar netárásir. Enn fremur verður farið yfir þróun og viðbrögð alþjóðasamfélagsins við auknum tölvuglæpum og áhrif nýrrar löggjafar um rafræna persónuvernd,“ telur Ólafur upp.

## Heimsfrægir fyrirlesarar

Aðalframsögumenn eru erlendir en það eru þau dr. Laura Galante og Pablos Holman.

Dr. Laura Galante heldur fyrirlesturinn „Digital warfare, keeping a nation cyber-safe – Cyber spying, national-level hacking, information leaks, fake news, and manipulation“. „Galante er mjög áhugaverður fyrirlesari en hún er heimsþekktur bandarískur þjóðaröryggissérfræðingur sem hefur meðal annars rannsakað tölvuárásir Rússa í bandarísku forsetakosningunum árið 2017. Hún hefur unnið fyrir stjórnvöld bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum að viðbragðsáætlunum sem þarf að grípa til þegar gerðar eru netárásir á þjóðir,“ lýsir Ólafur en Galante mun fara yfir hvað Ísland sem þjóð þarf að varast.

Hinn aðalfyrirlesari ráðstefnunnar er Pablos Holman sem heldur erindið „A hacker’s view of a digital future“. „Pablos Holman er heimsfrægur fyrrverandi hakkari og sérfræðingur í net- og upplýsingaöryggi. Hann er líka framtíðarfræðingur og hefur unnið að þróun nýrra tæknilausna, meðal annars geimskipa með Jeff Bezos og með Nathan Myhrvold í Intellectual Ventures Laboratory,“ lýsir Ólafur. Hann segir Holman sérstaklega skemmtilegan karakter sem hugsi út fyrir boxið og reyni ávallt að horfa aðeins öðruvísi á hlutina. „Hann var áður hakkari en sneri við blaðinu til að vinna að lausnum á vandamálum mannkynsins.“

Fjölmargir aðrir áhugaverðir fyrirlesarar halda tölu á ráðstefnunni. Kristinn Guðjónsson, forstöðumaður hjá Google, verður með framsögu. Helstu sérfræðingar landsins í þessum efnum fjalla um upplýsingaöryggismál, en þau eru Theodór Gíslason, öryggisráðgjafi hjá Syndis, Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, Sigurður Emil Pálsson, formaður netöryggisráðs, og Jón Ingi Pétursson hjá Ríkislögreglustjóra. Helga Arnardóttir fjölmiðlakona stýrir fundi og pallborðsumræðum sem verða haldnar í kjölfar framsagna.

## Margþætt umræða

Opin kerfi hafa lagt töluverða áherslu á að auka vitund um netöryggi og verið virkur þátttakandi í umræðunni um þau mál. „Undanfarið hefur töluvert verið leitað til sérfræðinga okkar varðandi ýmis mál sem hafa skotið upp kollinum hér á landi og erlendis og m.a. birtist grein um daginn þar sem Guðbjarni Guðmundsson, okkar maður, ræddi um netöryggismál,“ segir Ólafur og greinir nánar frá innihaldi greinarinnar. „Þar kemur til dæmis fram að samkvæmt nýlegri könnun hafi 43% fyrirtækja orðið fórnarlömb öryggisbrota á internetinu á síðustu 12 mánuðum. Það er því ljóst að fyrirtæki um allan heim þurfa daglega að verjast óprúttnum aðilum sem reyna að komast yfir gögn þeirra.“

Í greininni sagði Guðbjarni m.a. frá því að Ísland væri ekki undanskilið tölvuárásum enda þýði aukin þróun tölvuþýðingarvéla að tungumálið sé ekki lengur hindrun fyrir hakkara. Þá sé talið að kostnaður vegna tölvuglæpa muni hækka verulega á næstu árum og verði í kringum sex billjónir dollara árið 2021. Meðalkostnaður fyrirtækja utan Bandaríkjanna sem hafa orðið fyrir tölvuárás er áætlaður í kringum 3,86 milljónir dollara en í Bandaríkjunum nemur kostnaðurinn 7,91 milljón dollara. Þá er talið að 196 daga taki að meðaltali að uppræta glæpinn.

Þá tók hann nokkur dæmi um nýlegar tölvuárásir. „Á síðastliðnu ári tilkynnti Yahoo að fyrirtækið hefði orðið fyrir tölvuárás árið 2014 sem náði til 500 milljóna notenda þeirra. Um 330 milljónir viðskiptavina Marriott hótelkeðjunnar urðu fyrir skaða þegar gögnum og persónuupplýsingum þeirra var stolið.“

## Fjöldi tölvuglæpa falinn

Í greininni segir einnig frá svokölluðum gagnagíslatökum, þar sem tölvur eru sýktar með vírus sem dulritar gögn og læsir þeim. „Á árinu 2017 átti sér stað umfangsmikil tölvuárás víða um heim þar sem hakkarar læstu hundruðum þúsunda tölva. […]. Gerendur kalla eftir lausnargjaldi til að hleypa notendum aftur að gögnum sínum. Fyrirtæki og einstaklingar um allan heim hafa í tíðari mæli greitt lausnarféð til að forðast orðsporshnekki þar sem mikið er í húfi varðandi traust og ímynd. Vegna þessa er fjöldi tölvuglæpa falinn.“

Ólafur segir að tölvuglæpum muni aðeins fjölga á næstu árum enda hakkarar fljótir að tileinka sér veikleika upplýsingakerfa. Kennistuldum fjölgi líkt og annars konar netárásum en talið sé að um 60 milljónir Bandaríkjamanna hafi orðið fyrir kennistuldi. Tilkoma rafgjaldmiðla skapi vettvang fyrir tölvuglæpi án þess að hægt sé að rekja peninginn auk þess sem mörg öpp séu varasöm. Þá sé tölvupóstur einnig mikið notaður til að komast inn í upplýsingakerfi fyrirtækja. „Net- og upplýsingaöryggi ætti því að vera partur af áhættustýringu allra fyrirtækja,“ segir Ólafur og hvetur alla til að láta ekki þessa ráðstefnu fram hjá sér fara.

Ráðstefnan Er eitthvað öruggt í stafrænum heimi? fer fram á Grand Hótel miðvikudaginn 6. mars. Allir eru velkomnir en nánari upplýsingar og miða á ráðstefnuna má nálgast á vefsíðunni www.opinkerfi.is.

## Dagskrá fundar

**Þorsteinn Gunnarsson, forstjóri Opinna kerfa,**
setur fundinn kl 8.30.

**Dr. Laura Galante**
Digital warfare, keeping a nation cyber-safe – Cyber spying, national-level hacking, information leaks, fake news, and manipulation.

**Dr. Sigurður Emil Pálsson, formaður Netöryggisráðs**
Aðgerðir stjórnvalda til að efla netöryggi, bæði hjá hinu opinbera og í samfélaginu almennt.

**Theodór Ragnar Gíslason, Co-founder and CTO hjá Syndis**
Never safe in a digital world: experiences and lessons from the front lines.

**Jónas Ingi Pétursson, fjármála- og upplýsingtæknistjóri hjá Ríkislögreglustjóra**
Löggæsla í stafrænum heimi.

**Kristinn Guðjónsson, forstöðumaður hjá Google**
Google Detection and Response Team Lead – Your business has been hacked – now what? Immediate and long term responses.

**Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar**
Ný heimsmynd: Áskoranir á sviði persónuverndar í stafrænum heimi.

**Pablos Holman**
A hacker’s view of a digital future.

**11.30–12.00 Pallborðsumræður**
Staða mála, framtíðarsýn og áherslur í net- og upplýsingaöryggi með þátttöku fyrirlesara.

**Stjórn umræðna: Helga Arnardóttir**



**Dr. Laura Galante er víðfrægur bandarískur þjóðaröryggissérfræðingur.**



**Pablos Holman er heimsfrægur fyrrverandi hakkari og sérfræðingur í net- og upplýsingaöryggi.**

1979 - 2019

1989 - 2019

# Special Olympics 2019

MIÐVIKUDAGUR 27. FEBRÚAR 2019



## Stoltur og glaður í hjartanu

Hjalti Geir Guðmundsson, sundmaður úr íþróttafélaginu Ösp, er einn fjögurra íslenskra sundkappa sem valdir voru til þess að keppa fyrir Íslands hönd á heimsleikum Special Olympics. →2

Sundkappinn Hjalti Geir Guðmundsson klæðist hér stoltur treyju Special Olympics með foreldrum sínum, Jóhönnu Vigdísi Hjaltadóttur og Guðmundi Magnússyni. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Aðalsamstarfsaðilar Special Olympics á Íslandi

SAMHERJI

Íslandsbanki

Special Olympics Iceland 1989 - 2019

Hjalti Geir er ákaflega upp með sér að hafa verið valinn til þess að fara á heimsleikana. Hann er svo innilega stoltur og glaður í hjartanu og finnur að þetta er eitthvað stærra og meira," segir Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, móðir sundkappans Hjalta Geirs Guðmundssonar, sem senn heldur utan til keppni á heimsleikum Special Olympics.

„Það er sagt um heimsleikana að þátttaka í þeim sé sigurför fyrir sjálfsmyndina og það eru orð að sönnu. Nú er komið ár síðan Hjalti Geir var valinn og ég hef séð hversu mikið það hefur gert fyrir sjálfsmynd hans og sjálfstraust að fá viðurkenningu fyrir að vera duglegur, leggja sig fram, vera stundvís og gera sitt besta. Þetta verður þroskaför því heimsleikarnir eru haldnir svo langt í burtu og Hjalti Geir fer utan með þjálfara og hópnum en ekki okkur, eins og hann er vanur. Það þykir honum spennandi og hann verður svolítið stór við þessa lífsreynslu. Þetta verður þroskandi fyrir hann á svo marga vegu; að vera hluti af hóp, fara eftir fyrirmælum, og að sýna stillingu og þolinmæði sem allt er svo mikilvægt og dýrmætt."

## Fann sig í fyrsta sundtíma

Það var í skólasundi í Hlíðaskóla sem Hjalti Geir vakti fyrst athygli fyrir sundhæfileika sína.

„Þar kom sundkennarinn auga á hversu Hjalti Geir var duglegur að synda og benti Ólafi Ólafssyni, þáverandi formanni íþróttafélagsins Aspar, á Hjalta Geir sem varð til þess að Ólafur hafði samband við okkur og spyr hvort við viljum ekki koma með hann á sundæfingu," rifjar Jóhanna Vigdís upp um upphaf sundferils Hjalta Geirs sem þá var sjö ára.

„Hjalti Geir fann sig í sundinu á fyrstu sundæfingunni og hefur allar götur síðan æft sund, fyrst í Æfingastöðinni á Háaleitisbraut en þegar hann stækkaði fór hann yfir í Laugardalslaug og æfir nú þar fimm til sex sinnum í viku. Sundið er stór og mikilvægur þáttur í lífi hans og fastur hluti af tilveru hans að fara á æfingu, leggja sig fram og reyna betur í dag en í gær. Honum er mikilvægt að taka þátt í mótum og hitta sundfélagana, en hann er í keppnishóp Asparinnar, afskaplega ánægður og sáttur," segir Jóhanna Vigdís.

Hjalti Geir hefur líka gríðarlegan áhuga á boltaíþróttum.

„Fyrsta táknið sem hann lærði í táknmáli var táknið fyrir bolta. Hann er mikill Valsari en þar er hann á hliðarlínunni á meðan hann keppir á jafnréttisgrundvelli í sundinu. Sterkustu sundgreinar Hjalta Geirs eru baksund og skriðsund en í félagakeppni þykir honum boðsund skemmtilegast."



Hugur Hjalta Geirs hefur dvalið við heimsleika Special Olympics síðan hann var valinn til þess að fara á þá í fyrra. Sjálfstraust hans og sjálfsmynd hafa blómstrað enda er sigurinn unninn með þátttökunni. MYND/SIGTRYGGUR ARI

## Öll fjölskyldan fer með

Heimsleikar Special Olympics verða settir í Abú Dabí fimmtudaginn 14. mars.

„Við foreldrar og systkini Hjalta Geirs förum líka út, eins og systir mín með sínar dætur. Elsta dóttir mín á kærasta og þau fara með dóttur sína. Eins og allir þekkja sem eiga fötluð börn verða þau svolítið þungamiðjan í heimilislífinu og við erum öll svo stolt og glöð vegna Hjalta Geirs og tímum alls ekki að missa af þessum viðburði. Við verðum öll samankomin á setningarhátíðinni í Abú Dabí og erum óskaplega spennt," segir Jóhanna Vigdís sem hefur oftsinnis fylgt Hjalta Geir á alþjóðleg íþróttamót fatlaðra í Málmey í Svíþjóð.

„Það kennir manni mikið að fara á íþróttamót fatlaðs íþróttafólks og breytir hugarfari manns að verða vitni að því að sjá íþróttafólk sem á vantar útlimi eða eru með þaðan af meiri fötlun. Þá skammast maður sín fyrir að kvarta undan bólu á nefinu og gerir það aldrei meir. Fatlað íþróttafólk þarf að leggja svo miklu meira á sig og róðurinn er svo miklu þyngri, en kosturinn við að vera hluti af samfélagi fatlaðra íþróttamanna er að geta keppt á jafnréttisgrundvelli, tekið þátt í íþróttum, verið virkur íþróttamaður, náð árangri, bætt sig og sett sér markmið. Þess vegna er það kallað sigurför fyrir sjálfsmyndina, því það eitt að taka þátt er sigurför. Í því felst sigurinn. Að fá að fara og vera valinn, og maður vinnur því fyrirfram með því að vera þátttakandi í sigurförinni."

> Hjalti Geir hefur mikinn metnað og kom okkur á óvart með að vera mikill keppnismaður. Hann vill auðvitað helst bara vinna og er með allt upp á tíu. Þess vegna var hann valinn.
>
> **Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir**

## Fullur metnaðar og kapps

Hjalti Geir er með þroskahömlun og fæddist með klofinn góm og skarð í vör.

„Gómurinn hefur lítinn efnivið og því talar Hjalti Geir óskýrt. Hann hefur verið í talþjálfun og tannréttingum síðan hann man eftir sér og farið í margar stórar aðgerðir. Hann stendur nú á tvítugu, lauk stúdentsprófi frá sérnámsbraut Fjölbrautaskólans í Ármúla í fyrra og starfar nú hjá Styrktarfélaginu Ási sem er verndaður vinnustaður og er mjög ánægður í vinnunni," upplýsir Jóhanna Vigdís en Hjalti Geir er næstelstur fjögurra barna þeirra Guðmundar Magnússonar.

Hún segir hug Hjalta Geirs hafa dvalið við heimsleikana í allan vetur, en alls fara fjórir sundmenn utan í 38 keppenda hópi Íslendinga.

„Hjalti Geir er mikil félagsvera og mikill vinur. Hann þekkti einhverja í hópnum fyrir en hefur ekki æft með þessu sundfólki áður, utan eina æfingu sem þau tóku saman fyrr í febrúar. Þá fóru þau saman út að borða á eftir og það þótti honum mjög skemmtilegt."

Á heimsleika Special Olympics fer þáttagerðarfólk Með okkar augum til að fylgja íslensku keppendunum eftir.

„Það finnst mér frábært og ég hlakka til að hitta þau úti. Special Olympics er stærsti íþróttaviðburður heims þetta árið og mikið fjallað um það í erlendum fjölmiðlum, eins og þegar farið var með Special Olympics-eldinn en þá var niðurtalning á CNN," upplýsir Jóhanna Vigdís.

Heimsleikarnir verða settir 14. mars og standa yfir í viku.

„Hjalti Geir hefur mikinn metnað og kom okkur á óvart með að vera mikill keppnismaður. Hann vill auðvitað helst bara vinna, og hefur alltaf viljað það, og hann er með þetta allt upp á tíu. Þess vegna var hann valinn."

Þökkum stuðninginn

ÍAV Kópavogsbær KPMG Landsvirkjun Lýsi MÁLNINGARVÖRUR ehf. GARÐABÆR
MÚLALUNDUR N1 KYOCERA Á ÍSLANDI ehf. Betra BAK RÚMFATA LAGERINN
RAFVER www.rafver.is RAKANG regla BÓKHALDSKERFI REYKJANESBÆR Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi HSH
ÆSIR míla ISNIC the .is registry Apótekarinn HOTEL RANGÁ Luxury Resort & Dining
JACK&JONES HNIT VERKFRÆÐISTOFA Keiluhöllin EGILSHÖLL ON ORKA NÁTTÚRUNNAR STOÐ Við styðjum þig

Útgefandi: Special Olympics Íslandi | Ábyrgðarmaður: Anna Karólína Vilhjálmsdóttir | Veffang: frettabladid.is

# Yfir 500 keppendur frá upphafi

## 38 íslenskir keppendur fara á heimsleika Special Olympics í Abú Dabí og Dúbaí. Íþróttasamband fatlaðra hefur séð um starf Special Olympics á Íslandi í 30 ár en í ár er einnig 40 ára afmælisár ÍF.



Arna Dís Ólafsdóttir og Hekla Björk Hólmarsdóttir eru fyrstu keppendur Íslands í nútímafimleikum á heimsleikum SO.

Heimsleikar Special Olympics verða haldnir í Abú Dabí og Dúbaí dagana 14. til 21. mars í ár. 38 íslenskir keppendur taka þar þátt í tíu greinum; badminton, boccia, frjálsum íþróttum, áhaldafimleikum, golfi, keilu, knattspyrnu, sundi og í fyrsta skipti á Ísland fulltrúar í nútímafimleikum og lyftingum kvenna. Keppendur koma frá Reykjavíkursvæðinu, Reykjanesi, Selfossi, Akureyri og Bolungarvík. Tveir félagar frá Bolungarvík munu keppa í „unified“ badminton þar sem fatlaður og ófatlaður keppa saman í liði.

Timothy Kennedy Shriver er forsvarsmaður Special Olympics samtakanna (SOI) en það var Eunice Kennedy Shriver sem var stofnandi SOI. Áhrifavaldur var Rosemary systir hennar. Markmið SOI er að standa að íþróttaviðburðum fyrir fólk með þroskahömlun eða frávik en einnig eru sífellt fleiri greinar byggðar á keppni fatlaðra og ófatlaðra (unified). Um fimm milljónir iðkenda eru skráðar hjá SOI en auk íþróttastarfs hafa samtökin verið öflug í baráttu á heimsvísu fyrir því er varðar bætt lífsgæði, menntun og heilbrigðismál.

Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) hefur frá 1989 verið umsjónaraðili starfs Special Olympics á Íslandi eða í 30 ár. Nú er því runnið upp 30 ára afmælisár Special Olympics á Íslandi en jafnframt 40 ára afmælisár ÍF sem stofnað var 1979. Leikarnir eru kostnaðarsamasta verkefni ÍF á afmælisárinu en Ísland hefur ávallt nýtt þann kvóta sem Ísland fær á leikana.

Yfir 500 íslenskir keppendur hafa frá 1989 fengið tækifæri til þátttöku á heimsleikum Special Olympics sem haldnir eru fjórða hvert ár, sumar og vetrarleikar. Heimsleikarnir verða stærsti íþróttaviðburður heims 2019 en þar verða 7.000 keppendur frá 192 þjóðum að taka þátt í 24 íþróttagreinum. Opnunarhátíð er 14. mars og lokahátíð 21. mars. Dagana 8. til 11. mars verður íslenski hópurinn í vinabæ Íslands, Fujarirah en keppni fer fram í Abú Dabí nema sund og frjálsar sem verða í Dúbaí.

Það er gleðiefni að staðfesta að fulltrúar þáttarins „Með okkar augum“ mæta á leikanna 2019 og taka upp efni til sýninga á Íslandi. Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, verður viðstaddur nokkra daga leikanna ásamt fulltrúum samstarfsaðila ÍF, Samherja. Auk formanns ÍF sem hefur umsjón með gestum ÍF kemur 90 manna hópur aðstandenda á leikana. Því verða um 160 Íslendingar í Abú Dabí og Dúbaí vegna heimsleika SOI 2019.



Greinarhöfundur, Anna Karólína Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi.

Heitið Special Olympics er alþjóðaheiti sem má aldrei þýða sem Ólympíuleikar fatlaðra en það er Paralympics. Fyrir leikana 2019 voru íslenskir keppendur tilnefndir af aðildarfélögum ÍF og tekið var mið af mætingu, framförum og góðri félagslegri hegðun. Þeir sem aldrei hafa farið áður á heimsleika SOI njóta forgangs. Flestir þekkja heim íþróttanna sem pýramída þar sem þeir sterkustu sigra. Pýramídanum er snúið á hvolf á leikum Special Olympics, enginn veit hver fær gullið. Raðað er í jafna úrslitariðla eftir styrkleika og margir stíga í fyrsta skipti á verðlaunapall. Fyrstu þrír fá verðlaunapening og aðrir fá verðlaunaborða. Það er því ekki árangur eða verðlaun sem á að vera fréttaefnið. Það sem er fréttnæmt er að þarna er byggt á því sem oft er fjallað um í hátíðarræðum að skipti mestu máli í tómstunda- og íþróttastarfi barna og unglinga. Að falla í hópinn, vera hluti af hópi, upplifa gleði og aukið sjálfstraust, fá að njóta sín á eigin verðleikum og vera virkur þátttakandi. Þarna er skapað umhverfi sem gerir öllum kleift að blómstra og upplifa styrkleika sína, fremur en veikleika. Því má segja að þetta sé „sigurför fyrir sjálfsmyndina“. Keppandi á heimsleikunum í LA 2015 setti hugsanir sínar í orð: „ Hér tala allir við mann, hér er maður bara eins og hver annar – ÞETTA ER LÍFIÐ.“

30 Special Olympics Iceland 1989 - 2019

# Íslenski hópurinn á Special Olympics 2019

**Boccia**
Védís Elva Þorsteinsdóttir, Akur
Konráð Ragnarsson, Nes

**Þjálfari:** Anna Einarsdóttir

**Sund**
Róbert Alexander Erwin, Fjörður
Hjalti Geir Guðmundsson, Ösp
Bára Sif Ólafsdóttir, Fjörður
Arndís Atladóttir, Óðinn

**Þjálfarar:** Helga Eiríksdóttir og Friðrik Garðar Sigurðsson

**Frjálsar íþróttir**
Aníta Ósk Hrafnsdóttir, ÍFR
Helena Hilmarsdóttir, Eik
Michel Thor Masselter, IFR
Fannar Logi Jóhannesson, Eik

**Þjálfarar:** Ásta Katrín Helgadóttir og Gunnar Pétur Harðarson

**Lyftingar**
María Sigurjónsdóttir, Suðri
Valdís Hrönn Jónsdóttir, Suðri

**Þjálfari:** Örvar Arnarson

**Áhaldafimleikar**
María Ragnhildur Ragnarsdóttir, Nes
Michaela Regan, Nes
Magnús Orri Arnarson, Nes/Gerpla
Unnar Ingi Ingólfsson, Gerpla

**Þjálfarar:** Eva Hrund Gunnarsdóttir og Axel Þórhannesson

**Nútímafimleikar**
Hekla Björk Hólmarsdóttir, Ösp
Arna Dís Ólafsdóttir, Ösp

**Þjálfari:** Sigurlín Jóna Baldursd.

**Badminton, unified**
Þorsteinn Guðni Einarsson, Ívar
Guðmundur Kristinn Jónasson

**Þjálfari:** Jónas Sigursteinsson

**Keila**
Ásta Hlöðversdóttir, Ösp
Gabriella Oddrún Oddsdóttir, Ösp
Einar Karl Guðmundsson, Ösp
Haukur Guðmundsson, Ösp

**Þjálfarar:** Laufey Sigurðardóttir og Bjarki Sigurðsson

**Golf**
Elín Fanney Ólafsdóttir, Fjörður
Pálmi Þór Pálmasdon, Keilir
Ásmundur Þór Ásmundsson, Fjörður

**Þjálfari:** Karl Ómar Karlsson

**Knattspyrna**
Jósef Daníelsson, Nes
Guðmundur Hafliðason, Ösp
Aron Freyr Heimisson, Ösp
Jónas Ingi Björnsson, Ösp
Kjarval Thor Þórðarson, Ösp
Anton Freyr Snorrason, Ösp
Andri Jónsson, Ösp/Þjótur
Hlífar Máni Frostason, Ösp
Jóhann Guðni Ásbjörnsson, Ösp
Gabríel Óskar Halldórsson, Ösp
Róbert Ragnarsson, Ösp

**Þjálfari:** Darri McMahon
**Fulltrúi KSÍ:** Dagur Sveinn Dagbjartsson
**Aðstoðarmaður:** Hilmar Þór Kárason

**Fararstjórar;**
Anna Karólína Vilhjálmsdóttir, frkvstj. SO á Íslandi og þróunarsviðs ÍF
Jóhann Arnarson, varaformaður ÍF og Sport Dir. SO á Íslandi

**Læknir:** Þórdís Kristinsdóttir

**LETR** – kyndilhlaup lögreglu Daði Þorkelsson rannsóknarlögreglumaður

www.specialolympics.org
https://www.abudhabi2019.org/.

SPECIAL OLYMPICS WORLD GAMES ABU DHABI 2019 الأولمبياد الخاص الألعاب العالمية أبوظبي 2019

# Sigurför fyrir sjálfsmyndina

**Hekla Björk Hólmarsdóttir er átján ára tvíburi. Hún hefur farið í fjölda aðgerða allt frá þriggja mánaða aldri og var á tímabili ekki hugað líf. Það er því sérstakt ánægjuefni að Hekla sé meðal þátttakenda á Special Olympics.**



Sigríður Rut, Hekla Björk, Katla Dögg og Hólmar. Þau eru öll á leið til Abú Dabí. MYND/ERNIR

Foreldrar Heklu Bjarkar eru Sigríður Rut Stanleysdóttir og Hólmar Ólafsson. Sigríður Rut segir að fjölskyldan sé afar stolt og glöð að Hekla Björk hafi náð svona góðum árangri í nútímafimleikum. „Hún er búin að fara í meira en tuttugu ferðir í aðgerðir erlendis auk allra þeirra sem gerðar hafa verið hér heima. Það var hvorki gert ráð fyrir því að hún myndi ganga eða tala þegar hún var lítil. Hún er með m.a. með lélega vöðvaspennu og jafnvægisskynið er ekki gott. Auk þess er hún með vöntun á hálsliðum. Hekla hefur blómstrað í nútímafimleikum," segir Sigríður Rut.

### Táraðist af gleði

„Við vorum á báðum áttum fyrst hvort við ættum að leyfa henni að fara í fimleika og ráðfærðum okkur við sjúkraþjálfararann hennar. Hekla hefur verið í sjúkraþjálfun frá þriggja mánaða aldri en ekki alltaf með sama þjálfarann. Lengst af hefur hún verið hjá Margréti Ágústu Þorvaldsdóttur sem er yndisleg.

Nútímafimleikar henta reyndar mjög vel fyrir fatlaða. Æfingarnar hafa hjálpað henni stórkostlega mikið varðandi jafnvægið, allar hreyfingar og hvernig hún ber sig. Hekla Björk hefur mikinn metnað og hefur stefnt að því að komast á leikana," segir Sigríður Rut. Hjónin eiga fimm börn en tvíburasysturnar Hekla Björk og Katla Dögg eru yngstar.

Sigríður, Hólmar og Katla Dögg fara til Abú Dabí og ætla að fylgjast með Heklu Björk keppa. Þau hlakka mikið til fararinnar. „Við vitum hvað hún hefur gengið í gegnum og það er ólýsanlega gaman að fylgjast með henni keppa. Hekla er sönn hetja. Fyrir okkur er hún algjör heimsmeistari. Maður tárast af gleði yfir þessu," segir Sigríður. „Hekla byrjaði fyrst hjá Gerplu og æfði fimleika fatlaðra í þrjú og hálft ár. Síðan fór hún til Sigurlínar Jónu Baldursdóttur, íþróttakennara hjá Ösp, íþróttafélagi fatlaðra, sem hefur staðið þétt við bakið á henni að æfa nútímafimleika. Hún hefur æft hjá henni í tæp þrjú ár og náð ótrúlega góðum árangri," segir Sigríður Rut og bætir við að það skipti miklu máli fyrir sjálfsmynd Heklu Bjarkar að fá þetta einstaka tækifæri til að keppa. „Special Olympics eru stærstu heimsleikar sem verða haldnir á þessu ári. Þátttaka Heklu hefur aukið sjálfstraust hennar gífurlega mikið og hún er spennt að hitta aðra keppendur frá ólíkum löndum."

> **„Mig hefur lengi dreymt um að fá að keppa á Special Olympics þar sem allir eru jafnir að keppa og geta fengið tækifæri til að vinna til verðlauna.**
>
> **Hekla Björk Hólmarsdóttir**

### Mikill sigur

Hekla Björk hélt ræðu þegar tilkynnt var að hún færi á Special Olympics. Hún fékk aðstoð við flutninginn frá Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðingi sem hefur náð undraverðum árangri með Heklu.

„Það hefur skipt mig mjög miklu máli að fá tækifæri til að æfa íþrótt sem mér finnst skemmtileg og ég get verið með í," sagði Hekla Björk við þetta tækifæri.

„Nútímafimleikar hafa hjálpað mér með jafnvægi, styrk og aukið sjálfstraust mitt. Sigurlín er dugleg að hvetja mig áfram til að gera mitt besta. Ég hef einnig kynnst mörgum stelpum í gegnum nútímafimleika. Mig hefur lengi dreymt um að fá að keppa á Special Olympics þar sem allir eru jafnir að keppa og geta fengið tækifæri til að vinna til verðlauna. Einnig er gaman að geta séð aðra keppendur frá ólíkum löndum og með mismunandi getu. Það er mikill sigur fyrir mig að hafa náð svona langt. Núna í mars fæ ég draum minn uppfylltan að keppa fyrir Ísland á Special Olympics. Það verður sigurför fyrir sjálfsmyndina."

# Munurinn á Special Olympics og Paralympics



Íþróttasamband fatlaðra er aðili að IPC alþjóðaólympíuhreyfingu fatlaðra og SOI alþjóðasamtökum Special Olympics. Mikilvægt er að rugla ekki saman Special Olympics og Paralympics. Starfsemi IPC byggir á afreksstefnu en allir eru sigurvegarar á leikum SOI.

Íslendingar eru virkir þátttakendur í bæði Special Olympics og Paralympics. Síðustu stóru leikar voru alþjóðasumarleikar Special Olympics í Los Angeles 2015 og Paralympics /Ólympíumót fatlaðra í Ríó 2016 og vetrarleikar SO í Austurríki 2016 og Paralympics í Suður-Kóreu 2017.

## International Paralympic Committee IPC

**www.paralympic.org**
Alþjóðaólympíuhreyfing fatlaðra. Haldin eru Ólympíumót, heimsmeistaramót og alþjóðleg mót fyrir afreksfólk. Fyrir slík mót eru ströng lágmörk og skráning á rankinglista IPC. Starf Alþjóðaólympíuhreyfingar fatlaðra er sambærilegt starfi hefðbundinna afreksíþrótta ófatlaðra. Aðeins þeir sterkustu ná lágmörkum. Fötlunarflokkar eru: Hreyfihamlaðir, blindir/sjónskertir, þroskahamlaðir.

**Þátttaka Íslands í Paralympics (Ólympíumóti fatlaðra) frá 2000**

**2000 Sydney**
6 keppendur, 2 greinar
**2004 Aþena**
3 keppendur, 3 greinar
**2008 Peking**
5 keppendur, 3 greinar
**2012 London**
4 keppendur, 2 greinar
**2016 Ríó**
5 keppendur, 3 greinar

**Vetrarleikar**
**2010 Vancouver**
1 keppandi, skíði
**2014 Sochi**
2 keppendur, skíði
**2017 Suður-Kórea**
1 keppandi, skíði

## Special Olympics Int. SOI

**www.specialolympics.org**
Alþjóðasamtök stofnuð af Kennedy fjölskyldunni 1968. SOI stendur að íþróttastarfi/leikum fyrir fólk með þroskahömlun en talið er að iðkendur séu um 5 milljónir. Alþjóðasumar- og vetrarleikar eru haldnir fjórða hvert ár. Á mótunum eru engin lágmörk, keppt er við jafningja og allir fá verðlaun. Val keppenda er byggt á mætingu, framförum og félagslegri hegðun. Nýir keppendur njóta forgangs.

**Þátttaka Íslands – Heimsleikar Special Olympics frá 2000**

**2003 Írland**
48 keppendur, 10 greinar
**2007 Shanghai**
32 keppendur, 8 greinar
**2011 Grikkland**
37 keppendur, 8 greinar
**2015 Los Angeles**
41 keppandi, 9 greinar

**Vetrarleikar**
**2005 Japan**
2 keppendur, listhlaup á skautum
**2009 Idaho USA**
1 keppandi, listhl. á skautum
**2013 Suður-Kórea**
3 keppendur, listhl. á skautum
**2017 Austurríki**
4 keppendur, listhl. á skautum

# Einlæg og skilyrðislaus gleði

## Lögreglumaðurinn Daði Þorkelsson verður einn þeirra 120 lögreglumanna sem tendra eldinn á opnunarhátíð Special Olympics sem haldin verður í Abú Dabí þann 14. mars næstkomandi.

Um 120 lögreglumenn frá öllum heimshornum munu hlaupa með logandi kyndil um Sameinuðu arabísku furstadæmin og enda á því að tendra eldinn á opnunarhátíðinni í Abú Dabí þann 14. mars. Hlaupinu er ætlað að vekja athygli á Special Olympics og er Daði Þorkelsson, lögreglumaður hjá lögreglunni á Suðurnesjum, einn þeirra sem taka þátt. Það er Law Enforcement Torch Run (LETR), sem er alþjóðlegt góðgerðarfélag lögreglumanna, sem skipuleggur hlaupið en félagið var stofnað í þeim tilgangi að vekja athygli á og styðja við starf Special Olympics segir Daði. „Hópnum er skipt í tíu lið og munum við ýmist hlaupa allir saman eða fimm lið saman. Við förum borg úr borg með Loga vonarinnar, eins og kyndillinn er kallaður. Eldurinn verður tendraður í Aþenu og verður flogið með hann til Abú Dabí en þaðan hlaupum við gegnum öll ríki Sameinuðu arabísku furstadæmanna í þeim tilgangi að vekja athygli á Special Olympics og jafnvel kveikja von í hjörtum þeirra sem ekki þekkja til Special Olympics og taka ekki þátt í ár."

### Mikil viðurkenning

Eftir að hafa tekið þátt í hlaupi á vegum LETR á Íslandi var Daði valinn til að vera fulltrúi Íslands af stjórnanda LETR á Íslandi og framkvæmdastjóra Special Olympics á Íslandi. „Þetta er mikil viðurkenning fyrir mig og um leið mikill heiður. Áður en þetta var gert þurfti Ísland að sækja um sæti í hópi þeirra sem taka þátt í heimsleikunum, þ.e. í „The Final Leg", eins og hlaupið nefnist."

### Einlæg gleði

Hópurinn mun leggja af stað frá Abú Dabí þann 4. mars og eftir að hafa hlaupið gegnum öll furstadæmin mun hann enda á ný í Abú Dabí þar sem leikarnir verða



Daði Þorkelsson (t.v.) ásamt Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands.

settir 14. mars. „Hlutverk okkar er að vera verndarar Loga vonarinnar alla leið á heimsleikana, þar sem loginn verður notaður til að tendra eld sem mun loga allan þann tíma sem leikarnir standa. Þegar hópurinn hleypur inn á leikvanginn með logann verður okkur fagnað mjög innilega af keppendum en sú mikla gleði og þakklæti þeirra er það sem gefur þessu öllu gildi. Það er einmitt þessi einlæga og skilyrðislausa gleði sem fékk mig til að taka þátt í þessu."

### Allir geta verið með

Í öllum tíu liðunum er einn keppandi úr röðum Special Olympics þátttakenda sem hleypur með allan tímann. „Við erum því ekki einir um að flytja logann á leikana. Í hlaupinu er, eins og í anda Special Olympics, farið á hraða sem allir ráða við svo þetta er ekki gert í spretthlaupi. Því geta allir verið með þó svo við og keppendurnir séum fremstir. Þetta hentar mér ágætlega því ég er hálfgerður skokkari þó ég hafi reyndar hlaupið maraþon og nokkur hálfmaraþon."

### Tækifæri fyrir alla

Góðgerðarfélagið LETR safnar

> **Það er einmitt þessi einlæga og skilyrðislausa gleði sem fékk mig til að taka þátt í þessu.**

á hverju ári miklum fjármunum fyrir Special Olympics og var sú upphæð rúmar 58 milljónir dollara á síðasta ári að sögn Daða. „Á þennan hátt fæ ég þann heiður að starfa með Special Olympics sem einmitt reynir að skapa tækifæri fyrir alla til að keppa á jöfnum grundvelli og við sína jafningja. Á þann hátt reynir Special Olympics einnig að gefa öllum tækifæri til þátttöku og þykir mér afar verðmætt að leggja mitt lóð á vogarskálarnar í þeim efnum."




Daði Þorkelsson lögreglumaður hleypur í Abú Dabí. MYND/STEFÁN

# Gott samstarf við íslenska leikskóla

YAP, Young Athlete Project, er alþjóðlegt verkefni á vegum Special Olympics.

Markmið YAP er að stuðla að því að öll börn, sérstaklega ung börn með frávik, fái nauðsynlega hreyfiþjálfun. Fræðsluefnið er unnið í samstarfi við háskóla í Boston og er byggt upp á einföldu átta vikna æfingakerfi þar sem markmið eru mælanleg.

Íþróttasamband fatlaðra og Special Olympics á Íslandi hófu innleiðingu árið 2015 í samstarfi við leikskólastjóra og íþróttakennara heilsuleikskólans Skógaráss, Ásbrú.

Haldnar hafa verið kynningar í leikskólum og YAP dagar í bæjarfélögum en innleiðing hefur þurft að taka mið af öðrum verkefnum hjá ÍF. Lokaverkefni nema við HÍ 2018 var íslensk handbók YAP sem er nú aðgengileg þeim sem áhuga hafa.

Rannsóknir hafa sýnt að snemmtæk íhlutun getur haft jákvæð áhrif til framtíðar. Talið er að jákvæður árangur sem nú þegar hefur komið fram í YAP-verkefninu hafi áhrif til framtíðar og styrki og hvetji börn til áfram-



Talið er að snemmtæk íhlutun geti haft jákvæð áhrif til framtíðar.

haldandi hreyfingar og þátttöku í íþróttastarfi þegar grunnskólinn tekur við. Rannsóknir í heilsuleikskólanum Skógarási, Ásbrú sem fyrstur hóf innleiðingu YAP, hafa sýnt jákvæðan árangur þar sem ekki er aðeins um að ræða bætta hreyfifærni heldur einnig félagsfærni, málþroska og sterkari sjálfsmynd barnanna.

# Körfuboltaæfingar fyrir krakka með sérþarfir

Þjálfarar eru í lykilhlutverki þegar þróun nýrra greina fer í farveg hjá Íþróttasambandi fatlaðra og Special Olympics á Íslandi. Það var gæfuspor að fá Kristin Jónasson á fund hjá IF síðasta vetur þar sem rætt var mögulegt samstarf við að koma á fót körfuboltaæfingum fyrir börn, en körfubolti er orðinn gífurlega vinsæl grein á leikum Special Olympics, ekki síst „unified" sem byggist á æfingum og keppni blandaðra liða, fatlaðra og ófatlaðra þar sem systkini og vinir geta tekið þátt. Alþjóðakörfuboltasambandið, FIBA, hefur verið í áralöngu samstarfi við SOI og Kristinn Jónasson fór sem fulltrúi Íslands á fund Special Olympics í Portúgal í vor og kynnti sér samstarf SOI og FIBA.

Í samstarfi við körfuboltadeild Hauka hefur hann sett á fót æfingar fyrir börn með sérþarfir í Ólafssal í Haukahúsinu en salurinn ber nafn Ólafs Rafnssonar, fyrrverandi formanns ÍSÍ, sem var einn af frumkvöðlum hjólastólakörfubolta á Íslandi og sérstakur vinur ÍF. Nánari upplýsingar má nálgast á ifsport.is.



Kristinn Jónasson hefur sett á laggirnar æfingar fyrir börn með sérþarfir.

# Ekkert stress, bara skemmtun

Michel Thor Masselter keppir í 800 og 1500 metra hlaupi á heimsleikum Special Olympics. Hann hlakkar mikið til að taka þátt en ekki síður að kynnast frábæru fólki.

Þó Michel keppi í frjálsum íþróttum á heimsleikunum liggur grunnur hans í sundi. „Ég hef æft sund frá árinu 2001 en ég byrjaði ellefu ára. Og ég er ennþá að æfa sund,“ segir Michel en áhuginn á hlaupi vaknaði fyrir um fjórum árum þegar sundþjálfari hans stakk upp á því að hann tæki þátt í Íslandsmóti í frjálsum. „Það fór svo að hann kom, sá og sigraði í öllu því sem hann tók þátt í,“ segir móðir hans, Anna, stolt en Michel hefur æft frjálsar alla tíð síðan.

„Ég æfi sex sinnum í viku. Sund þrisvar og frjálsar þrisvar,“ segir Michel en hann sérhæfir sig í lengri hlaupum, 800 og 1500 metra. „Stuttu hlaupin eru erfiðari því hann er spastískur, hann er því ekki kominn almennilega af stað þegar hinir eru komnir í mark. En hann er með mjög gott úthald sem má líklega rekja til sundsins og þess vegna hefur hann líka haldið áfram að æfa sund,“ útskýrir Anna.

Michel bjó fyrstu tíu ár ævinnar í Lúxemborg en foreldrar hans eru búsettir þar að mestu. „Við eigum íbúð hér á Íslandi og höfum verið mikið með honum hér síðan haustið 2000,“ segir Anna en Michel er 28 ára og starfar á frístundaheimilinu í Hlíðaskóla sem hann hefur mjög gaman af. Hann æfir með íþróttafélagi fatlaðra og segist hafa eignast marga góða vini í gegnum íþróttirnar. „Íþróttirnar gera mjög mikið fyrir félagslífið. Svona krakkar eru oft einangraðir þó það eigi reyndar alls ekki við um Michel, því hann er afar mannblendinn,“ segir Anna glaðlega.

## Upplifir ókunn lönd

Michel hefur talsverða keppnisreynslu. Hann tók þátt í heimsleikum Special Olympics fyrir átta árum í Aþenu en þá keppti hann í sundi. „Hann fór ekki til Los Angeles fyrir fjórum árum en tók þess í stað þátt í Evrópuleikunum í Antwerpen 2014 sem er líka mjög stórt mót,“ lýsir Anna sem segir heilmikið skipulag fylgja slíkum keppnisferðalögum. „Þetta kostar sitt en það er líka æðislega spennandi fyrir bæði hann og okkur að fara í þessar ferðir.“

Hópurinn heldur utan 7. mars og flýgur fyrst til London og síðan áfram til Abú Dabí en þar verður opnunarhátíðin haldin. „Það er algert partí og rosalega skemmtilegt,“ segir Michel en áður en mótið hefst dvelur hópurinn í viku í svokölluðu vinaþorpi. „Þar verða þau með hópum frá fleiri Norðurlöndum og kynnast þjóð, landi og siðum. Það er líka fínt að fá þessa viku til að venjast hitanum,“ segir Anna og Michel samsinnir. Hann segist hafa kynnst mjög mörgum erlendum keppendum í kringum svona mót og á fjölmarga vini í löndum um allan heim.

> „Þetta kostar sitt en það er líka æðislega spennandi fyrir bæði hann og okkur að fara í þessar ferðir.

Michel og aðrir íslenskir keppendur í sundi og frjálsum munu búa og keppa í Dúbaí og hótelið er ekkert slor. „ Þetta er svaka flott Intercontinental hótel svo það mun ekki væsa um keppendurna,“ segir Anna.

En er Michel ekkert farinn að kvíða fyrir keppninni? „Nei, þetta er ekkert stress, bara skemmtun,“ svarar hann kátur en hann mun taka þátt í þremur greinum, 800 metra og 1500 metra hlaupi og boðhlaupi. Engin forkeppni er haldin enda ganga leikarnir meira út á þátttöku en keppni og þátttakendum raðað í holl eftir getu.

## Líka upplifun fyrir aðstandendur

Foreldrar Michels, þau Anna og Paul Masselter, fylgja syni sínum til Sameinuðu arabísku furstadæmanna. „Það er okkar val, við gætum vissulega sent hann einan með hópnum, en okkur þykir þetta mjög spennandi og einstakt tækifæri til að ferðast til staðar sem maður hefði annars aldrei farið á,“ segir Anna en þau hjónin munu dvelja í Abú Dabí. Þau hafa kynnt sér landið á netinu og eru búin að punkta niður eitt og annað sem þau langar að gera. „Í það minnsta ætlum við að fá Michel lánaðan til að fara í Ferrari garðinn,“ segir Anna glaðlega.



Michel með foreldrum sínum, þeim Önnu Jonsson Þorsteinsdóttur og Paul Masselter. MYND/STEFÁN



Michel keppir í 800 og 1500 metra hlaupi enda hefur hann mjög gott úthald.


## Þökkum stuðninginn

**Selfoss**
Búhnykkur sf
Eðalbyggingar ehf
Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði
Guðmundur Tyrfingsson ehf
Hagbók ehf
Hótel Gullfoss
K.Þ Verktakar ehf
Landstólpi ehf
Laugartorg ehf
Nesey ehf
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Set ehf, röraverksmiðja
Sjúkraþjálfun Selfoss ehf
Sveitarfélagið Árborg
Tré og straumar ehf
Vélsmiðja Suðurlands ehf

**Hveragerði**
Almar Bakari
Blómaborg, s: 483 4225
Heilsustofnun NLFÍ - heilsustofnun.is

**Þorlákshöfn**
Fiskmark ehf
Sveitarfélagið Ölfus
Þorlákshafnarhöfn

**Ölfus**
Eldhestar ehf
Trésmiðja Sæmundar ehf

**Flúðir**
Fögrusteinar ehf
Íslenskt grænmeti ehf

**Hella**
Freyðing ehf
Hestvit ehf
Trésmiðjan Ingólfs ehf

**Hvolsvöllur**
Rangárþing eystra

**Vík**
Mýrdalshreppur

**Kirkjubæjarklaustur**
Skaftárhreppur
Ungmennafélagið Ármann

**Vestmannaeyjar**
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf
Hótel Vestmannaeyjar
Íþróttabandalag Vestmannaeyja
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Miðstöðin ehf
Siglingatækni ehf
Skipalyftan ehf

# Sérstaða Norðurlandanna

Íþróttasamband fatlaðra var stofnað árið 1979 og fagnar því 40 ára afmælisári.

ÍF hefur verið umsjónaraðili Special Olympics á Íslandi frá 1989 þegar Ísland gerðist aðili að SOI og hefur því verið bakhjarl verkefna Special Olympics á Íslandi í 30 ár.

Sérstaða Norðurlandanna er að tengja starfsemi Special Olympics við annað starf innan íþróttasambands fatlaðra á Norðurlöndum. Það vekur athygli að á sömu skrifstofu sé umsjón með verkefnum Special Olympics og IPC eða Paralympics.

Í flestum löndum er starf Special Olympics sjálfstætt en Ísland fékk undanþágu þegar upphafleg krafa SOI til Íslands var að starfið yrði sjálfstætt. Ísland hefur tekið virkan þátt í norrænu starfi og alþjóðastarfi Special Olympics, fulltrúi Íslands sat í Evrópuráði Special Olympics í átta ár og Ísland hefur gegnt formennsku í norrænni nefnd Special Olympics frá því nefndin var sett á fót 2013. Virk þátttaka hefur því verið bæði í alþjóðlegu og norrænu stjórnunarstarfi og í verkefnum fyrir iðkendur.



Íslenskir keppendur á opnunarhátíðinni á heimsleikum SO á Írlandi 2013.



Fimleikakeppendur á heimsleikum SO í Kína 2007.



Kátir boccia-keppendur á heimsleikum SO á Írlandi árið 2003.

## Innleiðing íþróttagreina

Innleiðing nýrra greina hefur verið stöðug í starfi Special Olympics á Íslandi og áhersla hefur verið lögð á að allir fötlunarhópar geti nýtt þau nýju tilboð sem skapast, sé áhugi á því. Dæmi um greinar sem hafa verið settar á fót gegnum starf Special Olympics eru áhalda- og nútímafimleikar, listhlaup á skautum og knattspyrna. Stærsti þátttakendahópur ÍF er hinn almenni iðkandi sem hefur fengið tækifæri gegnum Special Olympics til að sækja fjölmörg mót erlendis. Auk heimsleika eru Evrópumót, sérgreinamót og boðsmót t.d. á Norðurlöndunum. Haldnar hafa verið þrjár ráðstefnur Special Olympics þar sem keppendur, þjálfarar og aðstandendur eru í lykilhlutverki. Þar hafa verið sagðar athyglisverðar sögur um þau jákvæðu áhrif sem þátttaka í heimsleikum hefur haft á sjálfsmynd keppenda.



Keppandi á vetrarleikum Special Olympics í Boise, Idaho 2009.

## ÍF 40 ára ( 1979-2019)

Í tilefni 40 ára afmælisárs ÍF verða ýmis sérverkefni sem tengjast afmælisárinu.

Unnið er að heimildarmynd um fyrstu ár ÍF og sérstöku afmælisriti Hvata, tímarits ÍF. Einnig verður gert sérstakt afmælislógó og verðlaunapeningur Íslandsmóta ÍF.

Sambandsþing ÍF verður haldið á afmælisdaginn þann 17. maí 2019.



HUMBAUR

## Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

**Topplausnir**
www.Topplausnir.is - S: 5177718
Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is



**8 METRA GÁMAR 4ST.**
100mm einangrun í lofti veggjum og gólfi. Hægt að skifta í 2 herbergi hver með gangi. (8 herbergi) 2 eru samansettir. 2 eru í flatpakka. Verð tilboð. Sími 772-0040.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

NORÐURÁ

**Drög að tillögu að matsáætlun**
**Urðunarstaðurinn Stekkjarvík – Aukning á urðun**

Norðurá bs. undirbýr nú mat á umhverfisáhrifum vegna aukningar á árlegu magni til urðunar á urðunarstaðnum í Stekkjarvík í landi Sölvabakka, Blönduósi úr að hámarki 21.000 tonnum á ári hverju í 30.000 tonn, eða um samtals 9.000 tonn á ári.

Ekki er um að ræða aukningu á heildarmagni úrgangs sem urðaður verður í Stekkjarvík, þar sem gert er ráð fyrir tímabundinni aukningu en magn dragist saman á næstu árum.

Allir hafa rétt til að kynna sér drög að tillögu að matsáætlun og leggja fram athugasemdir. Að auglýsingartíma loknum verða drög ásamt athugasemdum sem berast send Skipulagstofnun til umfjöllunar.

Drög að tillögu að matsáætlun eru aðgengileg á heimasíðu EFLU verkfræðistofu **https://www.efla.is/umhverfismat.**

Frestur til athugasemda er til 13 mars 2019. Hægt er að koma athugasemdum og ábendingum til Friðriks K. Gunnarssonar hjá EFLU verkfræðistofu með tölvupósti á netfangið **fridrik.gunnarsson@efla.is.**

Sveitarfélagið Vogar

## ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Vogar óskar eftir tilboðum í verkið ”
**Kirkjugerði – Gatnagerð og lagnir – Endurgerð götu ”.**

Verkið er fólgið í endurgerð götunnar Kirkjugerði í Vogum sem er íbúðagata í grónu og fullbyggðu hverfi. Um er að ræða; uppúrtekt í götu og fyrir lögnum, fyllingar í götustæði og yfir lagnir, söndun og lagningu lagna, tengja lagnir við núverandi lagnir, útlagning jöfnunarlags undir malbik, malbikun, steypa kantstein, helluleggja gangstétt og annað það sem kemur fram á uppdráttum, í verklýsingu og magnskrá.

**Helstu magntölur eru u.þ.b:**

| | |
|---|---|
| Uppúrtekt | 1400 m³ |
| Fyllingar | 1510 m³ |
| Fráveitulagnir | 190 m |
| Vatnslagnir | 165 m |
| Malbik | 850 m² |
| Hellulögn | 280 m² |
| Þökulögn | 500 m² |

Verklok skulu vera eigi síðar en þremur mánuðum eftir að verk hefst skv. samþykktri verkáætlun, þó aldrei síðar en 30. september 2019.

Þeir sem hyggjast bjóða í verkið skulu óska eftir útboðsgögnum með því að senda tölvupóst á netfangið **skrifstofa@vogar.is** eða hringja í síma 440 6200 og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá þá útboðsgögnin send í tölvupósti.

Útboðsgögn verða afhent frá og með fimmtudeginum 28. febrúar 2019.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eigi síðar en föstudaginn 15. mars 2019, kl. 11:00 og verða þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Sveitarfélagið Vogar

## ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Vogar óskar eftir tilboðum í verkið ”
**Stapavegur – Yfirlögn malbiks og endurbætur ”.**

Verkið er fólgið í yfirlögn malbiks og endurbóta götunnar Stapavegar í Vogum sem er tengigata í grónu og fullbyggðu hverfi. Um er að ræða; Yfirlögn malbiks, Upprif á kantstein og malbiki, steypa kantstein, þökuleggja og annað það sem kemur fram á uppdráttum, í verklýsingu og magnskrá.

**Helstu magntölur eru u.þ.b:**

| | |
|---|---|
| Malbik | 2500 m² |
| Kantsteinn | 340 m |
| Þökulögn | 650 m² |

Verklok skulu vera eigi síðar en 30. júní 2019.

Þeir sem hyggjast bjóða í verkið skulu óska eftir útboðsgögnum með því að senda tölvupóst á netfangið **skrifstofa@vogar.is** eða hringja í síma 440 6200 og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá þá útboðsgögnin send í tölvupósti.

Útboðsgögn verða afhent frá og með fimmtudeginum 28. febrúar 2019.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eigi síðar en föstudaginn 15. mars 2019, kl. 11:30 og verða þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Sveitarfélagið Vogar

## ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Vogar óskar eftir tilboðum í verkið ”
**Tjaldsvæði – Jarðvinna - Lagnir ”.**

Verkið felst í jarðvinnu og lagningu fráveitu-, vatns-, raflagna og ídráttarröra með tilheyrandi frágangi, greftri fyrir undirstöðum salernishúss ásamt að koma þeim fyrir og ásamt húsi og tengingu lagna og öðru því sem kemur fram á uppdráttum, verklýsingu og magnskrá.

**Helstu magntölur eru u.þ.b:**

| | |
|---|---|
| Lagnaskurðir | 270 m |
| Fráveitulagnir | 270 m |
| Vatnslagnir | 270 m |
| Jarðstrengir | 330 m |
| Þökulögn | 1300 m² |

Verklok skulu vera eigi síðar en 31. maí 2019.

Þeir sem hyggjast bjóða í verkið skulu óska eftir útboðsgögnum með því að senda tölvupóst á netfangið **skrifstofa@vogar.is** eða hringja í síma 440 6200 og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá þá útboðsgögnin send í tölvupósti.

Útboðsgögn verða afhent frá og með fimmtudeginum 28. febrúar 2019.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eigi síðar en föstudaginn 15. mars 2019, kl. 12:00 og verða þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.


*Snyrti & nuddstofan Smart*
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***Verð 7.000,-***

**Munið gjafabréfin okkar.**

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart






í að hækka verð FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# neglur

## til sölu. Eigendur Osushi að fjármagna taprekstur.

það sé lítið upp úr því að hafa, að hafa opið í hádeginu. Á mörgum veitingastöðum sé boðið upp á tvo fyrir einn í samstarfi við stóru fjarskiptafyrirtækin eða önnur tilboð en að hádegismat loknum sé veitingastaðurinn tómur í fimm tíma þar til kvöldverður hefjist. Annar veitingamaður bendir á að með því að bjóða einvörðungu upp á kvöldverð sé hægt að reka veitingastaði með einni vakt í stað tveggja aðskilinna vakta.

### Gerðist hratt

Birgir Bieltvedt hefur fjárfest í veitingastöðunum Gló, Joe & The Juice, Jómfrúnni, Snaps og bakarínu Brauð & Co. „Það er ljóst að veitingarekstur á Íslandi hefur farið í gegnum erfiða tíma,“ segir hann og nefnir að um mitt ár 2017, jafnvel fyrr, hafi hann fundið fyrir stefnubreytingu. Veitingastaðir orðnir of margir, samkeppnin of mikil og laun hafa hækkað. Hækkunina megi ekki einvörðungu rekja til kjarasamninga því í ofanálag hafi atvinnuleysi í þessum geira verið lítið sem ekkert og til að fá fólk til vinnu varð að bjóða betri kjör. Á sama tíma hafi hótelgeirinn ráðið marga af veitingahúsum og atvinnutækifæri að skapast úti á landi.

„Þetta gerðist hratt. Samkeppnin varð gríðarlega mikil, krónan sterk, erfitt að fá starfsfólk og laun hækka. Þetta skellur á bransann 2017,“ segir Birgir og nefnir að við bættist að veðrið var leiðinlegt þann vetur og sömu sögu sé að segja af sumrinu 2018. Það hafi haft áhrif á aðsóknina. „Ofan á það bætast framkvæmdir í miðbænum sem hefta umferð og annað.“ Enn fremur hafi fasteignaverð hækkað sem leiðir til hærri húsaleigu.

„Fyrir einhverjum árum var launahlutfall 40 prósent af tekjum. Núna er það á milli 50 og 60 prósent. Bransinn er á erfiðum stað,“ segir hann.

Hann segir að veitingamenn leggi ekki í að hækka verð heldur séu þeir að lækka verð með ódýrum hádegistilboðum þrátt fyrir kostnaðarhækkanir. „Menn eru komnir í vítahring,“ segir Birgir.

Rétt er að stinga því að, að launavísitalan hefur hækkað um átta prósent frá júlí 2017 til janúar síðastliðins, samkvæmt gögnum frá Hagstofu.

Birgir hefur verið búsettur í Danmörku frá árinu 1997. „Það er ódýrara fyrir mig að fara út að borða á Íslandi en í Danmörku. Það er misskilningur að verð á veitingastöðum sé hátt, þótt vissulega séu undantekningar,“ segir hann og nefnir að mögulega geti verðið verið hátt ef eingöngu sé horft til verðlista. Ef tilboðin séu tekin með í reikninginn sé reyndin önnur.

### Svipað og Subway

Jakob Einar Jakobsson, framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar og í stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar þar sem hann fóstrar veitinganefnd, segir að það skjóti skökku við að hægt sé að fara á veitingastað og fá faglega þjónustu til borðs og borga innan við tvö þúsund krónur fyrir hádegisverð. Til samanburðar kosti pítsa á Domino's um þrjú þúsund krónur og bátur á Subway um 1.700 krónur. „Sem betur fer er mikið að gera hjá okkur,“ segir hann og nefnir að þessar aðstæður á markaði leiði til þess að það sé ekki mikið svigrúm til launahækkana.

Að sögn Birgis átti margir sig ekki á að jafnvel þótt ferðamenn streymi til landsins, hafi hótelum og veitingastöðum fjölgað og því sé framboðið orðið mun meira. „Krónan er það sterk að ferðamenn sitja og fá sér kaffibolla eða bjórglas á veitingastöðum en ekki þriggja rétta máltíðir. Þeir gista í Airbnb-íbúð, kaupa í matinn í Bónus og Krónunni og elda sjálfir.“

Hann vekur athygli á að bankar haldi að sér höndum þegar kemur að fjármögnun veitingahúsa. „Það er erfitt fyrir marga að fjármagna taprekstur ef ekki er setið á fjármunum til að geta gert það sjálfur.“

### Margir veitingastaðir til sölu

Heimildarmaður sem fjárfest hefur í fjölda veitingastaða í gegnum árin segir að veitingastaðir sem opnaðir voru í fyrra standi alla jafna verst að vígi. Þeir sem voru opnaðir fyrir fimm, sex árum gangi mun betur. Eldri staðir hafi skapað sér orðspor, eignast fastakúnna, helstu verkefni séu komin í æskilega ferla og launa- og rekstrarkostnaður sé í betra horfi og stofnkostnaður hafi verið greiddur niður. „Margir staðir sem eru innan við eins árs eru komnir á sölu. Oft er hlutaféð uppurið og staðurinn hefur verið rekinn með tapi frá opnun. Við fáum nokkur símtöl á mánuði þar sem okkur er boðinn veitingastaður til sölu,“ segir hann.

Jakob á Jómfrúnni segir að langstærsti kostnaðarliður veitingahúsa séu laun. „Meðalhlutfall launa af tekjum veitingahúsa, sem ekki eru rekin af keðjum með samlegð í innkaupum, er um 50 prósent. Aðföng eru um 25-30 prósent og rekstrarkostnaður um 10-15 prósent. Það er 85-95 prósent í heildina. Í rekstri þekkingarfyrirtækja eins og hugbúnaðarhúsa, þar sem reksturinn byggir ekki á breytilegum kostnaði en í þeim rekstri þarf að kaupa inn vöru til að geta selt hana, er talað um að launahlutfallið sé 50-70 prósent. Það er í góðu horfi fyrir slíkan rekstur en ekki fyrir veitingastaði sem þurfa að kaupa hráefni. Það er eitthvað bogið við kerfið hjá okkur Íslendingum.

Þetta endurspeglast í því að erlendis þjóna fleiri til borðs, þar er algengt að 7-8 þjónar þjóni 80 sæta stað. Á Jómfrúnni eru 80 sæti og ég er með tvo þjóna á fullri vakt og púsla við það aukafólki. Við veitingamenn erum með hjartað okkar og virðingu á borðinu og viljum standa okkur vel en við erum meira háðir hlutastörfum en aðrir því reksturinn ber ekki marga starfsmenn,“ segir hann.

Sigrún Þormóðsdóttir, veitingastjóri 101 Hóteli, segir að margir séu að berjast við að halda launakostnaði undir 50 prósentum af tekjum. „Í þeirri tölu eru launatengd gjöld sem eru of há og það þarf að greiða leigu, kaupa hráefni, einhverjir þurfa að borga af skuldum og þá er ekki mikið eftir til að vera réttum megin við núllið sem ekki allir ná.

Ég held að margir muni þurfa að gera miklar breytingar á sínum rekstri. Það er áhyggjuefni. Það vilja allir hafa gott starfsfólk og greiða hærri laun því það skilar sér í góðri þjónustu til viðskiptavina en launatengdu gjöldin eru of stór biti. Ég fæ ekki séð að það sé mikið svigrúm til launahækkana í veitingabransanum. Þetta snýst ekki um vilja til að greiða hærri laun heldur getuna til þess. Veitingamenn eru ekki að græða á tá og fingri. Það er ekki þannig,“ segir hún.

### Café París dró úr þjónustunni

Í þessu samhengi má vekja athygli á því að á Café París hefur verið dregið úr þjónustu til að halda verði niðri og gæðum í hámarki. Viðskiptavinir þurfa að fara að afgreiðsluborði og panta matinn en fá hann afhentan á borðið. Sömuleiðis þurfa þeir að sækja sér vatn.

Jakob segir að það tíðkist í veitingageiranum að greiða hærri laun en kjarasamningar kveði á um. Hann bendir enn fremur á að starfsmenn veitingahúsa vinni ekki hefðbundna dagvinnu heldur vaktavinnu. Það liggi í eðli starfseminnar. Það eigi því ekki að horfa einvörðungu til grunntaxta. Taxti Eflingar hljóði upp á um 1.600 krónur en meðalveitingastaður greiði um 1.800-1.900 krónur.

Að hans sögn fær faglærður kokkur með reynslu og starf sem vaktstjóri á vöktum alla jafna um 550 þúsund krónur á mánuði í laun. Hafi hann farið í fagnám strax eftir grunnskóla sé hann fljótur að afla sér þessara tekna. Að sama skapi bætast um 30 prósent við launin í launatengd gjöld fyrir atvinnurekanda, eins og lífeyrisgreiðslur og tryggingagjald, og því kostar það fyrirtæki um 720 þúsund krónur að hafa hann í vinnu.

Jakob vekur athygli á að tryggingagjald leggst ofan á laun starfsmanna. Hækki laun starfsmanna í kjaraviðræðum þurfi fyrirtækin að borga enn hærri skatt.

Tekjur Jómfrúarinnar hafa ekki dregist saman, að hans sögn. „Við erum í stöðugum vexti. Ég fjárfesti í veitingastaðnum árið 2015 ásamt Birgi Bieltvedt en hef verið viðloðandi reksturinn frá því ég var pjakkur,“ segir Jakob sem keypti veitingastaðinn af föður sínum, Jakobi Jakobssyni, og Guðmundi Guðjónssyni, stofnendum veitingastaðarins.

„Við höfum vaxið mikið í veltu og afkomu,“ segir hann og nefnir að ráðist hafi verið í endurbætur á staðnum fyrir 60 milljónir króna sem hann telur vera vel sloppið miðað við þær fjárhæðir sem hann heyri nefndar um uppbyggingu ýmissa annarra veitingastaða og opnunartíminn lengdur. „En það var mikill munur á afkomu áranna 2017 og 2018 vegna launahækkana.“

Að hans sögn eru Íslendingar og fastakúnnar lifibrauð Jómfrúarinnar. „Ferðamenn hafa verið viðbót fyrir okkur,“ segir hann. „Jómfrúin er 23 ára gömul. Við höfum arfleifð og það hjálpar okkur. Verðið er sanngjarnt, við erum í aðeins dýrari kantinum í hádeginu en í ódýrari kantinum á kvöldin og keyrum á sama matseðli.“

Sigrún, sem á helmings hlut í fyrirtækinu sem annast veitingarekstur 101 Hótels, segir að til að reksturinn gangi upp þurfi eigendur og yfirmenn að vinna mjög mikið „Það þarf að fylgjast grannt með kostnaði.“ 101 Hótel er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, forstjóra útgáfufélags Fréttablaðsins.

### Engu að síður pakkað hjá okkur

Íris Ann Sigurðardóttir, sem rekur veitingahúsið The Coocoo's Nest á Granda ásamt manni sínum, Lucas Keller matreiðslumeistara, segir að ef litið er til afkomunnar á síðastliðnum fimm árum sé fyrirtækið ekki enn rekið með hagnaði. „Það er engu að síður pakkað hjá okkur dag hvern en með sköttum og launatengdum gjöldum – tryggingagjaldið er til að mynd býsna hátt – er reksturinn stífur.“

Hún segir að veltan hafi verið nokkuð stöðug á milli áranna 2017 og 2018 og það hafi nánast alltaf verið þannig. „Við erum með fastan kúnnahóp sem heldur okkur á floti. Við erum svo þakklát fyrir okkar föstu viðskiptavini. Sumir þeirra hafa boðið okkur í mat, það hefur myndast þvílíkur vinskapur.

Við höfum reynt að halda verðinu niðri í þeirri von að fólk heimsæki okkur oftar. Það má samt eiginlega ekkert út af bregða. Ef það kemur einn hægur mánuður er maður farinn að naga neglurnar. Og við jafnvel skerðum launin okkar eða fáum ekkert útborgað. Það kemur fyrir inn á milli. Þess vegna vonumst við til að reksturinn fari í réttan farveg eftir opnun Luna Florens. Skortur á sætum hefur haldið aftur af okkur.“ Það er bar og verslun við hlið The Coocoo's Nest og hægt er að labba á milli staðanna. Við bætast 15 sæti og hægt að vísa fólki til borðs á Luna Florens ef veitingastaðurinn er fullbókaður. „Með því að stækka þarf að bæta við í mesta lagi tveimur starfsmönnum á hverja vakt.“

Íris Ann segir að í upphafi hafi þau hjónin haft rómantíska hugmynd um að opna rekstur og taldi að ef reksturinn væri lítill væri utanumhaldið minna en hún hafi komist að raun um að umfangið þyrfti að vera meira til að reksturinn beri sig. „Það sem hefur haldið okkar á floti er að leigan er hagstæð. Við værum löngu farin á hausinn ef leigan væri hærri eins og tíðkast víða.“

Hún hefur stundum rætt við Lucas sem annast matseldina um að skera niður hráefniskostnað. „Hann tekur ekki í mál að skera niður. Hann er með standard og fólk finnur það um leið og því er breytt.“

Spurð hvort það sé svigrúm til launahækkana hjá henni, segir hún „alls ekki“. Reksturinn sé nú þegar í járnum.

> Við höfum brugðið á það ráð að draga úr umsvifum og fækka veitingastöðum úr þremur í tvo.

Kristján B. Þorsteinsson, Osushi



> Við veitingamenn erum með hjartað okkar og virðingu á borðinu og viljum standa okkur vel en við erum meira háðir hlutastörfum en aðrir því reksturinn ber ekki marga starfsmenn.

Jakob Einar Jakobsson, Jómfrúnni



> Það má samt eiginlega ekkert út af bregða. Ef það kemur einn hægur mánuður er maður farin að naga neglurnar. Og við jafnvel skerðum launin okkar eða fáum ekkert útborgað.

Íris Ann Sigurðardóttir, The Coocoo's Nest



## Laun sem hlutfall af tekjum

Laun og launatengd gjöld sem hlutfall af tekjum í veitingasölu og -þjónustu.




Heimild: Vísbending 15. febrúar, Gylfi Zoëga prófessor

### Fjöldi umsókna um hvert starf

Fyrir tveimur árum var þrautin þyngri að fá fólk í vinnu á veitingastað. „Það bárust sárafáar umsóknir en nú streyma þær inn,“ segir Sigrún Þormóðsdóttir, veitingastjóri 101 Hótels. „Fyrir skemmstu auglýstum við og fengum 120 umsóknir á þremur dögum.“

Kristján B. Þorsteinsson, veitingamaður á Osushi, segir að þeim berist tvær til þrjár atvinnuumsóknir á dag. „Það sýnir glögglega að störfum fer fækkandi.“

# Warren Buffett viðurkennir mistök

**Berkshire Hathaway greiddi of mikið fyrir Kraft við sameiningu við Heinz. Buffett segir að matvælarisinn hafi ekki lengur sömu góðu samningsstöðuna gagnvart smásölum. Aðrir rekja erfiðleika til þess að niðurskurðarhnífnum hafi verið beitt af hörku.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Warren Buffett hefur viðurkennt í fyrsta skipti að fjárfestingafélögin Berkshire Hathaway, sem hann fer fyrir, og 3G Capital hafi greitt of mikið fyrir samruna Kraft við Heinz. Buffett stefnir ekki á að selja 27 prósenta hlut fjárfestingafélagsins í matvælaframleiðandanum.

Kraft Heinz er að hans sögn enn gott fyrirtæki en hann og 3G Capital hafi verið of bjartsýnir á virði vörumerkjanna sem þeir fjárfestu í árið 2015. „Fyrirtæki hagnast ekki meira þótt þú borgir meira fyrir það,“ segir hann. Þetta kemur fram í Financial Times.

Berkshire Hathaway og brasilíska fjárfestingafélagið 3G Capital keyptu Kraft fyrir 62,6 milljarða dollara til að sameina það Heinz. Sameinuðu félagi var í kjölfarið fleytt á hlutabréfamarkað og nam markaðsvirði þess 89 milljörðum dollara. Í gær var markaðsvirðið 41,7 milljarðar dollara.

Berkshire Hathaway og brasilíska fjárfestingafélagið 3G Capital keyptu Heinz árið 2013 fyrir 23,6 milljarða dollara. Að sögn Buffetts greiddu fjárfestarnir ekki of mikið fyrir þau kaup.

**Afskrifa 15 milljarða dollara**

Hlutabréfaverð Kraft Heinz féll um 30 prósent síðastliðinn föstudag eftir að það afskrifaði 15 milljarða dollara af sumum af þekktustu vörumerkjum sínum, það skar jafnframt niður arðgreiðslur og upplýsti að Fjármálaeftirlitið hefði hafið rannsókn á hvernig bókhaldinu væri háttað. Daginn eftir færði Berkshire Hathaway hlut sinn niður um þrjá milljarða dollara.

Fram kemur í frétt The Wall Street Journal að tilraunir matvælafyrirtækisins til að skera niður kostnað með róttækum hætti hafi beðið skipbrot. Fyrirtæki í matvælaiðnaði leggi nú allt kapp á að fjárfesta í nýsköpun og byggja upp vörumerki. Gagnrýnendur 3G Capital hafa lengi talið að niðurskurðurinn myndi bitna á vexti félagsins. Þeir höfðu á réttu að standa. Frá fyrsta ársfjórðungi 2017 hefur innri vöxtur dregist saman sex ársfjórðunga í röð.

**Baráttan við Kirkland**

Buffett segir að vandi Kraft Heinz felist í að risinn hafi ekki lengur sömu samningsstöðu gagnvart smásölum. Hann ber saman Kirkland, vörumerki í eigu Costco, og Kraft Heinz til að lýsa breyttu landslagi í smásölu. Fjöldi vörumerkja í eigu Kraft Heinz eigi rætur að rekja til 19. aldar á meðan Kirkland var hleypt af stokkunum fyrir fáeinum áratugum. Engu að síður voru tekjur Kirkland meiri en Kraft Heinz á síðasta ári.

„Vörumerkin hafa auglýst rækilega í yfir 100 ár og fólk orðið vant að neyta þeirra og annað í þeim dúr, og þá kemur Kirkland, vörumerki í eigu smásala sem er einungis í 750 verslunum, og selur 50 prósent meira,“ segir hann. Berkshire Hathaway á um eins prósents hlut í Costco.

Buffett hefur lengi talið að sterk vörumerki á neytendamarkaði muni leiða til þess að fyrirtæki haldi markaðshlutdeild og geti selt vörur dýrt miðað við keppinauta. Það þarf því ekki að undra að Berkshire Hathaway hefur fjárfest í Apple og Coca-Cola á hlutabréfamarkaði. Það á einnig fyrirtæki á borð við Dairy Queen og Duracell í heilu lagi.

Buffett sagði á mánudaginn að Jorge Paulo Lemann, stofnandi 3G Capital, væri „algerlega framúrskarandi manneskja“ en hann vék sér undan spurningum þess efnis hvort Berkshire Hathaway myndi fjárfesta aftur með honum.

Þegar samruninn var tilkynntur sagði Buffett kampakátur að viðskiptin væru að sínu skapi; að sameina tvö heimsklassafyrirtæki og skapa virði fyrir hluthafa.

Buffett hefur áður sagt að Lemann, sem var atvinnumaður í tennis, sé hamhleypa til verka, þekktur fyrir að fjárfesta í fyrirtækjum á neytendamarkaði sem séu í vanda stödd og síðan draga úr kostnaði af miklu harðfylgi í því skyni að auka hagnað.

**Samstarfið ekki samt**

Fram kemur í frétt Financial Times að samstarfið við Brassana sé ekki samt eftir að Kraft Heinz gerði óvinveitt yfirtökutilboð í Unilever fyrir 143 milljarða dollara árið 2017 sem var hafnað. Buffett hefur lengi verið á móti óvinveittum yfirtökum.

3G Capital hefur sagt að einblínt verði á að fjárfesta í rekstri Kraft Heinz og telja að það versta sé að baki. Greinendur á Wall Street efast um að sú verði raunin. „Við teljum að Kraft glími við fleiri áskoranir en stjórnendur upplýsa um,“ segir Brittany Edward hjá Edward Jones. „3G Capital hefur ekki efni á að auka við tekjur og bæta hagnaðarhlutföll án þess að ráðist sé í yfirtöku. Við höfum áhyggjur af því.“

**Fyrirtæki hagnast ekki meira þótt þú borgir meira fyrir það.**

Warren Buffett



Warren Buffett fjárfesti segir að hann og fleiri hafi verið of bjartsýnir við kaupin á Kraft. NORDICPHOTOS/GETTY

### Niðurlægingin fagnaðarefni fyrir keppinauta

Niðurlæging Kraft Heinz er fagnaðarefni fyrir stjórnendur keppinauta þess. Sérstaklega þunglamalegu risana Unilever, Danone og Nestlé. Það var tilboð Kraft Heinz í Unilever árið 2017 sem leiddi til þess að niðurskurðarhnífurinn var mundaður hjá stórum þekktum vörumerkjum í Evrópu en þau hafa lengi vel verið óhagkvæmari í rekstri en keppinautarnir í Bandaríkjunum. Þetta kemur fram í frétt The Wall Street Journal.

Unilever, sem framleiðir Dovesápur og Lipton-te, og mjólkurframleiðandinn Danone lofuðu að skera niður kostnað samanlagt um átta milljarða dollara. Nestlé, sem aðgerðafjárfestirinn Daniel Loeb hafði beint kröftum sínum að, lét undan pressunni og setti sér í fyrsta skipti markmið um framlegðarhlutfall.

Nú munu aðgerðafjárfestar þurfa að leggja meira á sig. Fyrirtæki á neytendamarkaði skipuðu þriðja sæti í þeim geira sem þeir voru atkvæðamestir í. Sú atvinnugrein er væntanlega enn undir smásjánni en vogunarsjóðir munu þurfa að hafa eitthvað nýtt fram að færa. Elliott Advisors mun þurfa að tefla fram öðru en einföldum aðgerðum til að draga úr kostnaði hjá eiganda viskíframleiðandans Jameson, Pernod Ricard, til að rekstrarhlutföllin verði á pari við það sem gengur og gerist hjá Diageo, sem meðal annars á Guinness, segir í fréttinni.

## Gætu stöðvað viðskipti með fasteignasjóði

Fitch Rating varar við því að fasteignasjóðir í Bretlandi gætu stöðvað viðskipti með bréf sín á næstu vikum vegna óróleika í tengslum við Brexit. Fjárfestar munu þá ekki geta selt bréf sín í sjóðunum en það varð raunin þegar Bretar kusu að ganga úr Evrópusambandinu í júní 2016. Þetta kemur fram í frétt Financial Times.

Fram kemur í greiningu Fitch Rating að ólíklegt sé að fasteignasjóðir sem hægt er að eiga viðskipti með á hverjum degi geti mætt útflæði ef það vex verulega. Sjóðirnir mæta útflæði með því að selja atvinnuhúsnæði í sinni eigu en það tekur töluverðan tíma. Slíkir sjóðir gefa fjárfestum færi á að eiga viðskipti með fasteignir innan dags sem ella getur verið tímafrekt.

Fitch Rating segir að fjárfestar gætu brugðist harðar við á næstu vikum en við kosningunum árið 2016, einkum ef niðurstaðan verður útganga úr Evrópusambandinu án samnings. Greinendurnir telja að sjóðirnir hafi ekki yfir nægu lausafé að ráða til að hægt sé að eiga viðskipti með bréf þeirra við þær kringumstæður.



NORDICPHOTOS/GETTY

Fjárfestar hafa í auknum mæli tekið fjármagn úr fasteignasjóðum því þeir óttast að Brexit muni hafa slæm áhrif á starfsemi þeirra. Um er að ræða hundruð milljóna punda á undanförnum mánuðum. Í desember drógu fjárfestar 315 milljónir punda út úr slíkum sjóðum sem er svipuð fjárhæð og tveimur mánuðum eftir atkvæðagreiðsluna um útgöngu úr Evrópusambandinu. – hvj

## Tímamótasamruni fær brautargengi

Áfrýjunardómstóll Bandaríkjanna komst í gær að þeirri niðurstöðu að samruni fjarskiptarisans AT&T og afþreyingarfyrirtækisins Time Warner mætti ganga í gegn. Niðurstaðan gæti bundið enda á tilraunir bandaríska dómsmálaráðuneytisins til þess að ógilda samrunann.

Dómsmálaráðuneytið byggði málflutning sinn á því að AT&T, sem á DirecTV, gæti notað höfundarrétt Time Warner á sjónvarpsefni á borð við Game of Thrones til að hækka verð til keppinauta á sjónvarpsmarkaði og þannig hækka verð til neytenda. Að mati dómaranna var málflutningur ráðuneytisins „ósannfærandi“.

Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur farið hörðum orðum um samrunann. Samkvæmt frétt Reuters um málið telur forsetinn að samruninn komi sér vel fyrir sjónvarpsstöðina CNN, sem er undir hatti Time Warner en Trump hefur sakað CNN um að birta falsfréttir.

Um er að ræða einn stærsta samruna síðari ára í Bandaríkjunum en hann var tilkynntur árið 2016. Nemur yfirtaka AT&T á Time Warner 85,4 milljörðum dala.




Samruni AT&T og Time Warner var einn stærsti samruni síðari ára í Bandaríkjunum. Dómsmálaráðuneytið hefur reynt að ógilda samrunann.

**Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur farið hörðum orðum um samrunann.**

Ólafur Jóhann Ólafsson er aðstoðarforstjóri Time Warner en hann mun láta af störfum þegar samruninn gengur í gegn. Greindi bandaríski fjölmiðillinn Bloomberg frá því í fyrra að Ólafur Jóhann fengi 15,3 milljónir dala í sinn hlut vegna samrunans, eða rúma 1,8 milljarða króna miðað við gengi dagsins í dag. – tfh

# Ljóst að hækkunum verði velt út í verðlag

**Greinendur Landsbankans hafa lækkað verðmat sitt á Högum. Þrátt fyrir mikla aukningu í sölu veldur þrýstingur á framlegð Haga því að félagið hefur lækkað afkomuhorfur sínar.**


Þrýstingur hefur verið á framlegð Haga undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Hagfræðideild Landsbankans metur gengi hlutabréfa í Högum á 45,1 krónu á hlut í nýju verðmati og hefur lækkað mat sitt um ríflega 13 prósent frá síðasta verðmati í júlí í fyrra.

Til samanburðar stóð gengi bréfanna í verslunarrisanum í 43,4 krónum á hlut eftir lokun markaða í gær. Mælir hagfræðideildin með því að fjárfestar haldi bréfum sínum í félaginu.

Í verðmatinu, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er bent á að þrátt fyrir mikla aukningu í sölu valdi þrýstingur á framlegð Haga því að félagið hafi lækkað afkomuhorfur sínar fyrir yfirstandandi rekstrarár úr 5.000 milljónum króna í 4.600 til 4.700 milljónir króna. Samkeppnin sé því enn hörð á matvörumarkaði.

Greinendur Landsbankans taka fram að fylgjast þurfi vel með framgangi sameiningar félagsins við Olís, sem gekk endanlega í gegn í lok nóvember í fyrra, á komandi mánuðum. Markaðir með eldsneyti og matvöru séu að ganga í gegnum breytingar og Hagar fái stórt smásölunet út úr viðskiptunum.

„Sameiningin við Olís felur í sér ýmis tækifæri fyrir verslunarrisann en óvissa er um hver næstu skref verða hjá sameinuðu fyrirtæki í átt að aukinni hagkvæmni ásamt því að vænt samlegð á eftir að koma í ljós,“ segir í verðmati hagfræðideildarinnar.

Sérfræðingar bankans gera ráð fyrir áframhaldandi vexti tekna Haga á komandi árum, bæði vegna kaupanna á Olís og einnig vegna undirliggjandi vaxtar. Telja þeir að tekjurnar aukist um 30 prósent á næsta rekstrarári, frá mars 2019 til febrúar 2020, um 4,5 prósent á rekstrarárinu þar á eftir og að framtíðarvöxtur verði 3,5 prósent.

Þá telur hagfræðideildin jafnframt að minni kortavelta og einkaneysla sé „tímabundin afleiðing óvissu“. Gerir deildin ráð fyrir að framlegðarhlutfall Haga muni leita upp á við og að EBITDA-hlutfall, það er hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta sem hlutfall af tekjum, verði 6,8 prósent á næsta rekstrarári og 7,0 prósent þar á eftir. Til samanburðar var umrætt hlutfall 5,6 prósent á síðasta rekstrarári Haga.

Í verðmatinu er auk þess bent á að ríflegar hækkanir lægstu launa muni hafa neikvæð áhrif á afkomu Haga en jafnframt mögulega flýta fyrir sjálfvirknivæðingu í verslunum félagsins. Við núverandi aðstæður, þar sem hlutfall launa af framlegð sé í kringum 44 prósent, sé „morgunljóst“ að launahækkunum verði velt út í verðlag að miklu leyti.

Er bent á að launahlutfall félagsins hafi undanfarin ár farið úr 35 til 36 prósentum í 44 prósent. Kröfur verkalýðshreyfingarinnar séu ekki ljósar en miðað við lægstu tölur sem komið hafa frá forsvarsmönnum hennar og ýtrustu kröfur Samtaka atvinnulífsins megi gera ráð fyrir að launakostnaður Haga hækki árlega um 800 til 2.500 milljónir króna næstu þrjú árin. **– kij**

# Tekjurnar jukust lítillega


**Orri Hauksson, forstjóri Símans.**

Síminn tapaði 2.436 milljónum króna á fjórða fjórðungi síðasta árs borið saman við 607 milljóna króna hagnað á sama fjórðungi árið 2017, að því er fram kemur í fjórðungsuppgjöri sem fjarskiptafélagið birti eftir lokun markaða í gær.

Tapið skýrist af gjaldfærslu á viðskiptavild hjá dótturfélaginu Mílu upp á 2.990 milljónir króna en ef ekki hefði komið til gjaldfærslunnar hefði hagnaður samstæðunnar numið 554 milljónum króna á fjórðungnum.

Tekjur Símans námu 7.544 milljónum króna á fjórða fjórðungi síðasta árs en leiðrétt fyrir seldri starfsemi jukust þær um 85 milljónir króna á milli ára. EBITDA – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – var jákvæð um 1.908 milljónir króna á síðustu þremur mánuðum 2018 borið saman við 1.930 milljónir króna á sama tímabili árið áður. Nam lækkunin á milli ára þannig 1,1 prósenti.

Orri Hauksson, forstjóri Símans, segir í tilkynningu að rekstur samstæðunnar hafi verið sterkur í fyrra. Heildartekjur hafi aukist lítillega en ólíkt árunum á undan hafi myndarlegur vöxtur verið í smásölutekjum. Fjölgun viðskiptavina sé meginástæða þessa vaxtar.

Hann nefnir að félagið sé ágætlega búið undir átök á vinnumarkaði. „Verkföll eru skeinuhættari margri annarri starfsemi á Íslandi en þeirri sem Síminn og dótturfélög reka, en að sjálfsögðu óæskileg okkur sem öðrum, sérstaklega ef þau dragast á langinn.“ **– kij**


**Síðasta ár var besta rekstrarár í sögu Skeljungs.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Framlegð Skeljungs batnaði verulega í fyrra

Skeljungur tapaði einni milljón króna á fjórða fjórðungi síðasta árs borið saman við 29 milljóna króna tap á sama fjórðungi árið 2017, eftir því sem fram kemur í fjórðungsuppgjöri olíufélagsins sem birt var síðdegis í gær.

Framlegð Skeljungs nam 1.844 milljónum króna á síðustu þremur mánuðum síðasta árs og batnaði um liðlega 14 prósent frá sama tímabili árið áður þegar hún var 1.613 milljónir króna.

EBITDA – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – var jákvæð um 360 milljónir á fjórða fjórðungi síðasta árs en til samanburðar var hún jákvæð um 260 milljónir króna á fjórða fjórðungi ársins 2017.

Í tilkynningu frá félaginu er bent á að síðasta ár hafi verið besta rekstrarár þess frá upphafi. Afkoman byggist fyrst og fremst á sterkum kjarnarekstri, bæði á Íslandi og í Færeyjum.

„Staða Skeljungs er sterk og við sjáum fram á áframhaldandi heilbrigðan rekstur næstu árin,“ er haft eftir Hendrik Egholm, forstjóra Skeljungs. „Ef horft er til lengri framtíðar er ljóst að markaðurinn mun breytast og við ætlum að nýta vel þau tækifæri sem skapast með því. Við ætlum ekki að verða áhorfendur að þeim breytingum, heldur virkir þátttakendur svo hagsmunir hluthafa verði tryggðir til langrar framtíðar,“ segir forstjórinn. **– kij**




Morgunverðarfundur um eiginfjárkröfur og viðnámsþrótt banka

5. mars á Grand Hótel Reykjavík

**Dagsetning/tími:** Þriðjudaginn 5. mars kl. 08.30-10.00. Morgunverður hefst kl. 08.00.
**Staðsetning:** Gullteigur, Grand Hótel Reykjavík
**Skráningu lýkur:** 1. mars

Síðastliðinn áratug hafa eiginfjárkröfur til banka verði hertar í kjölfar fjármálaáfallsins 2008. Nýr Basel III staðal, sem innleiddur hefur verið hér á landi með sama hætti og annars staðar í Evrópu, kveður á um aukið og „betra“ eigið fé auk strangari og framsýnni lausafjárkrafna. Koma þessar breytingar nægjanlega til móts við þekkta veikleika í alþjóðlegum bankarekstri? Hvernig eiga þessar reglur við í íslenskum veruleika?

FRAMSÖGUMENN:

**Martin Hellwig**, prófessor og annar höfundur metsölubókarinnar The Bankers' New Clothes: What's Wrong with Banking and What to Do About It

**Perla Ösp Ásgeirsdóttir**, framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Landsbankanum

**Jón Þór Sturluson**, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins mun opna fundinn og stýra honum.

**Morgunverðarfundir í tilefni 20 ára afmælis Fjármálaeftirlitsins**

Tilefni fundarins er að Fjármálaeftirlitið hefur starfað í tuttugu ár og er fundurinn annar í röð funda um áhugaverð málefni tengd fjármálakerfinu sem Fjármálaeftirlitið hyggst halda af því tilefni. Fundurinn er öllum opinn. Óskað er eftir að fundargestir skrái þátttöku eigi síðar en 1. mars næstkomandi á fme@fme.is.

**Fundurinn fer fram á ensku.**

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

20 1999-2019

# Eftirlitið þróist í takt við markaðinn

## Svipmynd

**Jón Þór Sturluson**

**Nám:**
B.Sc. próf í hagfræði frá Háskóla Íslands
M.Sc. próf í hagfræði frá Háskóla Íslands
Ph.D. próf í hagfræði frá Stockholm School of Economics

**Störf:**
Aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins frá 2013
Dósent við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík frá 2006

**Fjölskylduhagir:**
Giftur Önnu Sigrúnu Baldursdóttur, hjúkrunarfræðingi og MBA, aðstoðarmanni forstjóra Landspítala. Við eigum tvær dætur, Guðrúnu Mörtu (20 ára) og Filippíu Þóru (16 ára) og tíkina Röskvu (9 ára).



Jón Þór segir mikinn árangur hafa náðst í þróun áhættumiðaðs eftirlits og yfirsýn yfir helstu áhættur sé betri en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Jón Þór Sturluson hefur gegnt stöðu aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2013. Hann segist sjá fyrir sér vaxandi notkun tækni í fjármálaeftirliti, með aukinni hagnýtingu gagna í greiningarvinnu og gervigreindar í vöktun á áhættum.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Flestir morgnar byrja á því að að laga gott kaffi handa okkur hjónum um klukkan 7. Síðan eru helstu miðlar skannaðir áður en við Röskva fáum okkur morgunrölt.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég hef mjög gaman af hvers konar útivist, sérstaklega fjallgöngum og gönguskíðum. Ég hef líka mikið yndi af tónlist af ýmsu tagi og spila á trompet í danshljómsveitinni Royal. Ég sæki tónleika eins og ég get, á áskriftarkort á Sinfóníuna og á síðasta ári náði ég að sjá bæði Radiohead og Arcade Fire á tónleikum með fjölskyldunni. Svo hef ég líka áhuga á borðspilum, sérstaklega snúnum slíkum, og er sjálfskipaður formaður spilaklúbbsins Flókin spil sem hittist allt of sjaldan.

*Hver er bókin sem þú ert að lesa eða last síðast?*

Síðast las ég Sakramentið eftir Ólaf Jóhann og er núna að lesa Sextíu kíló af sólskini eftir Hallgrím Helgason. Í seinni tíð hlusta ég meira á bækur en les þær, bæði innlendar og erlendar.

*Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?*

Akademían hefur alltaf verið mitt annað heimili, svo líklegast myndi ég snúa þangað aftur ef aðstæður breyttust.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Umhverfi fjármálamarkaðar er í mikilli þróun um þessar mundir og því er mikil áskorun fólgin í núverandi starfi er tengist þróun fjármálaeftirlits og umhverfi fjármálastöðugleika. Það kæmi mér því ekki mjög á óvart ef ég væri starfandi á svipuðum vettvangi eftir 10 ár.

> **Akademían hefur alltaf verið mitt annað heimili, svo líklega myndi ég snúa aftur þangað ef aðstæður breyttust**
>
> Jón Þór Sturlason, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins

*Hverjar er helstu áskoranirnar fram undan í starfinu?*

Fram undan er sameining Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Í því felast margs konar tækifæri til að styrkja umgjörð fjármálageirans, en um leið áskoranir. Mikilvægt er að sameinuð stofnun nýti sem best fyrirliggjandi styrkleika og að markmið um sterkari umgjörð um fjármálastöðugleika náist.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í eftirliti með fjármálastofnunum í dag?*

Mikill árangur hefur náðst í þróun áhættumiðaðs eftirlits á síðustu árum og við höfum nú mun betri yfirsýn en áður yfir helstu áhættur í rekstri fyrirtækja á fjármálamarkaði. Enn á þó eftir að ljúka endurskoðun á ramma í kringum endurskipulagningu og skilameðferð fjármálafyrirtækja. Stærsta áskorunin er án efa uppbygging trausts til fjármálamarkaðarins, sem hefur ekki borið sitt barr síðan 2008. Traust til fjármálageirans og stofnana sem honum tengjast hefur farið mjög hægt vaxandi undanfarin ár. Fjármálaeftirlitið hefur síðustu árin lagt ríka áherslu á gagnsæi með almennri birtingu á niðurstöðum athugana þess. Í því felst að allt sem samræmist ekki lögum eða FME telur athugasemdavert að öðru leyti er dregið fram í dagsljósið. Til lengri tíma litið er það til þess fallið að auka trúverðugleika markaðarins.

*Sérðu fyrir þér breytingar í fjármálaeftirliti á komandi árum?*

Fjármálaeftirlit þarf að þróast í takt við fjármálamarkaðinn. Miðað við fyrirsjáanlega þróun er mikilvægt að horft sé heildstætt á fjármálaeftirlit, þvert á markaði, til að tryggja að bæði viðbúnaðar- og varúðarkröfur taki fyrst og fremst mið af eðli starfseminnar en ekki stofnanauppbyggingunni. Ég sé einnig fyrir mér vaxandi notkun tækni í fjármálaeftirliti, með aukinni hagnýtingu gagna í greiningarvinnu og gervigreindar í vöktun á áhættum.

*Hvers konar stjórnunarhætti hefurðu tileinkað þér og hvers vegna?*

Það er áríðandi að halda jákvæðu og opnu starfsumhverfi eftir því sem það er unnt, þótt verkefnin kunni að vera þung og erfið. Mér hefur alltaf þótt mikilvægt að hlusta eftir ólíkum sjónarmiðum og finnst áríðandi að raddir sem flestra móti ákvarðanatökuferli. Á endanum er það þó stjórnandans að taka af skarið og undan slíku vík ég mér ekki.

# Setja léttkolsýrðan kollagendrykk á markað

Nýr íslenskur og sykurlaus drykkur með viðbættu kollageni verður fáanlegur í verslunum á næstu dögum. Drykkurinn Collab var hannaður af Feel Iceland, sem vinnur kollagen úr íslensku fiskroði, í samstarfi við Ölgerðina. Hrönn Margrét Magnúsdóttir, annar stofnandi Feel Iceland, segir að hugmyndavinnan hafi hafist fyrir tveimur árum.

„Það er mikil næring og hollusta í drykknum, þetta er ekki bara enn einn orkudrykkurinn. Hugmyndin á bak við drykkinn er góð hráefni og við viljum alls ekki fara í felur með það. Dósirnar voru því hannaðar þannig að innihaldslýsingin er framan á þeim með vörumerkinu. Þú sérð greinilega hvað þú ert að drekka,“ segir Hrönn í samtali við Markaðinn.



Hrönn Margrét Magnúsdóttir.

Feel Iceland hefur þróað og markaðssett fæðubótarefni og húðvörur sem eru unnar úr aukaafurðum íslensks sjávarfangs. Markmiðið er að nýta auðlindir úr hafinu sem hafa ekki verið nýttar áður og jafnvel hent, til þess að láta fólki líða betur á náttúrulegan hátt og án þess að skaða umhverfið.




Nú bætist drykkur við vörulínuna en til að byrja með verða framleiddar tvær bragðtegundir; annars vegar ferskju- og mangóbragð og hins vegar límónu- og ylliblómabragð.

„Það sem er líka skemmtilegt við þennan drykk er að það voru aðallega konur sem komu að hönnun, hugmyndavinnu og þess háttar,“ segir Hrönn. Hún segir að Collab sameini íslenskt hugvit og íslenskt hráefni. Enginn annar drykkur í heiminum innihaldi íslenskt kollagen sem er unnið úr fiskroði.

„Feel Iceland kollagenið er eitt hreinasta prótein sem þú getur fengið, engin viðbætt aukaefni og unnið úr íslensku sjávarfangi. Kollagen er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans þannig að það er mjög mikilvægt fyrir okkur að fá það í nægilegu magni. Eftir 25 ára aldur byrjar að hægja á framleiðslu líkamans á kollageni og því er mikilvægt að bæta það upp með einhverjum hætti.“

Spurð hvort Feel Iceland hafi í hyggju að sækja á erlenda markaði með Collab svarar Hrönn að fyrirtækið hafi nú þegar fengið fyrirspurnir að utan. Fyrst um sinn verði þó einblínt á sölu drykkjarins hér heima. – tfh

# Svikapóstar og fjársvik



**Stella Thors, ráðgjafi hjá KPMG**



**Kristín Aðalheiður Birgisdóttir, ráðgjafi hjá KPMG**



Mikið hefur borið á því í fréttum nýlega að íslensk fyrirtæki eru að lenda í fjársvikum í formi svikapósta. Þessi tegund netglæpa felst í því að óprúttnir aðilar reyna að blekkja fólk með trúverðugum tölvupóstum (e. phishing). Slíkir aðilar stunda það að brjóta sér leið inn í tölvupóstkerfi fyrirtækja og vakta tölvupóstsamskipti með það fyrir augum að komast yfir fjármuni eða upplýsingar. Umfang þessara netglæpa er óþekkt þar sem glæpirnir eru í mörgum tilvikum ekki kærðir en ljóst er að fjöldi þeirra hefur aukist mikið síðustu ár.

Með svolítilli rannsóknarvinnu og góðri vöktun getur hinn óprúttni aðili til dæmis fundið út hvaða einstaklingur innan fyrirtækisins hefur heimild til að senda út og greiða reikninga í nafni þess. Óprúttni aðilinn kemur sér inn í samskipti þess aðila og fer að svara í nafni fyrirtækisins. Í samskiptum sínum gefur hann upp falskt reikningsnúmer sem viðkomandi hefur aðgang að. Er þetta allt gert þannig að hvorki viðskiptamaðurinn né viðskiptavinurinn verða varir við eitthvað óvenjulegt. Þegar greiðslan hefur verið innt af hendi er viðskiptavinurinn búinn að tapa sínum pening og fyrirtækið fær ekki greitt fyrir vöru sína eða þjónustu.

Önnur svik sem einnig eru algeng eru þau að fyrirtæki fá senda til sín reikninga sem átt hefur verið við. Reikningarnir eru þá gefnir út í nafni þess birgis sem fyrirtækið er vant að versla við eða í nafni falsks félags. Til þess að þessi svik gangi upp þarf gjaldkerinn að greiða reikninginn án þess að staðfesta hann eða hver greiðandinn er.

> **Tjónum af völdum þeirra netglæpa sem um ræðir fer hratt fjölgandi. Oft á tíðum er um töluverðar fjárhæðir að ræða fyrir íslensk fyrirtæki.**

Þriðja tegundin af svikapóstum sem borið hefur mikið á eru svokölluð „CEO svik“ sem á íslensku kallast stjórnendasvik. Hér kemst óprúttni aðilinn inn í tölvupóstkerfi fyrirtækisins og tekur yfir pósthólf þess stjórnanda sem er í samskiptum við gjaldkera og hefur heimild til að senda greiðslufyrirmæli fyrir hönd fyrirtækisins. Stundum býr hann til lén sem svipar mikið til þess léns sem fyrirtækið notar og sendir póstinn frá því netfangi. Í þessum tilfellum er óprúttni aðilinn búinn að leggja mikla vinnu í undirbúning og skipulagningu. Oft er hann búinn að kynna sér hvernig greiðslufyrirmæli eru gefin og reynir að líkja eftir fyrri samskiptum aðila. Í tölvupóstinum frá yfirmanninum til gjaldkerans, sem inniheldur greiðslufyrirmæli, er lögð áhersla á að gengið sé frá greiðslu sem fyrst. Jafnvel kemur fram neðst í póstinum að hann hafi verið sendur úr farsíma en þar með er auðveldara að fyrirgefa innsláttarvillur. Falli gjaldkerinn í gildruna nær óprúttni aðilinn að fá greiðslu inn á reikning sem hann hefur yfirráð yfir og er fyrirtækið þar með í flestum tilfellum búið að tapa þeim fjármunum.

Að lokum hefur ný aðferð einnig verið að ryðja sér til rúms. Um er að ræða skilaboðasvik í gegnum snjallsíma og samfélagsmiðla. Markmiðið er að komast yfir upplýsingar eins og lykilorð, notendanöfn, bankaupplýsingar eða aðrar viðkvæmar upplýsingar. Upplýsingarnar eru síðan nýttar af óprúttnum aðilum til að villa á sér heimildir í samskiptum við ýmsa þjónustuaðila og fjármálastofnanir.

**Hvað er hægt að gera?**

Mikilvægur þáttur í að lágmarka líkurnar á svikum af þessu tagi er að auka vitundarvakningu innan fyrirtækisins. Einkum þarf að veita starfsfólki viðeigandi fræðslu, þjálfun og upplýsingar. Þá þurfa stjórnendur að gæta þess að netöryggismál fái sama vægi og önnur rekstrarmál innan fyrirtækisins. Einnig þarf að tryggja að boðleiðir og viðbrögð starfsmanna sem varir verða við netógnir séu einföld, skýr og markviss. Starfsfólkið þarf þannig að þekkja vel ferla fyrirtækisins og kunna að bregðast rétt við. Segja má að þjálfun starfsmanna, öflug öryggisvitund og aðgát séu í raun besta forvörnin.

Stjórnendur fyrirtækja þurfa því að kynna sér málefnið vel. Starfsmenn þurfa að æfa viðbrögð við árásum og þekkja það verklag sem gildir undir slíkum kringumstæðum. Ásamt þessu er nauðsynlegt að huga vel að upplýsingaöryggi, yfirfara reglulega öryggisstillingar og framkvæma úttektir á netöryggismálum. Þetta á ekki síst við ef verið er að framkvæma breytingar á upplýsingatækniumhverfi félagsins. Einnig er þetta mikilvægt ef upplýsingatækniþjónustu er úthýst til þriðja aðila. Endanlegri ábyrgð á rekstri og innra eftirliti verður ekki útvistað og því er nauðsynlegt að viðhafa virkt eftirlit með útvistuðum þáttum.

Tjónum af völdum þeirra netglæpa sem um ræðir fer hratt fjölgandi. Oft á tíðum er um töluverðar fjárhæðir að ræða fyrir íslensk fyrirtæki. Fjárhagstap það sem orsakast af svikunum getur því haft alvarlegar afleiðingar fyrir fyrirtækið. Slík óhöpp geta þó ekki síður skaðað og jafnvel eyðilagt orðspor fyrirtækisins.

KPMG aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við að efla netvarnir, auka almenna þekkingu starfsmanna sem og að yfirfara og uppfæra innra verklag vegna netöryggis. KPMG hefur einnig veitt aðstoð við rannsóknir sviksemismála, til dæmis við frumrannsókn, með það að markmiði að greina hvað fór úrskeiðis hjá félaginu.

Byggt á reynslu okkar hjá KPMG á þessu sviði er ljóst að ekki mun draga úr tíðni netglæpa og svikamála af því tagi sem hér um ræðir í fyrirsjáanlegri framtíð. Þvert á móti sjáum við nýjar aðferðir og tegundir fjársvika sífellt skjóta upp kollinum. Ógn vegna slíkra svikamála mun því halda áfram að vera áskorun í rekstri íslenskra fyrirtækja og aðferðir munu taka á sig enn fjölbreyttari myndir samhliða þróun á sviði upplýsingatækni.


## Samtök fjármálafyrirtækja leita að lögfræðingi

Í starfinu felst fjölbreytt samstarf við aðildarfélög SFF svo sem vegna innleiðingar EES-gerða á fjármálamarkaði, gerð umsagna um þingmál og stjórnvaldsfyrirmæli og samskipti við eftirlits- og stjórnsýslustofnanir fyrir hönd aðildarfélaga. Í starfinu felst einnig þátttaka í undirbúningi stefnumótunar samtakanna í ýmsum málum og aðkoma að alþjóðlegu samstarfi.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Hæfni til að koma frá sér efni í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku. Þekking á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Sveigjanleiki, sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum.
- Nákvæmni, vandvirkni og metnaður.
- Þekking á lagaumhverfi fjármálafyrirtækja, þ.m.t. vátryggingafélaga, er kostur.
- Þekking á samkeppnisrétti er kostur.
- Starfsreynsla úr fjármálafyrirtæki þ.m.t. vátryggingafélagi, stjórnsýslu eða á öðrum vettvangi sem nýtist í starfi er kostur.
- Framhaldsnám sem nýtist í starfi er kostur.

***Upplýsingar veitir Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur SFF, í síma 591 0400.***

***Umsóknir berist á skrifstofu SFF í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík eða í tölvupósti á jona@sff.is.***

***Umsóknarfrestur er til 15. mars nk.***

SFF
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

*SFF eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Aðildarfélög samtakanna eru 27 talsins. Tilgangur og meginverkefni samtakanna er að vera málsvari fjármálafyrirtækja og stuðla að því að starfskilyrði þeirra séu samkeppnishæf. SFF eru málsvari aðildarfélaga samtakanna gagnvart stjórnvöldum, eftirlitsstofnunum, almenningi og atvinnulífi og aðstoða þau við að byggja upp heilbrigt og traust fjármálakerfi. SFF eiga aðild að bæði Evrópsku bankasamtökunum (EBF) og Samtökum evrópskra tryggingarfélaga (IE). Hjá SFF starfa sex starfsmenn sem búa yfir margvíslegri sérfræðiþekkingu.*


# Twitter-forsetinn



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Er ekki fullmikið að kalla svefnherbergi Bandaríkjaforseta verkstæði djöfulsins? Það er þó haft eftir Reince Priebus, fyrrverandi starfsmannastjóra Hvíta hússins, í Fear, áhugaverðri bók Bob Woodward um forsetatíð Donald Trump. Priebus vísar þar til þess tíma sem Trump ver uppi í rúmi, horfandi á spjallþætti í sjónvarpi með símann við hönd. Á Twitter tjáir fingraglaði forsetinn skoðanir sínar og tilfinningar og heimurinn fylgist með.

Á Twitter komast notendur í beint og milliliðalaust samband við umheiminn. Það kann forsetinn vel að meta, enda í miðju stríði við frjálsa fjölmiðla og fjölmiðlafólk sem á það til að kanna hvort það sem sagt er sé satt og rétt. Til að hámarka árangurinn er Trump sagður láta prenta út vinsælustu færslurnar sínar og kanna hvað helst hitti í mark.

Þrátt fyrir þetta hefur notendafjöldi miðilsins ekkert breyst frá því Trump var kjörinn forseti síðla árs 2016. 321 milljón manna nýtir sér Twitter í hverjum mánuði samanborið við 2,3 milljarða á Facebook og milljarð á Instagram. En þrátt fyrir stöðnun er reksturinn allt annar og betri en áður og eftir áralangan taprekstur hefur hagnaði nú verið skilað fimm ársfjórðunga í röð.

> **Til að hámarka árangurinn er Trump sagður láta prenta út vinsælustu færslurnar sínar og kanna hvað hitti í mark.**

Hagnaður af reglulegri starfsemi nam um 54 milljörðum króna á síðasta ári, því fyrsta sem í heildina var rekið réttum megin við núllið. Tekjur af hverjum notanda hafa aukist um fjórðung frá kjöri Trump og ríflega tvöfaldast frá árinu 2014. Þetta er því allt í rétta átt hjá Twitter en væntingar fjárfesta til þessa árs eru þó hóflegar. Gert er ráð fyrir um fimmtungs vexti kostnaðar á milli ára, en meðal annars verður þess freistað að auka enn frekar birtingu efnis sem klæðskerasniðið er að hverjum og einum notanda og slíkt á að auka sölu auglýsinga enn frekar.

Hvort betri afkoma Twitter er Trump að þakka skal ósagt látið en það er þó ekki hægt að útiloka. Þá er spurningin bara hvort áframhaldandi velgengni fyrirtækisins velti ekki á því hversu vel tekst að virkja fleiri forseta. Ætli okkar eigin @sagnaritari muni kannski beintísta #12stig á laugardaginn?

# Skotsilfur

## Aðgerðirnar hitta þá sjálfa fyrir



Það kom ýmsum á óvart þegar **Ragnar Þór Ingólfsson,** formaður VR, lýsti því yfir að verkalýðshreyfingin ætlaði aðallega að beina spjótum sínum að ferðaþjónustunni í boðuðum verkfallsaðgerðum sínum. Afkoman í greininni hefur enda versnað hratt og þá eru lífeyrissjóðirnir, sem félagsmenn verkalýðsfélaganna greiða mánaðarlega til, vitaskuld stærstu hluthafar í nær öllum stærstu ferðaþjónustufyrirtækjum landsins. Taka má dæmi af stærsta fyrirtækinu, Icelandair Group, þar sem samanlagður eignarhlutur lífeyrissjóðanna er hátt í 55 prósent. Það er því dagljóst að aðgerðir verkalýðshreyfingarinnar munu fyrst og fremst hitta hana sjálfa fyrir.

## Slá af kröfum



Athygli vakti á þriðjudag þegar Efling krafðist þess að Samtök atvinnulífsins birtu „opinbera leiðréttingu“ á frétt sem samtökin höfðu birt um kröfugerð stéttarfélagsins. Ef eitthvað er að marka yfirlýsingu Eflingar er formaðurinn, **Sólveig Anna Jónsdóttir**, og félagar með henni í fyrsta sinn að tilkynna viðsemjanda sínum um breyttar og vægari kröfur sínar. Stéttarfélagið er þá til að mynda fallið frá kröfum sínum um bil á milli launaflokka og aldursþrepa. Yfirlýsingin ætti því að marka nokkur tímamót og er í sjálfu sér fagnaðarefni, enda hefur bilið á milli deilenda því minnkað nokkuð.

## Ef og hefði



Þrátt fyrir kólnun í hagkerfinu, framboðshrun í flugsætum til landsins og óvissu á vinnumarkaði hefur krónan haldist stöðug undanfarnar vikur og má segja það sama um hlutabréfamarkaðinn. Ástæðuna er fyrst og fremst að rekja til mikils innflæðis í Marel en erlendir sjóðir hafa undanfarið keypt bréf í félaginu, sem **Árni Oddur Þórðarson** stýrir, fyrir hátt í tíu milljarða. Má slá því föstu að ef ekki væri fyrir innflæðið hefði krónan verið búin að gefa töluvert eftir undanfarið.

# Hlutabréf í Kraft Heinz hrynja í verði




Hlutabréf í matvælarisanum Kraft Heinz hafa hrunið í verði um tugi prósenta undanfarna daga eftir að framleiðandinn sagðist hafa niðurfært eignir upp á 15,4 milljarða dala á fjórða fjórðungi síðasta árs og upplýsti jafnframt um að bandaríska verðbréfaeftirlitið hefði hafið rannsókn á reikningsskilum fyrirtækisins. Matvælafyrirtækið varð sem kunnugt er til við samruna Kraft Foods og HJ Heinz árið 2015. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sögulegt tækifæri



**Agnar Tómas Möller**
framkvæmdastjóri Sjóða hjá GAMMA

Eftir efnahagsuppgang síðustu ára stefnir í að viðsnúningur hagkerfisins muni verða sneggri en Seðlabankinn og aðrir greiningaraðilar hafa spáð fyrir um. Vöxtur í komum ferðamanna hefur snúist í samdrátt og hörð átök á vinnumarkaði munu stórskaða okkar stærstu en jafnframt viðkvæmustu útflutningsatvinnugrein, ferðaþjónustuna, sem og aðrar greinar. Að endingu munu heimilin finna fyrir minna atvinnuöryggi og aukinni verðbólgu samfara hækkun höfuðstóls íbúðalána.

Staðan er alvarleg. Heimili og fyrirtæki sjá hvað er í vændum líkt og kemur fram í minnkandi innflutningi, samdrætti í innlendri kortaveltu og nýjar tölur um útlán bankakerfisins benda til skarps samdráttar fram undan í nýjum útlánum til fyrirtækja. Mesta lækkun á leiðandi hagvísum fyrir íslenska hagkerfið frá árinu 2008 (reiknað af Analytica) er birtingarmynd þessarar þróunar.

**Lykilstærðir nokkurra ríkja í árslok 2018 (% VLF)**

| Land | 10 ára vextir | Verðbólga | Skuldir ríkissjóðs | Fjárlagaafgangur |
|---|---|---|---|---|
| Ástralía | 2,1% | 2,2% | 41% | -1,4% |
| Bandaríkin | 2,7% | 2,4% | 106% | -4,7% |
| Bretland | 1,1% | 2,5% | 87% | -2,0% |
| Indland | 7,5% | 4,7% | 70% | -6,6% |
| Ísland | 5,4% | 2,5% | 37% | 0,9% |
| Ísrael | 2,0% | 0,7% | 61% | -3,2% |
| Japan | 0,0% | 1,2% | 238% | -3,7% |
| Kanada | 1,9% | 2,6% | 87% | -1,2% |
| Mexíkó | 8,3% | 4,8% | 54% | -2,5% |
| Noregur | 1,6% | 1,9% | 36% | 5,7% |
| Nýja-Sjáland | 2,2% | 1,4% | 30% | 0,8% |
| Rússland | 8,4% | 2,8% | 15% | 1,6% |
| Þýskaland | 0,1% | 1,8% | 60% | 1,5% |

Nafnvextir á Íslandi, bæði til skemmri og lengri tíma, eru mjög háir í alþjóðlegum samanburði þegar litið er til sterkra grunnþátta eins og lágra skulda, öflugs lífeyriskerfis, jákvæðrar eignastöðu þjóðarbúsins, viðvarandi viðskiptaafgangs og hallalauss rekstrar ríkissjóðs, og enn sem komið er nokkuð lágrar verðbólgu (m.v. samræmda vísitölu án húsnæðisverðs). Á sama tíma og efnahagshorfur eru að versna í flestum okkar viðskiptalöndum og lítið svigrúm til frekari lækkunar vaxta, er því þveröfugt farið hér. Því ætti að vera rými til að létta verulega undir með heimilum og fyrirtækjum með lækkun vaxta á sama tíma og hagkerfið hægir á sér. Vandinn er þó sá að kröfur um launahækkanir langt umfram svigrúm atvinnulífsins munu koma í veg fyrir lækkandi vaxtastig.

Eftirfarandi tafla tekur saman þessar helstu lykilstærðir ásamt 10 ára skuldabréfavöxtum, fyrir bæði mjög þróuð lágvaxtaríki, hávaxta nýmarkaðsríki, og minni myntsvæði á verðbólgumarkmiði, líkt og Ísland, Ísrael og Nýja-Sjáland.

Líkt og taflan sýnir, eru langtímavextir á Íslandi mjög háir í samanburði við önnur lönd, þegar rýnt er í helstu grunnstærðir og ljóst að svigrúm til lækkunar gæti verið umtalsvert og ábati heimila og fyrirtækja af því töluverður. Sem dæmi má taka óverðtryggt jafngreiðslulán til 40 ára – vaxtalækkun um 1% lækkar greiðslubyrði slíks láns um rúm 12%, eða um 27 þúsund krónur á mánuði fyrir 40 milljóna lán. Í könnun Seðlabankans í janúar kom fram að væntingar markaðsaðila á skuldabréfamarkaði voru um 2,8% verðbólgu að meðaltali næstu 10 ár. Á sama tíma fór verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hratt lækkandi vegna væntinga um að kjarasamningar myndu nást án umtalsverðra verðbólguáhrifa. Áhrifin af því horft fram á veginn hefðu getað komið fram í umtalsverðri lækkun á vaxtastigi, sem og lækkun vaxtaálags til heimila og fyrirtækja, hafi erlendir fjárfestar trú á Íslandi sem fjárfestingarkosti nú þegar dyrnar verða opnaðar á næstunni.

Nú þegar kjaraviðræður eru komnar í hnút hefur verðbólguálag á skuldabréfamarkaði snarhækkað undanfarið eða um 0,5% til skemmri tíma og 0,3% til lengri tíma. Hræðsla og óvissa um niðurstöðu kjarasamninga mun koma í veg fyrir frekari vaxtalækkanir að svo stöddu jafnvel þó hröð kólnun sé fram undan. Ein af kröfum verkalýðshreyfingarinnar er að vextir lækki á Íslandi. Það er alveg ljóst að miðað við þær kröfur sem hafa verið settar fram er það aðeins fjarlægur draumur. Vonandi átta aðilar vinnumarkaðarins sig á því sögulega tækifæri sem er til staðar að ná vöxtum niður á Íslandi – það yrði kjarabót sem kostaði ekkert.

# Breiðu bökin

**SKOÐUN**



**Þorsteinn Friðrik Halldórsson**

Ferðaþjónustufyrirtæki eru í skotlínu verkalýðsforystu sem freistar þess að ná fram kröfum sínum með verkfallsaðgerðum. Formaður VR komst þannig að orði að fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir beindust gegn „breiðu bökunum í ferðaþjónustunni“. Þar á hann við tuttugu og fimm hótel og stærstu rútufyrirtækin.

Fátt virðist um breið bök á meðal rútufyrirtækjanna. Fimm stærstu rútufyrirtækin töpuðu samtals 319 milljónum króna á árinu 2017. Gray Line réðst í endurskipulagningu á rekstrinum í vetur með því að segja upp þrjátíu og tveimur starfsmönnum og selja átta rútur. Verkföll og miklar launahækkanir eru ekki til þess fallin að bæta stöðuna.

Hvað hótelin varðar stóðu þau misvel á síðasta ári. Samkvæmt ýtarlegri greiningu KPMG sem birt var í október batnaði afkoma hótela á höfuðborgarsvæðinu á fyrstu sex mánuðum síðasta árs miðað við sama tímabil 2017 en versnaði töluvert á landsbyggðinni. EBITDA-framlegð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði úr 6,8 prósentum í 10,1 prósent á tímabilinu.

Batnandi afkomu sumra hótela á fyrri helmingi síðasta árs þarf þó að taka með fyrirvara enda hefur staða ferðaþjónustunnar breyst á skömmum tíma. Horfurnar eru öllu óljósari en þær voru fyrir ári. Nú spáir Isavia því að ferðamönnum fækki á þessu ári í fyrsta sinn í tíu ár. Spáin gerir ráð fyrir tæplega milljón færri farþegum en í fyrra. Það getur leitt til þess að ýmsar fjárfestingar síðustu ára sem tóku mið af óbreyttum eða vaxandi fjölda ferðamanna reynist óarðbærar þegar upp er staðið.

Það er undarlegt að tala um breið bök í ferðaþjónustunni þegar atvinnugreinin horfir fram á fækkun ferðamanna og samdrátt. Mikil velta er engin ávísun á öruggt skjól þegar slíkar breytingar eiga sér stað. Sum bök eru vissulega breiðari en önnur, en fá fyrirtæki eru undanskilin því að þurfa að laga sig að nýju rekstrarumhverfi. Það er verkefni þessa árs.

Þá þarf jafnframt að hafa í huga að meira er undir en rekstur nokkurra fyrirtækja. Á síðustu árum hefur fólk og fyrirtæki í ferðaþjónustu náð gríðarlegum árangri í að byggja upp orðspor Íslands á erlendri grund. Orðsporið átti þátt í að knýja ferðamannastrauminn og myndaði þannig eina af undirstöðum lífskjarabóta síðustu ára. Orðsporið er ekki sjálfgefið. Því þarf stöðugt að viðhalda.


NOSTRA
TAKK FYRIR OKKUR
MICHELIN 2019
BESTI VEITINGASTAÐURINN
FYRIR „FÍNT ÚT AÐ BORÐA“ 2019
– THE REYKJAVÍK GRAPEVINE
BESTI NÝI VEITINGASTAÐURINN 2018
– THE REYKJAVÍK GRAPEVINE
BESTI NÝI BARINN 2018
– THE REYKJAVÍK GRAPEVINE
HAPPY HOUR
Miðvikudaga til laugardaga frá 17–19
Laugavegur 59
+354 519 3535
nostrarestaurant.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 27. febrúar 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

## Stjórnarmaðurinn

## Hrein hægristefna

**Á Íslandi** ríkir mikill bílismi. Heilu stjórnmálaflokkarnir virðast hafa það að meginstefnu sinni að tryggja frjálst flæði einkabílsins um borg og bý. Þá má ekkert samþykkja eða hlusta ef stungið er upp á nokkru sem heftir þá frjálsu för. Hvort sem það heitir götulokanir eða lagning stíga fyrir hjólandi eða gangandi. Þessar áherslur koma stjórnarmanninum spánskt fyrir sjónir, enda taldi hann hægristefnu meðal annars snúast um frelsi svo lengi sem það ekki skaðar aðra, og lögmálið um að þeir sem noti skuli borga.

**Auðvitað** er það þannig að tryggja verður að umferð gangi bærilega í Reykjavík. Á því er og hefur verið misbrestur, sem ætti að vera algerlega óþarft í ekki stærri borg. Hitt er svo annað mál að allar samgöngubætur eigi að miða að því að gera veg einkabílsins sem mestan. Staðreyndin er auðvitað sú að einkabíllinn er bæði mengunar- og slysavaldur. Umferðarmannvirki eru auk þess oft lýti á borgarlandinu.

**Þá er ónefnd** sú staðreynd að einkabíllinn er óheilbrigðasti ferðamáti sem völ er á. Íslenska þjóðin er meðal þeirra feitustu í Evrópu, og mætti alveg við því að leggja eilítið aukalega á sig við hversdagsamstrið. Fyrir marga gæti ganga út á næstu strætóstoppistöð breytt miklu. Ef fleiri fengjust til að nýta heilbrigðari fararskjóta, eins og hjól eða tvo jafnfljóta fælist í því mikill þjóðfélagslegur sparnaður. Þótt ekki væri nema fyrir lægri útgjöld til heilbrigðismála.

**Einkabíllinn** ætti því alls ekki að vera í forgangi. Vegtollum ber að fagna og gjöld í stöðumæla ættu að vera margfalt hærri. Rétt eins og þau eru í þeim borgum sem við berum Reykjavík saman við á tyllidögum. Í London var það Íhaldsmaðurinn Boris Johnson sem mest gerði fyrir uppbyggingu hjólastíga og þrengdi auk þess verulega að einkabílnum. Menn verða vart hægrisinnaðri en það. Auðvitað, enda var það hægristefna í sinni tærustu mynd. Einkabíllinn mengar og því er réttlætanlegt að þrengja að honum. Vonandi að hægrimenn í borginni og víðar gætu tamið sér að fylgja prinsippum frekar en háværasta minnihlutanum.

ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Jón stjórnarformaður Vitrolife

Stjórn Vitrolife hefur lagt til að Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, verði kjörinn stjórnarformaður sænska líftæknifyrirtækisins á aðalfundi fyrirtækisins sem verður haldinn í byrjun maí næstkomandi. Jón hefur setið í stjórn þess frá árinu 2015.


Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar

Fram kemur í tilkynningu frá félaginu, sem er skráð á hlutabréfamarkað í Stokkhólmi, að Carsten Browall, stjórnarformaður þess til sex ára, muni stíga til hliðar á aðalfundinum.

Stærsti hluthafi Vitrolife, sem þróar og selur ýmsar heilbrigðisvörur, er danska fjárfestingafélagið William Demant með 22 prósenta hlut en félagið er jafnframt stærsti hluthafi Össurar með 51 prósents hlut. Markaðsvirði félagsins er um 20 milljarðar sænskra króna. – kij

**26.02.2019**

**Það að vera með stórt fyrirtæki er ekki endilega það sama og vera með mikinn hagnað, til dæmis töpuðu stóru hópferðafyrirtækin öll peningum á síðasta ári.**



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF




*Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar*

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar


30
ÁRA
2018
Flísabúðin
Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af hágæða flísum
Finndu okkur
á facebook
Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
27. FEBRÚAR 2019 MIÐVIKUDAGUR

## Merkisatburðir

**1927** Kolakrani er reistur í Reykjavíkurhöfn en sá þótti með fullkomnustu krönum Norðurlandanna á sínum tíma. Hann stóð í tæplega 41 ár.

**1928** Togarinn Jón forseti strandar við Stafnes. Fimmtán skipverjar týna lífi en tíu bjargast.

**1933** Ríkisþinghúsið í Berlín brennur til kaldra kola.

**1941** Togarinn Gullfoss ferst við Snæfellsnes með nítján manna áhöfn.

**1953** Barnaskólahúsið í Hnífsdal fýkur af grunni sínum í fárviðri og splundrast.

**1964** Ríkisstjórn Ítalíu óskar eftir aðstoð til að varna því að skakki turninn í Písa falli.

**1975** Hornstrandir hljóta friðlýsingu.

**1991** George Bush eldri lýsir yfir sigri í Persaflóastríðinu eftir að Írakar lýsa yfir vopnahléi og samþykkja að afvopnast.

**1996** Pokémon-tölvuleikurinn kemur í fyrsta sinn út í Japan.

**2010** Jarðskjálfti, tæpir níu að styrk, skekur Chile og kemur af stað flóðbylgju.



Hluti hópsins sem kemur fram á kvæðakvöldi Iðunnar. Frá vinstri Rósa Þorsteinsdóttir, Linus Orri Gunnarsson, Pétur Húni Björnsson, Bára Grímsdóttir og Kristín Lárusdóttir. Aðgangseyrir er 1.500 kr. en ekki verður posi á staðnum. MYND/CHRIS FOSTER

# Segja rímnakveðskapinn lifandi hefð og dýrmæta

**Kvæðamannafélagið Iðunn stendur fyrir kvæðakvöldi á Sólon í kvöld. Þar koma fram yngri og eldri flytjendur og meðal annars verður fluttur kveðskapargjörningur. Félagið fagnar 90 ára afmæli í haust og af því tilefni verður Dagur rímnalagsins haldinn hátíðlegur.**

Félagið fagnar 90 ára afmæli í haust en það er eitt elsta starfandi menningarfélag á landinu. Við erum að reyna að koma því á koppinn að 15. september verði Dagur rímnalagsins og viljum fá samfélagið með okkur í það,“ segir Bára Grímsdóttir, formaður Kvæðamannafélagsins Iðunnar.

Í kvöld stendur félagið fyrir kvæðakvöldi á Sólon undir yfirskriftinni „Breytir angri í yndisstund“ og hefst dagskráin klukkan 20. Allur ágóði mun renna til afmælishátíðar Iðunnar.

Fjölbreyttur hópur mun koma fram og flytja kvæði en þar á meðal er sellóleikarinn Kristín Lárusdóttir. „Ég mun kveða eigin lög sem ég hef búið til í stemmur og við ljóð Stefáns frá Hvítadal. Þetta verður einhvers konar kveðskapargjörningur og raftónlist. Þannig að ég verð með nýja nálgun á þetta en líka gamlar vísur,“ segir Kristín.

Hún segir flytjendur á kvæðakvöldinu góða blöndu yngra og eldra kvæðafólks. Þrátt fyrir þennan góða hóp mættu vera fleiri kvæðamenn.

„Það sem er svo merkilegt við þessa hefð er hvað hún er lifandi og hefur farið manna á milli í gegnum aldirnar. Rímnakveðskapurinn sjálfur byrjar í kringum 14. öldina. Þetta er svo mikill partur af okkar menningu og okkar sjálfsmynd. Þetta er mjög dýrmætur arfur,“ segir Kristín.

Þjóðlög frá hinum Norðurlöndunum séu miklu meiri hljóðfæratónlist en hér. „Okkar þjóðlagatónlist er meira bara röddin og söngurinn. Hljóðfæri voru hérna auðvitað af skornum skammti í gegnum tíðina.“

Bára segist finna fyrir meðbyr í samfélaginu núna en þetta hafi sveiflast upp og niður. Félagsmenn Iðunnar eru nú tæplega tvö hundruð talsins.

„Félagið hefur staðið fyrir útgáfum á efni sem safnað hefur verið saman í gegnum tíðina. Markmiðið með þessum útgáfum er að þessi kveðskapur verði notaður og haldist á lífi. Það er ekkert gagn í því að hafa þetta bara uppi í hillu eða á söfnum.“

Á árunum 1935-1936 stóð félagið fyrir upptökum á 200 kvæðalögum og voru þær gefnar út á 75 ára afmæli þess árið 2004. Síðar voru 160 lög tekin upp á segulband og voru þau gefin út síðastliðið vor.

„Við vorum með því kannski aðeins byrjuð að halda upp á afmælið fyrirfram,“ segir Bára.

Bára sem kemur sjálf fram í kvöld segir að ýmislegt standi til í tilefni afmælisins í haust. Þannig vinni hún ásamt Ragnari Inga Aðalsteinssyni að gerð námsefnis um rímnalög sem ætlað er fyrir grunnskóla.

**sighvatur@frettabladid.is**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigríðar Guðmundsdóttur**
frá Sæbóli í Aðalvík.

**Völundur Þorgilsson og fjölskylda.**
**Guðrún Hoyer Þorgilsdóttir og fjölskylda.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför móður okkar og tengdamóður,

**Guðríðar Bjargeyjar Helgadóttur**
frá Austurhlíð í Blöndudal.

**Helgi Sæmundsson** — **Bjarney G. Þórarinsdóttir**
**Ásdís Sæmundsdóttir** — **Gunnar Karl Guðjónsson**
**Sigríður G. Friðriksdóttir** — **Guðmundur Guðmundsson**
**Brynjólfur Friðriksson** — **Jóhanna Helga Halldórsdóttir**
**Kristín Friðriksdóttir**
**Ólína Þóra Friðriksdóttir** — **Eiríkur Jónsson**



Eiginkona mín, móðir, dóttir, systir, mágkona og tengdadóttir, okkar ástkæra

**Berglind Hallgrímsdóttir**
Sunnuvegi 25,

lést á heimili sínu föstudaginn 15. febrúar. Útför Berglindar verður gerð frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði, föstudaginn 1. mars kl. 13.00.

**Eðvarð Jón Bjarnason** — **Elsa Edda Eðvarðsdóttir**
**Ingibjörg Edda Ásgeirsdóttir** — **Hallgrímur Jónasson**
**Jónas Hlynur Hallgrímsson**
**Ásgeir Örn Hallgrímsson** — **Hanna Borg Jónsdóttir**
**Elsa Friðrika Eðvarðsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Ingveldur Ásta Hjartardóttir**
Aðalstræti 97,
Patreksfirði,

lést á Landspítala háskólasjúkrahúsi laugardaginn 23. febrúar. Inga verður jarðsungin frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 2. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á slysavarnadeildina Unni á Patreksfirði.

**Hjörtur Sigurðsson** — **Sigríður Ólafsdóttir**
**Anna María Sigurðardóttir** — **Björn Ágúst Jónsson**
**Rikharð Heimir Sigurðsson** — **Thiang Sithong**
**Sigurður Svanur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Heiðar Bergmann Marteinsson**
Vogatungu 103,
Kópavogi,

lést 24 febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 28. febrúar kl. 11.

**Guðríður M. Guðmundsdóttir**
**Marteinn Bergmann Heiðarsson**
**Guðmundur Ólafur Heiðarsson** — **Þórunn Ósk Sölvadóttir**
**Jóna Anna Heiðarsdóttir** — **Sigurjón L. Kjartansson**
**Heiðar Bergmann Heiðarsson** — **Sigrún Einarsdóttir**
**Herdís Matthildur Heiðarsdóttir** — **Viðar Víkingsson**
**Sigríður Sólveig Heiðarsdóttir** — **Valdimar Halldórsson**
**og afabörn.**



Ástkær eiginmaður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**Ásgeir Örn Gestsson**
verkfræðingur,
Hjallavegi 27,

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju fimmtudaginn 28. febrúar kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningar- og húsnæðissjóð Ljóssins.

**Hildur Björg Hannesdóttir**
**Björg Alfa Björnsdóttir** — **Jón Grétar Gissurarson**
**Frosti Hallfríðarson** — **Nicole Flanagen**
**Saga Ásgeirsdóttir**
**Juniper Ósk Frostadóttir**

FEBRÚAR | 2019

Við skoðum allar gerðir af bifreiðum




Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar

# Frumherji hefur opnað nýja glæsilega skoðunarstöð að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði.
Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS OV 342

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




*Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201*

Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Suðaustlæg átt, 8-13 m/s og stöku skúrir eða slydduél S- og V-lands, en annars hægara og bjart með köflum. Hiti 0 til 6 stig, mildast syðst.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 4° | 3° |
| ← 5 | ↖ 1 | ↖ 1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 3° | -2° |
| ↑ 2 | ↙ 4 | ↗ 6 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -1° | 2° |
| ↗ 3 | ↙ 14 | ↓ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 4° | -1° |
| ↓ 6 | → 6 | ↘ 5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 1 | | 7 | | 3 | 8 |
| | | | | 2 | | | | |
| 8 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | 7 | | | | |
| 5 | | | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | |
| 2 | | 1 | | 8 | | | | 7 |
| | | 5 | 2 | | 4 | 3 | | 9 |
| 1 | 2 | | 6 | | | 4 | 8 | 5 |
| | | | | | | 1 | 2 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | | 3 | | | 8 | 9 | |
| | 3 | | | 7 | | | | 2 |
| | 4 | 9 | 8 | | | | | 6 |
| | | 7 | | | 1 | | | 8 |
| 8 | | 3 | | 6 | | | | |
| | | | | | | 4 | 2 | |
| 1 | | 6 | | | | 9 | | |
| | 8 | | | | | | 3 | |
| | | | | | 5 | | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 8 | | 7 | | 5 |
| 9 | | 4 | | 1 | | | 2 | |
| | | 8 | | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | 9 | | 1 |
| 7 | | 6 | | | | | 5 | |
| 1 | | | 4 | | | | | |
| | 9 | 5 | | | | | 6 | 3 |
| 4 | 6 | | | | | | | |
| | | | | 4 | 8 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 7 | 4 | 9 | 8 | 2 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 6 | 1 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 5 | 7 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 9 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 1 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 5 | 1 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 5 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 6 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 6 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 2 | 1 | 4 | 8 | 9 | 7 | 6 | 3 | 5 |
| 7 | 3 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 5 | 4 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 1 | 8 | 7 | 3 | 9 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 | 8 | 2 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 3 | 9 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. höfuðfat
5. mjaka
6. skóli
8. puðra
10. samtök
11. skaði
12. ræða
13. slagæð
15. skipsflak
17. auðjöfur

**LÓÐRÉTT**
1. vatnselgur
2. mælieining
3. vefnaðarvara
4. afhending
7. flakandi
9. fasta stærð
12. áhald
14. er
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. hetta, 5. aka, 6. fg, 8. frussa, 10. sa, 11. tap, 12. tala, 13. ósæð, 15. rekald, 17. milli.
**LÓÐRÉTT:** 1. hafsjór, 2. ekra, 3. tau, 4. afsal, 7. gapandi, 9. staðal, 12. tæki, 14. sem, 16. ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Konstantinopolski átti leik gegn Rasuvajew í Moskvu árið 1966.

**1. … Bc6! 2. Bxc6 c2 0-1.**
Íslandsmót skákfélaga hefst á morgun í Rimaskóla. Baráttan verður án efa hörð. Skákdeild Fjölnis er í forystu en Skákfélagið Huginn er skammt undan. Víkingaklúbburinn gæti líka blandað sér í baráttuna.

**www.skak.is:** Hlaðvarp um Íslandsmót skákfélaga.

**Svartur á leik**








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






1kg

NÝTT Í BÓNUS

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita

**1.598** kr. 1 kg

**Baunasúpa og Saltkjöt**
1 kg, fulleldað






**129** kr. 500 g

**Heima Gular baunir**
500 g




**1.098** kr. kg

**SS Saltkjöt**
Blandað




**1.898** kr. kg

**SS Saltkjöt**
Valið

250g




**359** kr. 250 g

**Bónus Beikon**
Pressað, 250 g

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **3. mars** eða meðan birgðir endast.

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Hún náði kjöri



Umgjörð sýningarinnar og heildarbragur komu vel út, segir hér um sýningu Unnar Elísabetar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**DANS**

**Ég býð mig fram**

★★★☆☆

**Tjarnarbíó**

**Listrænn stjórnandi og leikstjóri:** Unnur Elísabet Gunnarsdóttir
**Flytjandi:** Unnur Elísabet Gunnarsdóttir
**Höfundar örverka:** Almar S. Atlason, Kristinn Arnar Sigurðsson, Ólöf Kristín Helgadóttir, Unnur Elísabet Gunnarsdóttir, Frank Fannar Pedersen, Urður Hákonardóttir, Kitty Von Sometime, Ingvar E. Sigurðsson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Ilmur Stefánsdóttir, Gréta Kristín Ómarsdóttir, Steinar Júlíusson, Friðgeir Einarsson, Helgi Björnsson.
**Ljósahönnuður og hljóðmaður:** Hafliði Emil Barðason

Það var rosalega góð stemming í Tjarnarbíói fimmtudagskvöldið 21. febrúar þegar Unnur Elísabet Gunnarsdóttir bauð til listahátíðarinnar Ég býð mig fram, sería II. Þar mátti sjá þekkt andlit úr ýmsum listgreinum enda hafa höfundarnir sem Unnur vinnur með í örverkunum fjölbreyttan bakgrunn í listum. Efni hátíðarinnar var að sama skapi fjölbreytt. Í anddyrinu var boðið upp á tatugjörning, ljósmyndasýningu, dansverk og tónlistarmyndband og það sama var upp á teningnum þegar inn í salinn var komið.

Þetta er í annað skipti sem Unnur „býður sig fram“ sem flytjanda fyrir ólíka listamenn. Fyrsta serían var frumsýnd haustið 2017 og fékk góðar viðtökur. Hugmyndin að hátíðinni var skemmtileg. Fyrir Unni er ferlið lærdómsríkt og ögrandi. Höfundarnir fara út fyrir þægindarammann í listsköpun sinni og fá tækifæri til að prófa eitthvað nýtt, fæstir þeirra eru vanir að fást við listdansformið. Áhorfendur fá að sjá nýja hlið á þekktum listamönnum og innsýn í mismunandi listform. Sýningin er í sjálfu sér enginn stórviðburður listrænt séð en ágætis skemmtun.

Umgjörð sýningarinnar og heildarbragur komu vel út þrátt fyrir að sýningin samanstæði af fjórtán mjög ólíkum örverkum. Leikstjórn verksins, sem var í höndum Unnar, gekk vel upp og karakterinn, Bryndís Ósk Ingvarsdóttir, sem sá um sviðið á milli atriða var stórgóður. Unnur Elísabet hefur í gegnum tíðina skapað sér sinn ákveðna stíl í danssköpun. Verk hennar eru hrein, innihalda mikinn dans og vald hennar á lögmálum dansskköpunar er ótvírætt. Þetta sést greinilega í hennar eigin örverki, Bessastaðir, í upphafi sýningarinnar þar sem nokkrar efnilegar ungar stúlkur dönsuðu í anddyrinu en einnig í tónlistarmyndböndunum þar sem hún kemur að kóreógrafíunni.

Unnur er einnig í fantaformi sem dansari og sást færni hennar vel í örverkum Franks Fannars, Helga Björns og Ingvars. Örverk þeirra tveggja fyrrnefndu voru upphaf og endir sýningarinnar á sviðinu. Þau sköpuðu flottan ramma um það sem fram fór enda bæði heilsteypt og stóðu fyrir sínu þó að stutt væru. Örverk Ingvars, lítil ástarsaga úr fortíðinni, var líka mjög áhugavert eða var líkt og upphaf áhugaverðrar sögu sem gaman væri að sjá alla og þá í formi samtímadanssýningar.

Í verkum Ilmar, Steinars, Friðgeirs og Álfrúnar reyndi á líkamlegan styrk og sterka sviðsnærveru Unnar. Unnur fór létt með hlutverk óþolandi ofurpepparans í verki Álfrúnar og hélt fullri athygli áhorfenda í flutningi á vel gerðum fyrirlestri Friðgeirs um sand. Það tekur á að flytja texta hangandi í fimleikahringjum en Unni tókst það með prýði í hálfgerðum ljóðaflutningi í örverki Ilmar. Samspil Unnar við myndband Steinars kom líka vel út þó að hún væri aðeins ein lítil manneskja á móti risavöxnum skjáröddum sem bárust hvaðanæva.

Nektin hefur verið og er feimnismál í okkar samfélagi. Að koma nakin fram er ekki á allra færi en Unnur og hinar fyrirsæturnar í ljósmyndaverki Ólafar Kristínar sýndu hvað nektin getur verið viðkvæm en fögur. Tíðablóð er einnig eitt af tabúum samfélagsins, tabú sem sett var fram á áhugaverðan hátt í gjörningi Ólafs Darra.

Vonandi fá áhorfendur að sjá meira frá Unni Elísabetu bæði í verkum annarra danslistamanna sem og í hennar eigin verkum.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Ég býð mig fram, sería II er skemmtilegt verk og sýnir færni Unnar Elísabetar sem danslistamanns.

VILTU NÁ TIL ERLENDRA FERÐAMANNA?

STÆRSTA UPPLAG BÓKAR Á ÍSLANDI: 130.000 EINTÖK

Inniheldur allar helstu upplýsingar fyrir ferðamenn

Af hverju að auglýsa í bókinni og á www.visitorsguide.is

**FRÁBÆR DREIFING.** Bókinni er dreift í **130.000 eintökum yfir 12 mánaða tímabil** sem gerir hana að mest dreifðu ferðabókinni á Íslandi. Samkvæmt könnunum RRF má áætla að **450.000 - 470.000 aðilar nýti** sér bókina á ársgrundvelli.

**FRÍ PLATINUM VEFSÍÐUSKRÁNING OG VEFAUGLÝSINGAR** á ferðavef okkar fylgir með auglýsingum í bók.

**AFSLÁTTARMIÐAR "COUPONS".** Við bjóðum áhugasömum viðskiptavinum að setja inn afsláttarmiða (Discount Coupons) í bók og vef á hagstæðum kjörum.

**FAGLEG AUGLÝSINGAHÖNNUN.** Við aðstoðum þig við að setja upp flotta og faglega auglýsingu þér að kostnaðarlausu.

TRYGGÐU ÞÉR PLÁSS!




Bókaðu upplýsingafund með markaðsráðgjafa okkar með því að senda tölvupóst á netfangið info@visitorsguide.is eða hringja í síma 697 6867 / 893 1091.



Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins verða á opnum fundi Valhöll í kvöld.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 27. FEBRÚAR 2019

**Hvað?** Hallveig Rúnars á Menningu á miðvikudögum
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Miðvikudaginn 27. febrúar flytja Hallveig Rúnarsdóttir og Hrönn Þráinsdóttir fjögur lög eftir Johannes Brahms í Salnum en tónleikarnir eru liður í dagskrá Menningarhúsanna í Kópavogi, Menning á miðvikudögum. Auk laga Brahms verða sönglög eftir Jórunni Viðar, Jón Leifs, Karl O. Runólfsson og Hildigunni Rúnarsdóttur á dagskrá en lögin kallast á við sönglög Brahms.

**Hvað?** Opinn fundur með borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sjálfstæðisflokkurinn, Valhöll
Vörður – fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík boðar til opins fundar með borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins í kvöld, miðvikudagskvöldið 27. febrúar. Fundurinn fer fram í Valhöll og hefst klukkan 20.00. Í upphafi fundar munu borgarfulltrúar flokksins ganga á milli borða í sal og eiga einlæg samtöl við fundargesti. Í kjölfarið taka síðan við pallborðsumræður þar sem borgarfulltrúar munu sitja fyrir svörum.

**Hvað?** Sósíalistakaffi: Vér mótmælum öll
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Dósaverksmiðjan, Borgartúni 1
Sósíalistakaffi í kvöld, 27. febrúar: Hverju eigum við að mótmæla og hvernig? Hvert er hlutverk sósíalista í mótmælum og öðrum aðgerðum þar sem hin kúguðu rísa upp og krefjast úrbóta? Allt áhugafólk um mótmæli og réttlátt samfélag er hvatt til að koma og taka þátt í samtalinu, gefa sig fram til starfa og undirbúnings fyrir mótmæli næstu vikna. Fulltrúar frá ýmsum grasrótarhópum deila reynslu sinni af mótmælum; Gulu vestin, Jæja, Endurreisn verkalýðshreyfingarinnar, Skiltakarlarnir, Aðgerðahópur háttvirtra öryrkja og aldraðra o.s.frv.




Boðið verður upp á sósíalistakaffi í dag.

**Hvað?** Takk fyrir mig
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó, Vonarstræti 3
Takk fyrir mig er órökræn framvinduskýrsla um framvinduleysu samtímans, stúdía um tortryggni og gnístran tanna, sparifataklæðd vænisýki sem þó sötrar límonaði þegar órlar á sólskini.

**Hvað?** Hvernig getur upplýsingatækni stutt við lyfjameðferð sjúkdóma?
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Grand Hótel, Sigtúni 38
Með framþróun í læknisfræði og vaxandi fjölda einstaklinga með marga langvinna sjúkdóma hefur flækjustig heilbrigðisþjónustunnar aukist til muna. Það er ekki lengur óalgengt að sjá sjúklinga með 10 langvinna sjúkdóma sem taka 15 mismunandi lyf. Hætturnar á mistökum við val á lyfjameðferð og umsýslu þeirra hafa aukist að sama skapi og er orðið að verulegu vandamáli í heilbrigðiskerfinu í dag. Erindi dagsins munu fjalla um lyfjameðferð frá nokkrum sjónarhólum ásamt þeim tækifærum sem upplýsingatækni hefur upp á að bjóða til að auka gæði, öryggi og skilvirkni þessa meðferðarforms sem er einn af hornsteinum læknisfræðinnar.

**Hvað?** Aðalfundur Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Valhúsaskóli
Aðalfundur Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness árið 2019. Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness er elsta og stærsta félag áhugafólks um stjörnufræði og stjörnuskoðun á Íslandi. Aðsetur félagsins er í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi en félagsskapurinn er opinn öllum.

**Hvað?** Miami Jazz Night
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Miami, Hverfisgötu 33
Miami Jazz er eitt það vinsælasta í tónlistarheiminum í dag. Komdu á Miami á Hverfisgötu til að sjá, heyra, upplifa og njóta. Ný tegund af eðal djassmúsík þar sem vinsælustu popplög samtímans eru klædd í djassbúning.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Free Solo (ENGLISH - NO SUB) 17:30
Roma (SPANISH W/ENG SUB) 17:30
Shoplifters//Búðarþjófar (ICE SUB) 17:40
Kobiety Mafii 2 (POLISH W/ENG SUB) 19:40
Heavy Trip // Hevi Reissu (ENG SUB) 20:00

National Theatre Live - Breska Þjóðleikhúsið
NTL: Hamlet (ENGLISH - NO SUB) 20:00
Tryggð // The Deposit (ENG SUB) 22:00
Transit (GERMAN & FRENCH W/ENG SUB) 22:20



## Tónlistarveisla á Rás 1

ENDURÓMUR ÚR EVRÓPU



mán-mið kl. 19

Tónleikar frá helstu tónleikasölum Evrópu í samstarfi við Samband evrópskra útvarpsstöðva.




fimmtudaga kl. 19

Bein útsending frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu. Hefst á umfjöllun um verk og flytjendur.




sunnudaga kl. 16.05

Það sem hæst ber í blómlegu íslensku tónlistarlífi.



Menningin finnur sér farveg á RÚV.is

fyrir forvitna




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2012-2013 Grindavíkurbær - Snæfellsbær**
**13.55 Úr Gullkistu RÚV. Mósaík**
**14.40 Úr Gullkistu RÚV. Með okkar augum**
**15.10 Símamyndasmiðir**
**15.40 Úr Gullkistu RÚV. Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988**
**16.50 Veröld sem var**
**17.15 Höfuðstöðvarnar**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Nýi skólinn keisarans**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.25 Dóta læknir** Líflegir barnaþættir um stúlku sem getur læknað leikföng með hjálp frá uppstoppuðum vinum sínum sem öðlast líf í gegnum töfra hlustunarpípu hennar.
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Víkinglotto**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin** Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
**20.00 Kiljan** Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaumræðunni í landinu. Egill og bókelskir félagar hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum. Umsjón. Egill Helgason.
**20.40 Nálspor tímans A Stitch in Time** Þættir frá BBC þar sem Amber Butchart skoðar líf sögufrægra persóna út frá fötunum sem þær klæddust.
**21.10 Nútímafjölskyldan Bonusfamiljen** Sænsk þáttaröð um flækjurnar sem geta átt sér stað í samsettum fjölskyldum. Lisa og Patrik eiga bæði börn úr fyrri samböndum og gera sitt besta til að fjölskyldulífið gangi vel fyrir sig. Það gerir þeim þó erfitt fyrir að börnin eru ekkert sérlega spennt fyrir nýju stjúpforeldrum sínum, fyrrum eiginmaður Lisu hefur ekki enn sætt sig við að hjónabandinu sé lokið og fyrrum konu Patriks finnst þau öll vera alveg vonlaus.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Upphaf lífs Life's Rocky Start** Heimildarmynd þar sem steindafræðingurinn Robert Hazen ferðast um heiminn og útskýrir hvernig er talið að líf hafi fyrst kviknað á jörðinni.
**23.15 Kveikur** Vikulegur fréttaskýringaþáttur sem tekur á málum bæði innan lands og utan. Þátturinn er í anda klassískra fréttaskýringaþátta með áherslu á rannsóknarblaðamennsku.
**23.50 Kastljós**
**00.05 Menningin**
**00.15 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 WGC. Mexico Championship**
**14.00 WGC. Mexico Championship**
**20.00 Golfing World**
**20.50 PGA Highlights**
**21.45 Golfing World**
**22.35 Genesis Open**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify Lengd 02.00**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 The Kids Are Alright**
**14.10 Með Loga**
**15.10 Ally McBeal**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Survivor**
**21.00 Chicago Med**
**21.50 Bull**
**22.35 Taken**
**23.20 The Tonight Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS. Los Angeles**
**02.20 A Million Little Things**
**03.05 The Resident**
**03.50 How to Get Away with Murder**
**04.35 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtal Samtal um ríkisvald og trúarbrögð**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.35 Kvöldsagan. Ör**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Passíusálmar**
**22.15 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.50 So B. It**
**12.25 Rachel Getting Married**
**14.15 Girl Asleep**
**15.35 So B. It**
**17.10 Rachel Getting Married**
**19.00 Girl Asleep**
**20.20 Diary of a Wimpy Kid. Rodrick Rules**
**22.00 The Lobster**
**00.00 Flatliners**
**01.50 Burnt**
**03.30 The Lobster**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Ævintýri Tinna**
**07.50 Friends**
**08.10 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Baby Daddy**
**09.55 The Newsroom**
**10.50 Jamie's 15 Minute Meals**
**11.15 Bomban**
**12.05 Enlightened**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Masterchef USA**
**13.40 Margra barna mæður**
**14.10 Dýraspítalinn**
**14.40 Svörum saman**
**15.15 Suður-ameríski draumurinn**
**15.55 Catastrophe**
**16.30 Kevin Can Wait**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Víkingalottó**
**19.30 Mom**
**19.50 Jamie's Quick and Easy Food**
**20.15 Heimsókn**
**20.35 Grey's Anatomy**
**21.20 Suits**
**22.05 Lovleg**
**22.25 Jane Fonda in Five Acts Einlæg heimildarmynd þar sem aðgerðasinninn, leikkonan og líkamsræktardrottningin Jane Fonda lítur yfir farinn veg.**
**00.35 NCIS**
**01.20 The Blacklist**
**02.05 Counterpart**
**02.55 Room 104**
**03.25 Six Feet Under**
**04.25 Six Feet Under**
**05.20 Six Feet Under**
**06.20 Friends**

## STÖÐ 3

**19.05 Modern Family**
**19.30 Silicon Valley**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Man Seeking Woman**
**21.10 Gotham**
**21.55 Game Of Thrones**
**22.45 Meth Storm**
**00.20 The New Girl**
**00.45 Arrow**
**01.30 Silicon Valley**
**02.00 Modern Family**
**02.25 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Bologna - Juventus**
**08.40 Ítölsku mörkin**
**09.10 Úrvalsdeildin í pílukasti**
**13.10 Leicester - Brighton**
**14.50 Huddersfield - Wolves**
**16.30 Cardiff - Everton**
**18.10 Newcastle - Burnley**
**19.50 Liverpool - Watford** Bein útsending
**22.00 Arsenal - Bournemouth**
**23.40 Chelsea - Tottenham**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.50 Leicester - Brighton**
**09.30 Huddersfield - Wolves**
**11.10 Cardiff - Everton**
**12.50 Newcastle - Burnley**
**14.30 Sevilla - Barcelona**
**16.10 Spænsku mörkin**
**16.40 KA/Þór - Haukar**
**18.10 Stjarnan - ÍA**
**19.50 Crystal Palace - Manchester United** Bein útsending
**22.00 Manchester City - West Ham**
**23.40 Southampton - Fulham**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Sirius

# Súkkulaðipáskaegg

RJÓMASÚKKULAÐI

NÓI SÍRÍUS

Gleðilega páska




## Gleðilega páska

Páskaeggin frá Nóa Siríus eru án efa orðin ein af ríkustu hefðunum í páskahátíð Íslendinga.
Undirstaða páskaeggsins er vitaskuld hið ljúffenga súkkulaði frá Nóa Siríus.

Ekki má gleyma málshættinum sem gefur páskaeggjum Nóa Siríus hinn hátíðlega blæ.
Þessi vinsæla hefð sameinar kynslóðir og skapar ljúfar minningar með þjóðinni.

ARNASYNIR

cocoa HORIZONS

# Málin varða rúmlega 600 börn á ári

**Valgerður Halldórsdóttir** félagsráðgjafi starfar m.a. sem sáttamaður sýslumanns í málefnum barna og segir deilur foreldra valda mikilli streitu hjá börnum.

Fagdeild félagsráðgjafa í sáttamiðlun heldur námstefnu föstudaginn 1. mars í samstarfi við Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu en Valgerður er ein þeirra sem starfa fyrir Sýslumannsembættið sem sérfræðingur í málefnum barna og sem sáttamaður í forsjár-, lögheimilis-, umgengnis-, dagsekta- og aðfararmálum með það að markmiði að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn mála sem er barni fyrir bestu.

Valgerður segir að flestum foreldrum takist að leysa smám saman ágreining sem gjarnan fylgir skilnaði eða sambúðarslitum en margir leiti sér ráðgjafar varðandi börnin þegar að skilnaði kemur. „Oft áttar fólk sig ekki á þeim aðstæðum sem upp kunna að koma þegar börnin eiga tvö heimili og stundum stjúpforeldra á þeim báðum. Það sem kallaðist gott foreldrasamstarf þegar foreldrar voru einhleypir getur skapað ágreining í nýju sambandi t.d. þegar ekki er haft samráð við stjúpforeldri um breytingar á umgengni. Það er mjög mikilvægt að hafa í huga að lífið bæði hjá foreldrum og börnum tekur eðlilega breytingum sem geta haft áhrif á foreldrasamstarf með börn á tveimur eða fleiri heimilum. En samskipti við barnsföður eða -móður á hinu heimili barnsins er algengt ágreiningsefni í stjúpfjölskyldum. Það eru ákveðnar vísbendingar um að stór hluti foreldra sem eiga mál inni hjá sýslumanni er kominn í ný sambönd og deilur því ekki endilega í öllum tilvikum tengdar sambúðarslitum eða hjónaskilnaði. En þetta þarf að kanna miklu betur. Tölur hjá sýslumanni sýna hins vegar að þau mál sem þar eru til meðferðar varða á milli 600 og 650 börn ári.“

Valgerður segir að þótt mörgum takist vel að leysa málin sé alltaf hluti foreldra sem þurfi utanaðkomandi aðstoð. Samkvæmt barnalögum er foreldrum skylt að leita sátta áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál fyrir dómstólum. „Hægt er að leita bæði til einkaaðila og sýslumanns en í sáttameðferð gefst foreldrum tækifæri til að leysa ágreining er varðar börn þeirra,“ útskýrir Valgerður og bætir við að árangur sáttameðferðar sé góður, eða 58% ágreiningsmála ljúki með sátt sem er sambærilegt við árangurinn á hinum Norðurlöndunum.


Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi starfar m.a. sem sáttamaður sýslumanns í málefnum barna.

## Börnin eiga rétt á að tjá sig

Valgerður segir að börn eigi rétt á að tjá sig samkvæmt barnalögum og barnasáttmála SÞ í þeim málum er þau varða í samræmi við aldur og þroska. og það er hlutverk sáttamanna og eftir atvikum sérfræðinga í málefnum barna að ræða við þau.

„Á námstefnunni ætla ég að fara yfir hvað fram hefur komið í viðtölum við börnin og reynslu sérfræðinga og því er ekki um eiginlega rannsókn að ræða, en efnið gefur tilefni til að kanna málið frekar.“ Valgerður segir að rannsóknir sýni að ágreiningur foreldra sé skaðlegur. Börn sem eigi foreldra í ágreiningi upplifi mörg hver mikla streitu sem fær oft litla athygli. „Mörg hver reyna að skipta barnæsku sinni og fríum jafnt á milli foreldra – jafnvel sleppa að sinna tómstundum og hitta vini – af því þetta er „pabba- eða mömmu-tími“.

## Heilaþvegin börn eða börn með skoðanir

Í umgengnisdeilum er ekki óalgengt að annað foreldrið, jafnvel bæði fullyrði að barninu sé innrætt neikvæð viðhorf til þess, það sé „heilaþvegið“ og hafi þar af leiðandi engar skoðanir sjálft á aðstæðum sínum. Jafnvel fullyrt að það ljúgi fyrir svokallað tálmunarforeldri. Stundum eiga slíkar athugasemdir um mögulega tálmun rétt á sér en alls ekki í öllum tilvikum. Barn getur verið að bregðast við breyttum aðstæðum í lífi foreldra og þar með breyttum aðstæðum í lífi barnsins sjálfs. Nefna má til dæmis tilkomu nýs stjúpforeldris, flutninga, deilur á heimili, skort á tíma og athygli foreldris eða óhóflegan þrýsting að flytja til mömmu eða pabba. Það sjálft er að eldast og þroskast og stundum vantar aðstöðu hjá öðru foreldrinu til að taka á móti barninu. Það er vel þekkt að það hvernig barn tjáir sig tengist fjölmörgum þáttum eins og



ÞAÐ SEM KALLAÐIST GOTT FORELDRASAMSTARF ÞEGAR FORELDRAR VORU EINHLEYPIR GETUR SKAPAÐ ÁGREINING Í NÝJU SAMBANDI T.D. ÞEGAR EKKI ER HAFT SAMRÁÐ VIÐ STJÚPFORELDRI UM BREYTINGAR Á UMGENGNI.



aldri, þroska og tengslum.

Það er umhugsunarvert fyrir foreldri að velta því fyrir sér af hverju barn ræðir ekki við það um líðan sína á heimili þess, heldur feli það hinu foreldrinu að miðla upplýsingum sem falla stundum í misgóðan jarðveg. Jafnvel kjósa sum börn að segja ekki neitt til að „rugga ekki bátnum“ og er það mjög einmanaleg staða fyrir barn.“

Námstefnan á föstudag er þverfagleg en frumkvæðið kemur frá fagdeild félagsráðgjafa í sáttamiðlun í samstarfi við Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu. „Við erum fimm félagsráðgjafar með viðbótarmenntun á sviðinu sem sinnum sáttamiðlun og erum einnig sérfræðingar í málefnum barna hjá embættinu. Jafnframt eru sáttamenn í einkageiranum sem sinna þessum málaflokki sem og öðrum. Viðfangsefni fjölskyldusviðs eru í senn flókin og viðkvæm en tilgangur námsþingsins er að heyra í okkar fremstu sérfræðingum á þeim sviðum sem koma inn á okkar borð, fá tækifæri til að læra, spyrja og miðla.“ bjork@frettabladid.is

# Ariana toppaði Selenu á Instagram

**Söngkonan Ariana Grande hefur átt ákaflega góðu gengi að fagna að undanförnu en í gær velti hún stallsystur sinni Selenu Gomez úr sessi og er nú orðin sú kona sem hefur flesta fylgjendur á samfélagsmiðlinum Instagram. Fótboltamaðurinn Cristiano Ronaldo hefur hins vegar flesta fylgjendur í heimi.**

Rúmlega sextíu þúsund fylgjendur skilja söngkonurnar nú að en báðar eru þær með 146 milljónir fylgjenda. Spekingar hafa leitt að því líkur að það sem hafi brúað bilið á milli þeirra sé sú ákvörðun sem Gomez tók í september en við það tilefni tók hún sér nokkurra mánaða hlé frá samfélagsmiðlum frá september og fram í janúar.

Undanfarnar vikur hafa reynst Grande ákaflega farsælar en hún jafnaði met Bítlanna frá árinu 1964 þegar þrjú laga hennar komust í þrjú efstu sæti bandaríska Billboard-listans en öll voru lögin af plötu hennar Thank U, Next. Bítlarnir eru eina hljómsveitin sem tekist hefur það sama. – oæg



Grande hefur flesta fylgjendur kvenna á Instagram. NORDICPHOTOS/GETTY



# Kassagerðarafklippur mörkuðu upphafið

Grafíski hönnuðurinn og teiknarinn **Þórir Karl Bragason Celin** segir samstarf við aðra teiknara mikilvægt en þessa dagana má sjá afrakstur samstarfs hans við teiknarann Sölva Dún á Session Craft Bar.



Þórir Karl Bragason Celin hefur teiknað frá því hann man eftir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég hef alltaf teiknað, systkini mín og móðir mín teiknuðu öll, ég var örverpið sem apaði allt eftir þeim og lærði þannig að teikna sem krakki. Það var líka frekar lítið annað í boði, pabbi kom alltaf með afklippur af pappír úr kassagerðinni og á það var teiknað,“ segir Þórir aðspurður út í upphaf teikniferilsins.



Þrátt fyrir að hafa alltaf teiknað vissi Þórir ekki hvað skyldi gera við teiknihæfileikana en skellti sér í Myndlista- og handíðaskólann, nú Listaháskóli Íslands, eftir menntaskóla. „Þar var reyndar takmörkuð kennsla í teikningu, en umhverfið sem skólinn bauð upp á var skapandi og lifandi. Fyrir algera tilviljun, þá datt ég í tölvurnar og tölvugrafík um það leyti sem ég var að klára skólann. Þá var orðið vefhönnuður alveg mega töff, þannig að ég varð einhvers konar blanda af grafískum hönnuði og vefhönnuði. Það er ekki fyrr en árið 2008 þegar ég fer í tölvuleikjabransann að hæfileikar mínir sem teiknari fengu að njóta sín, en í dag vinn ég þó aðallega sem grafískur hönnuður, alla vega á daginn.“



Þórir segist yfirleitt teikna með penna og það sé ákveðin hreinsun að hafa ekki vald til að stroka út eða breyta myndunum.

**Teiknaði alltaf hrylling**

„Þegar ég teikna fyrir sjálfan mig, án þess að hafa ákveðið verkefni í gangi þá hef ég alltaf teiknað hauskúpur, kolkrabba, subbulega trúða eða einhvers konar hrylling, síðustu ár hef ég þó þróað myndefnið í aðrar áttir. Ég teikna yfirleitt með penna, byrja að teikna og sjá hvert línurnar fara með mig, það er ákveðin hreinsun að hafa ekki vald til að stroka út eða breyta myndunum, heldur verð ég bara að halda áfram og klára. Vissulega tek ég í aðrar teiknigræjur þegar verkefnin krefjast þess, vatnsliti, blek, digital eða blýant.“

Þórir segist oft teikna eftir pöntun og segir skemmtilegustu verkefnin þau sem bjóða honum upp á að leika sér með stíla og tækni eða ef verkefnið býður upp á eitthvað nýtt, sem hann hefur ekki prófað.

Jafnframt er Þórir í samstarfi við aðra teiknara og heldur reglulega sýningar á samvinnuverkefnunum. „Það er mjög mikilvægt að hafa reglulegt samband og samvinnu við aðra teiknara, stundum er það bara að sitja við sama borð og teikna, stundum er það að vinna að sameiginlegu verkefni.

**ÞEGAR ÉG TEIKNA FYRIR SJÁLFAN MIG, ÁN ÞESS AÐ HAFA ÁKVEÐIÐ VERKEFNI Í GANGI ÞÁ HEF ÉG ALLTAF TEIKNAÐ HAUSKÚPUR, KOLKRABBA, SUBBULEGA TRÚÐA EÐA EINHVERS KONAR HRYLLING, SÍÐUSTU ÁR HEF ÉG ÞÓ ÞRÓAÐ MYNDEFNIÐ Í AÐRAR ÁTTIR.**

Síðasta samstarfsverkefnið mitt var með miklum snillingi sem heitir Sölvi Dúnn, hann hefur séð um að teikna fyrir veitingastaðinn Le Kock og bað mig að aðstoða sig við að teikna nokkrar myndir á nýja staðinn í Tryggvagötu, það samstarf tókst rosalega vel. Út frá því höldum við miklu teiknisambandi, ræðum teikningar og teiknum saman, erum núna með sameiginlega sýningu á Session Craft Bar og erum að undirbúa næstu sýningu.“

Þórir er jafnframt partur af nýstofnuðu félagi, Fyrirmynd – félagi myndhöfunda, sem er innan Félags íslenskra teiknara. Félagið hefur haldið nokkrar sýningar á Hönnunarmars síðustu ár og vonandi verða fleiri sýningar á vegum félagsins.

Áhugasamir geta skoðað teikningar eftir Þóri á www.thorir.com og á Instagram-síðu hans: www.instagram.com/tkcelin.

bjork@frettabladid.isw




Nýtt

ERT ÞÚ MEÐ HÁLSBÓLGU?

Strefen®

Bólgueyðandi og verkjastillandi munnúði við særindum í hálsi




Strefen 16,2 mg/ml munnholsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga úr einkennum bráðra hálssærinda hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, upp að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjá daga.
Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn+ - lægra verð



GÓÐU BAKTERÍURNAR ELSKA ZENDIUM*
STYRKTU NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS
MEÐ NÁTTÚRULEGUM ENSÍMUM OG PRÓTÍNUM
zendium
FÉLAG ÍSLENSKRA TANNFRÆÐINGA MÆLIR MEÐ ZENDIUM TANNKREMI
*Verulegar breytingar á bakteríuflóru sem stuðlar að heilbrigðara tannholdi samkvæmt 14 vikna klínískri rannsókn á 102 einstaklingum.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

**ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.**
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Davíðs Þorlákssonar




## Neyð loðið hugtak

Donald Trump hefur sagt að hann muni lýsa yfir neyðarástandi til að fá vald til að veita fé úr almannavarnasjóði til byggingar landamæraveggjar sem hann lofaði að Mexíkó myndi greiða. Það er auðvitað ekkert neyðarástand. Fólk í leit að betra lífi reynir að komast til Bandaríkjanna þar sem það eykur hagvöxt og auðgar menningu. Hert landamæraeftirlit undanfarinna áratuga hefur haft öfug áhrif við það sem að var stefnt. Í stað þess að farandverkamenn komi og fari yfir landamærin eftir þörfum þá kemur fólk til Bandaríkjanna og snýr ekki aftur af ótta við að komast ekki þangað aftur. Trump ýtir undir útlendingaandúð til að sameina fólk að baki sér. Þetta er gamalt trikk popúlista.

Þessi staða er góð áminning um mikilvægi þess að takmarka völd stjórnmálamanna. Þegar þeim eru veitt völd með stjórnarskrá eða lögum er gjarnan gert ráð fyrir að þeim verði beitt með þjóðarhag í huga. Dæmin sanna að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því. Eins manns þjóðarheill er annars þjóðarböl. Í Bandaríkjunum hafa forsetar beitt slíku valdi til að setja saklausa borgara af japönskum ættum í fangabúðir í seinni heimsstyrjöldinni og til að leyfa pyntingar eftir hryðjuverkaárásirnar 2001.

Á Íslandi eru borgararnir varðir gegn ofríki stjórnmálamanna með stjórnarskrá, ekki síst mannréttindaákvæðunum. Á þeim eru þó stundum undantekningar, t.d. ef almenningsþörf krefur. Með dómum Hæstaréttar hefur löggjafanum (stjórnmálamönnum) svo verið eftirlátið að skilgreina þessa almenningsþörf. Það er brýnt að við verðum á varðbergi, ekki síst vegna vaxandi áhrifa popúlista í nágrannalöndum okkar.











*Verð miðast við WOW basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Gildir þegar bókað er flug báðar leiðir.

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS